14



Sápur og egg til sölu

18



Búseta á Bifröst

20–21



Vinnueftirlit í landbúnaði: Fólk sér ekki hætturnar

Bændablaðið

15. tölublað 2020 • Fimmtudagur 30. júlí • Blað nr. 568 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hin þýska Fee Zanke frá fyrirtækinu Sprettu kynnti og seldi grænsprettur, sem þau rækta í miklu úrvali, á markaði Austurlands Food Coop á Skúlagötu á dögunum. Fyrirtækið framleiðir yfir 20 tegundir af grænsprettum sem seldar eru í gegnum Heimkaup, Melabúðina og Krónuna á Granda en ásamt því er opið hús hjá fyrirtækinu alla laugardaga á Fiskislóð úti á Grandagarði. Fyrirtækið vinnur nú að því að finna fleiri sölustaði en að sögn Fee hefur virkað vel að vera sýnileg og hitta viðskiptavini beint sem vilja gjarnan smakka og prófa vörurnar áður en þeir kaupa þær. Mynd / TB

Hámarksverð á greiðslumarki mjólkur færir greininni stöðugleika

– Verð fyrir mjólkurkvóta verður að hámarki 294 krónur á lítra. Dregur úr óvissu í mjólkurframleiðslunni, segir formaður kúabænda.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga samþykkti með einföldum meirihluta atkvæða að leggja til við landbúnaðarráðherra að hámarksverð á næsta markaði með greiðslumark í mjólk verði þrefalt afurðastöðvaverð, eða 294 kr. Ákvörðunin á að gilda fram að næstu endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar árið 2023.

Fulltrúar bænda í framkvæmdanefnd búvörusamninga höfðu áður lagt til tvöfalt afurðastöðvaverð sem ætti að gilda út samningstíma nautgriparæktarsamnings til ársins 2026. Ekki náðist sátt um þá tillögu innan nefndarinnar og því varð úr að Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands lögðu fram sameiginlega tillögu í framkvæmdanefndinni þar sem lagt var til þrefalt afurðastöðvaverð sem verðþak á greiðslumark út samningstímann. Fram kom í þeim rökstuðningi, sem tillögunni fylgdi, að ljóst væri að bændur vildu hafa hámarksverð á markaði og skipti þar stöðugleikinn mestu máli svo hægt sé að vinna rekstraráætlanir.

Þrýstingur á breytingar

Mikill þrýstingur hefur verið á breytingar á fyrirkomulagi kvótamarkaðar, m.a. vegna nýlegrar ákvörðunar um lækkun á verði umframmjólkur úr 29 kr. í 20 kr. á lítrann. Eftirspurn eftir greiðslumarki er gríðarleg en framboðið lítið. Það sýndi sig í niðurstöðum síðasta markaðar 1. apríl sl. þegar hámarksverð var 185 krónur eða sem nam þá tvöföldu lágmarks afurðastöðvaverði. Á þeim markaði voru 9 gild sölutilboð og 218 gild kauptilboð. Greiðslumark sem boðið var fram voru alls 586.046 lítrar en óskað var eftir 9.836.190 lítrum. Eftirspurnarmagn var því tæplega sautjánfalt á við framboðsmagnið.

Gera ráð fyrir auknu framboði

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, segist gera ráð fyrir því að breytingin á hámarksverðinu feli í sér aukið framboð á greiðslumarki til sölu. Hann segist jafnframt vona að það muni takast að sætta sem flest sjónarmið varðandi viðskipti með greiðslumark. Nú dragi úr óvissu sem færi greininni ákveðinn stöðugleika.

„Staðan hefur auðvitað verið mjög erfið undanfarin ár og nær algjört frost verið með viðskiptin. Ég tek það skýrt fram að um hámarksverð er að ræða en ekki fast verð og bændur haga auðvitað sínum tilboðum eftir því sem passar fyrir þeirra rekstur.“

Komið til móts við nýliða

Arnar segir að nú sé búið að skýra betur hvernig forkaupsréttur nýliða á markaðnum gengur fyrir sig. „Nýliðar eiga forkaupsrétt á 5% af því magni sem í boði er hverju sinni og mun það hlutfall skiptast milli nýliða og engra annarra í samræmi við þann lítrafjölda sem þeir óskuðu eftir að kaupa. Það greiðslumark sem þá er eftir, eða hin 95%, eru svo boðin öllum öðrum kaupendum á sama hátt, sem og aðilum sem nutu forgangs. Þetta virkar því núna á sama hátt og þegar innlausn ríkisins var við lýði. Kvótamarkaðurinn byggist upp á jafnvægisverði og því sitja allir við sama borð þegar kemur að 95% af framboðnu magni. Með reglum um hámarksverð, ásamt hámarki á hvað hver framleiðandi getur keypt mikið magn á hverjum markaði og að enginn getur átt meira en sem nemur 1,2% af heildargreiðslumarki hvers árs, ætti staða nýliða ekki að vera ólík stöðu annarra sem óska eftir greiðslumarki í gegnum markaðinn,“ segir Arnar.

Á markaði sem haldinn verður þann 1. september verður hámarksverð 294 kr. og mun krónutalan uppfærast samhliða breytingum á afurðastöðvaverði framvegis. Næsti markaður með greiðslumark er 1. september næstkomandi en bændur þurfa að skila inn tilboðum um kaup eða sölu fyrir 10. ágúst. */TB*

FRÉTTIR



Rúlluheyskapur. Mynd / MHH

Þriðji sláttur á Suðurlandi

Sláttur hefur gengið mjög vel á Suðurlandi það sem af er sumri.

Margir kláruðu fyrsta slátt snemma, annar sláttur er hafinn á einhverjum bæjum og reiknað er með að bændur, að minnsta kosti undir Eyjafjöllum og í Landeyjum, nái þriðja slætti þar sem fyrst var byrjað.

„Ég er aðeins hissa á hvað rúlluheyskapurinn heldur velli þar sem stæðugerðin er spennandi kostur og lítið eða ekkert plast. En rúlluheyskapur hefur marga kosti enda er hann fljótlegur og menn geta nýtt glýjur og verið sjálfbjarga," segir Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands.

/MHH

Stofna skrifstofu landbúnaðarmála

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir laus embætti þriggja skrifstofustjóra en með ráðningunum á að efla fagskrifstofur ráðuneytisins og skerpa á skiptingu málaflokka.

Frá 1. október nk. verða þrjár nýjar fagskrifstofur settar á fót í stað tveggja. Um er að ræða skrifstofu landbúnaðarmála, skrifstofu matvælaöryggis og fiskeldis og skrifstofu sjávarútvegsmála. Á hverri skrifstofu um sig munu starfa 8–10 manns.

Skrifstofa landbúnaðarmála fer m.a. með málefni er varða búvörusamninga, landbúnaðarland, starfsskilyrði landbúnaðar, greiningar og þátttöku í gerð viðskiptasamninga. Á skrifstofu matvælaöryggis og fiskeldis verða málefni sem varða heilbrigði afurða landbúnaðar og sjávarútvegs, dýravelferð og fiskeldis í hafi og á landi.

Hæfniskröfur eru m.a. meistarapróf á háskólastigi sem nýtist í starfi. Umsóknarfrestur er til 12. ágúst en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar í embættin til fimm ára frá 1. október 2020. */TB*

Afkoma MS batnar

Samkvæmt ársreikningi Mjólkursamsölunnar fyrir 2019 batnaði afkoma hennar frá árinu þar á undan. 167 milljón króna hagnaður var á starfsemi MS á síðasta ári.

Ari Edwald, forstjóri MS, segir að afkoma af reglulegri starfsemi eftir skatt sé sú sama 2018 og 2019, eða hagnaður upp á tæpar 170 milljónir króna. „Munur á niðurstöðu milli ára felst í gjaldfærslu árið 2018 á sekt Samkeppniseftirlitsins vegna meintra brota á samkeppnislögum. Það mál er nú fyrir Hæstarétti en gjaldfærsla var engu að síður framkvæmd þegar héraðsdómur lá fyrir.

„Ég tel niðurstöðuna á síðasta ári viðunandi miðað við aðstæður. Það voru engar verðhækkanir á sölusvörum MS á árinu 2019 en miklum kostnaðarhækkunum var mætt með hagræðingu," segir Ari Edwald. *MH*

Greiðslumiðlunarfyrirtækið Korta heldur eftir kreditkortagreiðslum aðila í ferðaþjónustu:

Ekki fengið greitt í marga mánuði

Greiðslumiðlunarfyrirtækið Korta hefur haldið til baka kreditkortagreiðslum til ferðaþjónustufyrirtækja innan vébanda Ferðaþjónustu bænda og fleiri aðila í ferðaþjónustu. Dæmi eru um að fyrirtæki hafi ekki fengið greiddar kreditkortafærslur í marga mánuði.

Ólöf Hallgrímsdóttir hjá Vogafjósi ehf. segir að Korta hafi ekki borgað þeim út greiðslur sem greiddar hafa verið með kreditkortum. „Korta borgar okkur allar debetgreiðslur samkvæmt samningi en kreditgreiðslur virðast koma eftir geðþóttaákvörðunum fyrirtækisins. Þeir hafa aðeins verið að borga okkur út undanfarið en af og frá að þeir hafi gert það samkvæmt gildandi samningi."

Jóhannes Már Sigurðsson, lögfræðingur Vogafjóss ehf., segist hafa verið í sambandi við Korta og lagt fram beiðni um hvort þeir séu tilbúnir að færa samninginn við Vogafjós um dagleg uppgjör til fyrra horfs en það voru þeir sem breyttu honum einhliða. „Að þeirra sögn er verið að fara yfir það og þeir segja að næsta greiðsla eigi að koma fljótlega. Lögmæti þess að breyta samningnum er enn í skoðun og ólíklegt að niðurstaða eða álit um það verði komin fyrr en eftir nokkra daga. Við bíðum einnig eftir svari þeirra um kröfu Vogafjóss um að upprunalegur samningur standi og verði virtur. Korta ber því við að sökum COVID-19 hafi aðstæður breyst og að því sé þeim heimilt að breyta samningnum. Ég er því enn að meta réttarstöðu Vogafjóss og vonandi skýrist hún á næstu dögum."

Fleiri að lenda í þessu

Sölvi Arnarsson, bóndi að Efstadal II og formaður Félags ferðaþjónustubænda, segir að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi sé það rétt að greiðslumiðlunarfyrirtækið Korta hafi ekki gert upp greiðslukortagreiðslur við marga af félagsmönnum í Félagi ferðaþjónustubænda samkvæmt samningi. „Ég hef upplýsingar um sjö af okkar bæjum sem hafa lent í þessu, en ég hef líka heyrt um að það séu fleiri en okkar fólk sem ekki fær



Kreditkortagreiðslur frá greiðslumiðlunarfyrirtækinu Korta til rekstraraðila Vogafjóss berast ekki samkvæmt samningi. Mynd / Vogafjós

greitt. Upphæðirnar sem um ræðir eru misjafnar eftir fyrirtækjum. Sú hæsta sem ég hef heyrt er um 15 milljónir."

Að sögn Sölva er Félag ferðaþjónustubænda með lögfræðing sem er búinn að skoða málið í nokkra mánuði. „Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hefur Korta ekki greitt út neinar fyrirframgreiðslur sem fyrirtækið gæti hugsanlega orðið skaðabótaskylt fyrir nema að undangenginni skoðun á bókhaldi fyrirtækisins sem á að fá greiðslurnar. Slík krafa er að öllu leyti mjög óeðlileg."

Búið að veita þjónustu en ekkert greitt

Bryndís Óskarsdóttir hjá Ferðaþjónustunni Skjaldarvík segir að Korta hafi haldið til baka öllum kreditkortagreiðslum til þeirra frá því um mánaðamótin mars og apríl. „Ég er ekki bara að tala um fyrirframgreiðslur heldur öllum kreditkortagreiðslum sem við höfum tekið á móti síðan þá og í dag eigum við inni hjá þeim heilmiklar fjárhæðir sem virkilega skipta máli fyrir lítið fyrirtæki eins og okkar. Umræddar fjárhæðir sem Korta heldur eftir bera litla eða enga vexti á meðan okkar fyrirtæki þarf að fjármagna sig með dýrum lánum í gegnum banka.

Samkvæmt svörunum sem við höfum fengið segist Korta vera að vernda rétt korthafa sem hafa greitt fyrirfram með kreditkorti en það sem þeir halda eftir frá okkur eru bæði greiðslur fyrir veitta þjónustu sem og fyrirframsölu, sem er nánast einvörðungu svokallaðar óendurkræfar bókanir, en við höfum í ljósi aðstæðna boðið þeim gestum sem áttu hjá okkur slíkar bókanir að fá inneignarnót."

Að sögn Bryndísar er hún búin að skipta um kortafyrirtæki.

Bryndís hafði samband við blaðið skömmu áður en það fór í prentun og sagðist hafa verið að fá tilkynningu frá Kortu um að hún fengi hluta greiðslnanna, sem þeir hafa haldið eftir, fljótlega.

Fleiri gististaðir í sömu sporum

Guðjón Árnason, sem rekur Downtown Reykjavík Apartments, segir að Korta skuldi sér rúmar 5 milljónir króna frá því í mars. „Hluti skuldarinnar er vegna fyrirframgreiddrar þjónustu en það sem stendur eftir frá því í mars er löngu frágengið við ferðamenn frá þeim tíma, annaðhvort sem inneign eða sem endurgreiðsla, en Korta heldur peningunum enn þá. Upphaflega var skuldin 17 milljónir króna en af henni standa 5 milljónir eftir hjá Korta og án allra forsenda. Það sem meira er að ég veit um mörg önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu sem eru í sömu stöðu. Félag hótel- og gistihúsaeigenda er farið að vinna í málinu með okkur."

/VH

Korta hafnar ásökunum um ólögmætar aðgerðir

Bændablaðið leitaði til greiðslumiðlunarfyrirtækisins Korta vegna fullyrðinga um að fyrirtækið héldi eftir kreditkortagreiðslum vegna fyrirframgreiddrar þjónustu.

Í yfirlýsingu frá Korta segir: „Korta bendir á að vegna COVID-19 faraldursins og áhrifa á ferðaþjónustuaðila hafi félagið kallað eftir upplýsingum um fyrirframsölu frá viðskiptavinum og framkvæmt nýtt áhættumat, sem í sumum tilvikum hafi haft áhrif á uppgjörstíðni.

Langflestir viðskiptavinir hafi sýnt þessum aðgerðum skilning. Aðeins hafi fáeinir aðilar neitað að skila gögnum.

Ástæða aðgerðanna er möguleg endurkröfuáhætta Korta vegna fyrirframsölu ferðaþjónustuaðila. Sú meginregla gildir í viðskiptum að neytandi sem hefur greitt fyrir þjónustu sem hann fær ekki notið, á eftir atvikum og að uppfylltum skilyrðum hverju sinni, rétt til endurgreiðslu. Þessi regla er meðal annars áréttuð í skilmálum alþjóðlegu greiðslukortafyrirtækjanna, Visa og Mastercard, sem færsluhirðar eins og Korta starfa eftir, og er grundvöllur þess trausts sem notkun greiðslukorta byggir á. Í þessu felst að korthafi getur gert kröfu um endurgreiðslu þjónustu sem greitt hefur verið fyrir, ef söluaðili getur af einhverjum ástæðum ekki veitt þjónustuna, burtséð frá afbókunarskilmálum bókunar.

Af þessum sökum áskilur Korta sér, líkt og aðrir færsluhirðar, rétt til að kalla eftir upplýsingum og framkvæma áhættumat til að meta endurkröfuáhættu. Korta hafnar því að aðgerðir félagsins stangist á við lög eða séu óeðlilegar. Þvert á móti eru heimildir til upplýsingaöflunar og til að halda eftir uppgjöri í fullu samræmi við lög um greiðsluþjónustu og reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Aðgerðirnar byggja á skýrum ákvæðum í skilmálum Korta og verklagi sem viðhaft er hjá færsluhirðum um heim allan. Slíkar heimildir eru enn fremur eðlilegar til að gera Korta kleift að hafa skýra yfirsýn yfir endurkröfuáhættu félagsins gagnvart söluaðila og til að takmarka áhættu.

Mikils misskilnings gætir í umræðunni um eðli færsluhirðingar og endurkröfurétt korthafa. Félagið hefur fullan skilning á erfiðum aðstæðum margra ferðaþjónustuaðila og hefur eftir fremst megni reynt að taka tillit til þeirra við úrlausn mála.

Korta áréttir að allir fjármunir sem félagið móttekur eru tryggilega varðveittir á sérgreindum vörslureikningi í samræmi við gildandi lög."

/VH

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga og Fjallalamb á Kópaskeri:

Engar ákvarðanir um afurðaverð

– Gert ráð fyrir erlendu starfsfólki en meiri tilkostnaði við að koma því til landsins

„Stefna okkar er að gera ávallt okkar besta í að greiða raunhæft afurðaverð sem byggir á markaðs- og rekstrarlegum forsendum," segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS.

Ákvörðun um afurðaverð í komandi sláturtíð hjá KS liggur ekki fyrir, en búið er að gefa út álagsgreiðslur fyrir fyrstu vikurnar. Hann segir þó líklegt að farið verði yfir það og metið hvort þörf sé á endurskoðun á því sem áður hefur verið kynnt. Það yrði gert fljótlega.

Ágúst segir að birgðastaða verði í lágmarki þegar slátrun hefst í haust og því minni þörf á útflutningi.

„Það er eins og gengur að sumt fellur með, annað á móti. Við erum að meta þetta og ræða við okkar helstu kaupendur um hvernig verð geti þróast í haust. Þegar það liggur fyrir þá munum við gefa út upphafsverð og meta það svo þegar fram líður hvort við getum bætt einhverju við, eins og verið hefur," segir Andrés.



Ágúst Andrésson.

Líklegt að slátrun hefjist 24. ágúst

Stefnt er að því að hefja slátrun hjá KKS dagana 24. eða 25. ágúst en nokkru síðar hjá SKVH á Hvammstanga, eða 7. september. Ágúst kveðst vonast eftir sambærilegu innleggi og á liðnu hausti en félagið gæti bætt við sig.

Aukinn kostnaður við að koma fólki til landsins

Hvað mönnun sláturhúsa varðar segist hann gera ráð fyrir að leysa málin með erlendu vinnuafli líkt og verið hefur undanfarin ár.

„Aðalmálið er að finna út úr því hvað við þurfum að gera til að koma manskapnum til okkar, vinna það í tíma til að gæta fyllsta öryggis í sóttvörnum vegna kórónuveirunnar. Hvernig sem á það er litið þá mun fylgja því aukinn kostnaður," segir Ágúst. Sú breyting verður þó á í haust að nýsjálenskir slátrarar verða ekki að störfum hjá KKS í haust og því þarf að þjálfa annað starfsfólk í þær stöður sem þeir áður gegndu. „Við munum að öllum líkindum fara aðeins hægar af stað með minni slátrun hvern dag," segir hann.

Fjallalamb tjáir sig ekki um viðmiðunarverð LS

Sláturtíð hjá Fjallalambi á Kópaskeri hefst 15. september og henni lýkur í lok október. Hugsanlega verður einhver forslátrun fyrr, að sögn Björns Víkings Björnssonar framkvæmdastjóra.



Björn Víkingur Björnsson.

Hann segir að margir af starfsmönnum fyrri ára hafi sótt um vinnu í sláturtíð hjá Fjallalambi en kórónuveiran hafi veruleg áhrif þar á. „Það snýst allt um það að koma eins og mögulegt er í veg fyrir að smit komist inn í fyrirtækið. Þess vegna vil ég frekar ráða fólk sem býr á Íslandi, en það er lítið sótt um."

Björn Víkingur segir birgðastöðu fyrirtækisins nokkuð góða. Hann vill ekki tjá sig um viðmiðunarverð sem Landssamtök sauðfjárbænda gáfu út fyrir nokkru. „En hækkun til bænda hlýtur að vera háð væntingum okkar um hækkanir úti á markaði," segir Björn Víkingur.

/MÞÞ



TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á

can-am

BRP



CANAM TRAXTER
HD5

VERÐ ÁN VSK
2.170.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK
2.690.000 KR.



CANAM TRAXTER
PRO HD8

VERÐ ÁN VSK
2.730.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK
3.390.000 KR.

BRP@ELLINGSEN.IS

ELLINGSEN.IS

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR



Gamli rjómaosturinn þykir stífari en sá nýi. Mynd / MS

Gamli rjóma-osturinn fæst á ný

Það varð uppi fótur og fit á samfélagsmiðlum í vetur þegar nýr rjómaostur frá MS var settur á markað. Neytendur brugðust margir hverjir ókvæða við og sögðu að nýr og mýkri rjómaostur hentaði verr til matargerðar en sá gamli. Nú hefur MS gefið út að gamla uppskriftin að rjómaosti sé fáanleg í búðum á ný.

„Til að koma til móts við sem flesta neytendur var ákveðið að setja gamla rjómaostinn aftur á markað og verður hann fáanlegur í verslunum samhliða þeim nýja. Gamli rjóma-osturinn er stífari en sá nýi og hentar einkar vel í eðlur, ídýfur og aðra heita rétti. Gamli rjómaosturinn kemur í 200 g umbúðum og vonum við að neytendur sem hafa saknað þess gamla geti nú tekið gleði sína á ný," segir í tilkynningu frá MS. */TB*



Hrönn Jörundsdóttir. Mynd / Matís

Hrönn Jörundsdóttir nýr forstjóri MAST

Doktor Hrönn Jörundsdóttir hefur verið skipuð í embætti forstjóra Matvælastofnunar til næstu fimm ára.

Hrönn er með BS-gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands og lauk MS-prófi í umhverfisefnafræði árið 2002 frá Stokkhólmsháskóla. Árið 2009 lauk hún einnig doktorsgráðu í umhverfisefnafræði frá sama skóla og hefur unnið hjá MATÍS undanfarin 11 ár. Frá árinu 2016 hefur hún verið stjórnandi hjá MATÍS þar sem hún hefur stýrt fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum rannsóknaverkefnum, stefnumótun, rekstri og ráðgjafarverkefnum. Einnig hefur Hrönn verið formaður áhættumatsnefndar á sviði matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru frá árinu 2019. Hún hefur enn fremur sérhæft sig á sviði matvælaöryggis, áhættumats og áhættumiðlunar.

Alls bárust átján umsóknir um starf forstjóra Matvælastofnunar. Mat hæfnisnefnd fimm umsækjendur vel hæfa til þess að gegna starfinu. Í kjölfarið boðaði ráðherra þá í viðtal þar sem ítarlega var farið ofan í einstaka þætti starfsins og sýn umsækjenda. */VH*

Kaffihlaðborð um verslunarmannahelgina

Húsfreyjurnar í Hamarsbúð á Vatnsnesi í Húnaþingi bjóða upp á hið rómaða kaffihlaðborð um verslunarmannahelgina. Hlaðborð Húsfreyjanna byggir á grónum matarhefðum Vatnsness en boðið er upp á rjómapönnukökur, parta, skonsutertu, reyktan silung og kæfu, rabarbaraköku, randalínu, kanil- sem og möndlutertu og margt annað gómsætt og gott.

Opið er 1. og 2. ágúst milli kl. 14 og 18. Verð á hlaðborði er kr. 2.000 fyrir 13 ára og eldri en kr. 1.000 fyrir 6–12 ára. Gestir eru beðnir að koma með reiðufé þar sem enginn posi er á staðnum.

Kúa- og svínabændur í Norðurgarði hefja framleiðslu á útiræktuðu grænmeti:

Lífleg brokkolí- og blómkálsrækt á Skeiðunum

Bændurnir á Norðurgarði á Skeiðum ákváðu að hefja tilraunaræktun með blómkál og brokkolí á vormánuðum og um þessar mundir byrja þau að uppskera brokkolí en blómkálið á aðeins lengra í land. Ef vel gengur hyggjast þau færa enn frekar út kvíarnar og prófa fleiri tegundir, eins og kínakál og hvítkál, á næsta ári.

Hjónin Ásmundur Lárusson og Matthildur Elsa Vilhjálmsdóttir reka sextíu kúa mjólkurbú á Norðurgarði ásamt því að vera með uppeldisgrísi fyrir Laxárdal. Nú bætist einnig útiræktunin við sem er á um 15 hektara svæði.

„Þar sem sonur okkar og jafnvel báðir synirnir eru að koma inn í reksturinn hugsuðum við leiðir til að hafa meiri fjölbreytileika og ákváðum að prófa þessa ræktun. Síðan finnst mér þetta í raun mjög skemmtilegt svo það verður spennandi að sjá hvernig þetta þróast. Við sáðum þessu út í bakka í gróðurhúsi til að byrja með hérna heima um miðjan aprílmánuð áður en þessu var plantað út," útskýrir Ásmundur.



Ásmundur Lárusson, bóndi á Norðurgarði á Skeiðum, sáði út, ásamt fjölskyldu sinni, brokkolí og blómkáli í vor til að auka fjölbreytni í framleiðslu á bænum. Myndir / ehg



Jafnt stórir sem smáir hjálpuðu til við að setja niður plönturnar í vor en bændurnir fengu lánaða vél frá Flúðum.



Brokkolí- og blómkálsplönturnar líta vel út og fara bændurnir senn að uppskera brokkolí þar sem hausarnir eru um 3–400 gramma stórir þegar þeir eru sendir í verslanir.

Horfa til meiri fjölbreytni

Ef vel gengur setja hjónin stefnuna á að koma sér upp gróðurhúsi næsta vor fyrir enn frekari ræktun. Nú styttist í að þau geti farið að uppskera brokkolí en blómkálið á örlítið lengra í land.

„Þetta eru vörur sem vantar virkilega á markaðinn, það er úr íslenskri ræktun sem er fullmögulegt. En þetta er töluvert bras og mikil vinna í kringum þetta. Við erum að uppskera í kringum 3–400 gramma hausa og hefur varan um fimm vikna geymsluþol. Við ákváðum að fara í samstarf við Sölufélagið sem kemur hingað og sækir og sér um að pakka vörunni fyrir verslanir," segir Ásmundur og bætir við:

„Það var kalt í vor en það virðist ekki koma að sök, þessi ræktun hentar vel fyrir íslenskar aðstæður. Nú erum við strax farin að hugsa um fleiri möguleika, það er að hafa meiri fjölbreytni og horfum við til kínakáls og hvítkáls næsta vor. Við notum engin eiturefni við ræktunina, einungis áburð og síðan fer afskurðurinn í kýrnar svo það er hámarksnýting á afurðinni. En þetta útheimtir mannskap, bæði þegar sett er niður og við upptöku og það þarf að gera í góðu veðri svo það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga eins og við búskap almennt." */ehg*



Tún og rýgresisnýræktir í Kaldakinn líta ágætlega út. Mynd / HM

Formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga:

Hægt að ná góðri uppskeru verði veður gott fram á haustið

„Heilt yfir gengur vel hér á svæðinu. Það er enn mikið eftir af sumrinu og ef haustið verður gott ætti að nást að heyja vel," segir Haukur Marteinsson, formaður Búnaðarsambands S-Þingeyinga og bóndi á Kvíabóli í Kinn.

Hann segir að skortur á vætu hafi sett svip sinn á fyrri hluta sumars, en hefði ekki endilega haft afgerandi áhrif á fyrsta slátt, þótt dæmi væru vissulega um það frá einhverjum stöðum. „Það hefur rignt vel síðustu daga og þó það hafi líka verið kalt hef ég heyrt af því að bændur hafi borið á meiri áburð eftir slátt en vanalega í von um auka uppskeru," segir Haukur.

Endurrækt túna með mesta móti

Kal var gríðarmikið í sýslunni á liðnu vori og segir Haukur að búið sé að taka út kal á yfir 50 bæjum og sé það á bilinu frá 40 og upp í 90% á milli bæja, þannig að jarðrækt og endurvinnsla túna hafi verið með allra mesta móti.



Haukur Marteinsson.

Spretta í nýræktun er að jafnaði góð og telur Haukur að heilmikil uppskera geti náðst það sem eftir lifir sumar og fram á haust verði veður með skaplegum hætti. „Þó er auðvitað misjafnt hversu snemma að vorinu menn komust í að vinna upp tún og vissulega hefur það áhrif þar sem nýlega var búið að sá og að lenda í kjölfarið í þurrkum. Þær nýræktir sem sáð var í fyrst munu gefa mestu uppskeruna," segir Haukur. */MÞÞ*

Haustslátrun hjá SS hefst 4. september:

Engir slátrarar koma frá Nýja-Sjálandi í ár

Haustslátrun sauðfjár hefst hjá Sláturfélagi Suðurlands á Selfossi föstudaginn 4. september en reiknað er með að slátra um 106.000 fjár í ár.

„Við ætluðum að vera til 4. nóvember en vegna kórónuveirunnar þá fáum við ekki atvinnuslátrara frá Nýja-Sjálandi og höfum því ákveðið að framlengja slátrunina strax um tvo daga, eða til 6. nóvember," segir Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS.

120 starfsmenn ráðnir

Benedikt segir að Íslendingar sæki lítið sem ekkert um störf í sláturtíðinni og því verður erlent starfsfólk frá Póllandi ráðið í meira mæli en áður, en alls verða ráðnir um 120 starfsmenn í sláturtíðina.

„Við reiknum með að það gangi að ráða Pólverjana með því að skima á landamærum og svo aftur 4–5 dögum eftir komu til landsins því það er mikilvægt að ekki berist smit inn í sláturhús því það getur haft alvarlegar afleiðingar ef slátrun stoppar. Við þurfum einnig að grípa til fleiri aðgerða til að hefta líkur á smiti með því að setja upp bráðabirgðaaðstöðu til að stækka matsal svo meira bil sé á milli fólks í matsalnum og einnig mun aðgangur annarra en starfsmanna vera bannaður til að minnka líkur á smiti á meðan sláturtíð stendur," bætir Benedikt við. */MHH*




Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS. Myndir / MHH



SS reiknar með að slátra um 106 þúsund fjár á Selfossi í haust og að ráða þurfi 120 starfsmenn sértaklega í sláturtíðina.

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni



Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI


41,9% á landsbyggðinni

21,9% á höfuðborgarsvæðinu

29,2% landsmanna lesa Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt.-des. 2019.

Bændablaðið
Hvar auglýsir þú?



Bændablaðið / Bændahöllin við Hagatorg / Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is & Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Sími:** 563 0332 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Gætum hagsmuna hver annars

Það er áþreifanleg spenna í þjóðfélaginu þrátt fyrir að nú séu flestir landsmenn í sumarleyfum. Bannsett kórónuveiran er að sækja í sig veðrið á ný og fjöldi nýrra smita minnir okkur á að fara að öllu með gát. Veðurspá verslunarmannahelgarinnar er með þeim hætti að áhyggjur af útisamkomum sem ögra fjöldatakmörkunum virðast óþarfar. Einhver gárungurinn sagði að Þórólfur sóttvarnalæknir hefði verið bænheyrður þegar hann sá rigningarmerkin í veðurkortunum. Kári Stefánsson birtist í fréttatímanum í vikunni og tilkynnti þungur á brún að Íslensk erfðagreining ætlaði að taka til við skimun á ný. Hrós til Kára og hans fólks!

Þrátt fyrir ferðagleði landans hvílir skuggi yfir ferðaþjónustunni sem berst í bökkum. Þar hafa margir misst vinnuna á síðustu vikum og það er sárt. Fjöldi fyrirtækja er tæknilega gjaldþrota og ljóst að kraftaverk þarf til að rekstur margra þeirra geti haldið áfram óbreyttur. Samkvæmt mælingum Hagstofunnar var fjöldi atvinnulausra í júní 8.300 manns, eða um 4,1% af vinnuaflinu í landinu. Þessar tölur eiga vafalaust eftir að hækka í haust þegar sumarvertíðinni lýkur. Annars er óvissan mikil og enginn getur í raun og veru spáð fyrir um þróunina. Við sjáum hins vegar að staðan er alvarleg. Þær fréttir sem berast af lífróðri Icelandair endurspegla vandann í atvinnugreininni. Stjórnendur eru ekki öfundsverðir þegar þeir horfa fram á algjört tekjuhrap og kjarasamninga sem er ógjörningur að standa við í því ástandi sem nú ríkir. Vinnudeila flugfreyja og stjórnenda Icelandair sýnir svart á hvítu hvað harkan er mikil og veruleikinn óblíður þegar harðnar á dalnum. Flugfreyjum var stillt upp við vegg þegar þeim var sagt upp á einu bretti í kjölfar viðræðuslita. Svo náðist samningur sem báðir aðilar eru örugglega ekki fyllilega sáttir við þótt menn segi annað í sjónvarpsviðtölum. Eftir situr minna traust, beiskja og særindi.

Sú hætta er veruleg þegar illa árar í efnahagslífinu að brotið sé á réttindum launafólks eða mörg skref stigin til baka í þeirra réttindabaráttu. Á dögunum kom undirritaður á bensínstöð og gaf sig á tal við afgreiðslumann. Hann var þreytulegur og sagði farir sínar ekki sléttar. Eigendurnir eru búnir að skera allt inn að beini og fækka starfsfólki. Afgreiðslumaðurinn var einn á 8 tíma vakt þar sem hann hafði ýmis hlutverk; aðstoða bíleigendur, afgreiða pylsur og hella upp á kaffi. Hann þarf að læsa bensínstöðinni þegar hann bregður sér á salernið og engan hvíldartíma fær hann á meðan vinnutíma stendur, hvorki kaffi- né matartíma. Ég hváði og spurði hvort þetta væri yfir höfuð hægt að bjóða nokkrum manni. „Maður getur svo sem ekki kvartað þegar atvinnuástandið er eins og það er," sagði hann.

Samfélagið ætti allt að hafa þetta í huga og halda vöku sinni. Pössum líka upp á okkar minnstu bræður og systur. Sparnaður og niðurskurður í velferðarkerfinu verður kominn á dagskrá áður en við vitum af. Fljótt gengur á féð í ríkiskassanum og alþingismenn geta tæplega stofnað til nýrra útgjalda á næstu misserum.

En það er ekki allt að fara til fjandans og best að minna sig á það í öllum bölmóðinum. Við sem störfum í landbúnaðinum höfum ástæðu til að gleðjast yfir góðri tíð og ágætri sölu á okkar afurðum. Ástæða er til að þakka tryggð neytenda sem hafa sýnt svo ekki verður um villst að þeir eru þakklátir fyrir íslenska matvælaframleiðslu og aðrar afurðir bænda.

/TB

Veljum íslenskt fyrir umhverfið og efnahaginn

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is





Mynd / BBL

Á sumarleyfistímum er lítið um að vera í hinu opinbera kerfi. Allir njóta þess að ferðast innanlands eins og ráðlegging þríeykisins hljómaði í upphafi sumars. Það er ánægjulegt að sjá og finna hversu Íslendingar eru duglegir að nýta það sem landið okkar hefur upp á að bjóða. Bæði í afþreyingu og þjónustu úti um allt land. Ferðaþjónustan í hinum dreifðu byggðum nýtur góðs af því þessar fáu vikur sem við leyfum okkur að hverfa frá amstri hversdagsins. Við sem einstaklingar beinum okkar viðskiptum að innlendum þjónustuaðilum sem nú sakna sárlega allra erlendu gestanna sem voru margfalt fleiri en búa hér á landinu bláa. Eitthvað er nú að glæðast í þeim efnum en ég hef talsverðar áhyggjur af þeim tíðindum sem berast frá Evrópu vegna svokallaðrar seinni bylgju kórónuveirunnar. Sums staðar er rætt um að taka upp ferðatakmarkanir að nýju sem vekur okkur til umhugsunar hversu lengi þetta ástand kemur til með að vara. Ferðaþjónustan á ekki sjö dagana sæla og þarf að þreyja þorrann og góuna. Rekstraraðilar sjá þegar fram á mikið tekjufall og margir ágætir starfsmenn í ferðaþjónustunni eru nú atvinnulausir. Í ljósi þess verðum við að treysta því að ríki og sveitarfélög ásamt bankakerfinu komi til með að sýna ástandinu skilning.

Kolefnisspor matvælaframleiðslunnar

Alltaf sprettur upp umræða um kolefnisspor íslensks landbúnaðar og sumir halda því fram að hann sé mesti skaðvaldur í öllum kolefnissporum landsins. Það er af og frá. Við höfum lifað í gegnum aldir á afurðum okkar hér heima og eigum að vera stolt af því. Það eru talsverð kolefnisspor af innflutningi og einnig af framleiðslunni í öðrum löndum. Við bændur getum lagt heilmikið af mörkum til þess að bregðast við loftslagsvandanum. Nýleg umhverfisstefna Bændasamtakanna rammar ágætlega inn vilja bænda. Við viljum stunda landbúnað á Íslandi í sátt við náttúruna og alla þegna landsins. Það eru mörg tækifæri sem liggja í betri búskaparháttum og bændur geta sótt fram á mörgum sviðum. Við eigum til dæmis alltaf að keppa að bættri afurðasemi gripa, betri nýtingu á tilbúnum áburði og búfjáráburði, loftslagsvænni ræktunaraðferðum og nýta orkuna eins vel og hægt er. Þannig leggjum við okkar af mörkum.

Umræðan um loftslagsmálin er hins vegar flókin og tekur á sig ýmsar myndir. Það sem einum þykir augljós sannleikur einn daginn getur verið hin mesta bábilja þann næsta. Mér þótti athyglisvert að ræða plastnotkun við finnska kollega mína í garðyrkjunni fyrir nokkru. Þeir hafa fengið háskóla í Finnlandi til að gera úttekt á þeirra málum. Meðal annars var metið hvaða áhrif plastnotkun í gúrkuframleiðslu hefði á sótsporið. Niðurstaðan var sú að gúrka í plasti endist betur og er ekki nema tvo sólarhringa að vinna upp kolefnissporið sem tapast með rýrnun á vörunni ef ekkert væri plastið. Matarsóun er stór breyta sem þarf að taka tillit til. Það er mikið unnið með því að auka geymsluþol matvara og minnka þannig sóun. Þá þarf að framleiða færri gúrkur og sótsporið er minna fyrir vikið. Plastið er því ekki alslæmt! Í mínum huga er plastið ekki vandamálið ef við höfum farveg til að endurnýta eða endurvinna það. Þar eru fjölmargir möguleikar sem við erum ekki að nýta okkur í dag.

Búskapur er eins og lífsins lotterí

Uppskera bænda er misjöfn milli landshluta og ekki hafa veðurguðirnir verið öllum jafn hliðhollir. Á Suðurlandi muna menn vart eftir annarri eins uppskeru af túnum á meðan bændur á Norðaustur- og Austurlandi hafa þurft að lifa við óhemju mikið kal í vor og takmarkaða uppskeru af endurrækt vegna þurrka og kulda á nóttunni. Útiræktað grænmeti er farið að streyma á markað en það er svona í meðallagi varðandi árstíma þar sem kuldi í vor seinkaði aðeins þroska. Kornakrar líta vel út á flestum stöðum og eru væntingar um góða uppskeru í haust. Það er nú samt ekkert öruggt í þessu lífi.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Vitinn á Kálfshamarsnesi við Kálfshamarsvík. Hann var upphaflega reistur 1913 en endurbyggður 1939. Kálfshamarsvík er lítil vík norðarlega á vestanverðum Skaga, milli Skagafjarðar og Húnafjarðar. Fyrsta húsið í víkinni var reist rétt eftir aldamótin 1900. Á fyrstu áratugum 20. aldar og fram undir 1940 var mikil útgerð í Kálfshamarsvík. Í þorpinu var samkomuhús og skóli og einhverjar smáverslanir. Fiskleysi og þjóðfélagsbreytingar á stríðsárunum urðu til þess að fólki fækkaði og síðustu íbúarnir fluttu burt veturinn 1947–1948. Mynd / Hörður Kristjánsson.

LÍF & STARF



Hluti þeirra bænda sem tóku þátt í áburðardreifingu á Landmannaafrétti í sumar. Myndir / Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir

Landgræðsluaðgerðir á Landmannaafrétti 2004–2020:

Bændur hafa borið tilbúinn áburð á 3.635 hektara lands til gróðurstyrkingar

Bændur í Holta- og Landsveit hafa verið ákaflega samstarfsfúsir við Landgræðslu ríkisins þegar kemur að landgræðslustörfum á Landmannaafrétti. Það hafa þeir sýnt í verki með umfangsmiklum aðgerðum og lagt fram sín tæki og sína vinnu við áburðardreifingu og uppgræðslustörf.

Frá árinu 2004 hafa bændur borið tilbúinn áburð á um 3.635 hektara lands til gróðurstyrkingar þar sem endurborið er á sum svæðin og nýjum svæðum bætt við árlega. Telur uppgræðslusvæðið um 800 hektara. Kjötmjöl hefur verið borið á síðastliðin haust á 12 hektara, sáð hefur verið grasfræi í 126 ha með undraverðum árangri, auk þess sem gömlum heyrúllum hefur verið dreift. Vegna mikils áhuga heimamanna setti Landgræðslan í gang tilraun árið 2018 inni við Valafell á Landmannaafrétti um hvaða áburðartegund af tilbúnum áburði sé heppilegust til uppgræðslu í úthaga og verður fróðlegt að sjá niðurstöður þeirrar tilraunar.



Páll á Galtalæk við uppgræðslustörf.



Erlendur í Skarði og Ólafía í Húsagarði fylla á áburðardreifarann.

Fé fer fækkandi á Landmannaafrétti

Þegar gæðastýring í sauðfjárrækt var tekin upp var einn liður hennar að gera landbótaáætlanir fyrir afrétti og einnig hluta af heimalöndum bænda. Landbótaáætlanir eru ekkert annað en gríðargott tæki sem tekur á uppgræðsluaðgerðum og beitarstýringu. Í núgildandi landbótaáætlun fyrir Landmannaafrétt kemur fram að búið er að friða 51,5% af heildarstærð Landmannaafréttar. Beitartími er ákaflega stuttur, aldrei er farið með fé á afréttinn fyrr en í fyrsta lagi 10. júlí og því fær gróðurinn gott forskot áður en beitartímabilið hefst. Beitarþungi er ákaflega lítill og fer fé fækkandi á afréttinum en til er nákvæm skráning á þeim hausafjölda sem beitt er ár hvert á afréttinn. *Hófleg beit er hagabót* var eitt sinn ritað í afmælisrit Landgræðslunnar og telja undirrituð að slík beit sé viðhöfð á Landmannaafrétti. Það eru engir aðrir en bændurnir sjálfir sem þekkja afréttinn best, fara um hann að lágmarki 2–3 skipti á hverju hausti við smalamennskur og fylgjast vel með þróun á gróðurfari. Það er sárt að sitja undir orðum landgræðslustjóra þegar hann fer trekk í trekk í fjölmiðla og heldur því fram að bændur séu ekki að standa í stykkinu. Náttúrulegar auðnir munum við aldrei geta grætt upp við núverandi meðalárshita þar sem jarðvegsgerð, vatnsrof og vindrof gegna lykilhlutverki í að viðhalda slíkum svæðum. Beitarrannsóknir undirritaðra á Landmannaafrétti staðfesta það sem við bændur höfum alltaf vitað að fé beitir sér ekki á slíkar auðnir. Landmannaafréttur er eins og börnin okkar og við bændur leggjum okkur fram við að hlúa að honum og vernda.

Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir, *Skarði*
Kristinn Guðnason, *Árbæjarhjáleigu*

Brennivín sem ilmar af sveitinni

Nýverið kom á markað nýtt handgert íslenskt brennivín frá fyrirtækinu Brunni Distillery sem ber nafnið Þúfa og er skírskotun í íslenska sveit. Upprunalega átti vínið að heita Heyskapur enda er reyrgresi uppistaða sem bragðefni vínsins sem gefur mjúkt og gott heybragð af brennivíninu.

„Þetta var hugsað sem drykkur hestamanna, eins og ginið sem við settum á markað árið 2016, Himbrimi, sem var hugsað sem drykkur veiðimanna. Himbriminn átti upprunalega að vera til einkanota í veiðiferðum fjölskyldunnar en síðan komust barþjónar í þetta og úr varð að ég og ítalskur félagi minn, Junio Carchini, hófum að þróa vöruna til sölu. Árið 2019 vann Himbrimi verðlaun sem besta gin í sínum flokki á heimssýningu ginframleiðenda og þá fór boltinn enn frekar að rúlla. Nú er himbriminn borinn fram á Michelin-veitingastöðum víða í Evrópu og er jafnan dýrasta ginið á matseðlinum. Undanfarið höfum við síðan þróað brennivín og er Þúfa afrakstur þess," útskýrir Óskar Ericsson, annar eigenda Brunns.



Óskar Ericsson þefar af töðunni. Myndir / BD



Þúfu er ætlað að leggja sitt af mörkum til að efla orðspor íslenska brennivínsins.

Sætur vanillukókoskeimur

Félagarnir vinna út frá því markmiði að nota úrvalshráefni til að framleiða hágæðavörur þar sem íslenska vatnið leikur stórt hlutverk. Þeir auglýsa ekki vörurnar sínar heldur nýta sér orðsporið til að koma vörunum á framfæri.

„Við vildum endurheimta orðspor brennivínsins og framleiða gæðavöru en einnig að leggja íslenskri byltingu lið sem er að hefja fáguð eimingahús til vegs og virðingar. Þúfa er okkar framlag í arfleifð hins íslenska brennivíns og viljum við kynna það erlendis sem hágæða áfengi. Útgangspunkturinn í Þúfu er íslenskt reyrgresi svo það er mikið heybragð af brennivíninu. Reyrgresi hefur verið notað til að gefa góða lykt inn á heimili og hefur verið notað til dæmis á kirkjugólfum og inn í skúffur sem dæmi. Það gefur sætan vanillukókoskeim og síðan notum við kúmen til að það teljist brennivín ásamt vallhumli. Þetta er búið til af mikilli natni og er í raun íslensk útgáfa af ákavíti," segir Óskar.

Enginn ruddi

„Ég fer með ljá á sumrin og slæ reyrgresið sem ég tek niður við fjöru svo það er svolítil selta í því sem gefur örlítinn karamellukeim. Síðan er það þurrkað og því snúið daglega eins og heyi. Síðan notum við gæðaspíra og sérsmíðaðan eimingarketil en þetta er eimt yfir vatnsbaði við 360 gráðu hita. Það eykur mýkt vörunnar og notað er íslenskt hveravatn í eimingunni. Útkoman verður síðan mjúkt og flókið brennivín sem gefur mikið bragð og eftirbragð svo þetta er enginn ruddi. Það má segja að þetta ilmi af sveitinni og íslenskri náttúru og gott er að dreypa á þessu með klaka og njóta frekar en að skjóta þessu í sig. Við höfum fengið mikinn meðbyr og seljum nú til margra landa í Evrópu ásamt Ameríku og Ástralíu. Það kom örlítið bakslag núna vegna kórónukrísunnar en það er í raun til góðs því þá hefur okkur unnist tími til að fara í enn frekari vöruþróun." */ehg*

MÆLT AF MUNNI FRAM

255

Þátturinn verður helgaður efni nýútgefinnar vísnabókar eftir **Hrein Guðvarðarson**. Hreinn er fæddur að Minni-Reykjum í Fljótum árið 1936. Hann fór ungur að fást við kveðskap og varð undra leikinn og listfengur í sinni vísnagerð. Efnistökin eðlilega tengd atburðum dagsins og hið skoplega fléttað einkar vel inn í leikandi og lipurt ferskeytluformið. Vísur Hreins bera flestar knappa yfirskrift sem gefa lesanda grun um framhaldið. Á baksíðu bókarinnar eru skráð þessi heilræði:

Þó stöðugt lífið strunsi hjá
og stríði allavega,
reyndu að koma auga á
allt það skemmtilega.

Þakka hamingjuóskir:

Þó víst sé hik á væntingum,
að verði ævin mikið betri,
þegar maður eldist um
ár á svo til hverjum vetri.

Veðrið, já:

Eflaust má telj'etta indælis tíð,
þó auðvitað misjafnt í sóknum.
Blíðu veður í Blönduhlíð
en bölvaður gustur á Króknum.

Ný ríkisstjórn bráðum:

Ég sit hérna hungraður, hattlaus
og hugs'um hvað margt á að laga,
því brátt verð ég skuldlaus og skattlaus
og skemmti mér alla daga.

Eftir kosningar:

Þagnaður hver túli trekktur,
trylltum lokið orðafans.
Eftir stend ég úfinn, svekktur,
illa svikinn, tældur, blekktur.
Því loforðanna ljómi þekktur
lýsti úr augum kjósandans.
Æ, fari það allt til andskotans.

Í stórhríðinni:

Í vetrarins ógnþrungna oki,
austan og norðaustan roki,
allt skeflir í kaf
sem skaparinn gaf
þó að ég moki og moki.

Hvað heldur þú?

Ýmsir hafa í orðum tengt sig
við æðri mátt og kristnu trúna,
en ætli Júdas hefði hengt sig
hefð'ann verið uppi núna?

Í ömmukaffi á Blönduósi:

Hér mót víni er fettur fingur
í fyllstu merking orðsins.
Samt er hálfur Húnvetningur
hinu megin borðsins.

Veðurfréttir með Hrafni:

Ég skil svo sem kortið með skúrir og hríð,
samt skýringar fer hann að þylja.
Þegar svo karlanginn þagnar um síð
þá er ég hættur að skilja.

Fundir og mannfagnaðir:

Í góðum hópi sæll ég sit
í sátt við augnablikið.
Í öllu tali er eitthvað vit
þó ekki sé það mikið.

Sigur-Rós:

Ég spilinu helst ekki hæli
og hreint ekki skil þó ég pæli.
Þessum einskonar tón
með einskonar són
og einskonar angistar væli.

Bágindi:

Stundum mér verður í geðinu gramt
og grun hef um hvað veldur.
Ég get ekki vakað en geri það samt
því ég get ekki sofið heldur.



Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR



Húsið á Akbraut, sem var byggt árið 1929, stóð í ljósum logum eftir að slökkviliðsmenn höfðu kveikt í því. Sextán kúa fjós var sambyggt við íbúðarhúsið. Mynd / Anton Kári Halldórsson

Kveikt í gamla húsinu í Akbraut

Það logaði glatt í gömlu íbúðarhúsi á bænum Akbraut í Holtum þriðjudagskvöldið 21. júlí en þá var kveikt í húsinu þannig að slökkviliðsmenn hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu gætu æft viðbrögð við bruna. Æfingin gekk vel. Landsvirkjun átti húsið en fyrirtækið ætlar sér að byggja stöðvarhús Holtavirkjunar þar sem húsið stóð.

Virkjunin verður staðsett á stærsta afsvæði Landsvirkjunar á Þjórs- og Tungnáasvæðinu og mun nýta fall Þjórsár neðan Búrfellsstöðvar. „Það var sorlegt og erfitt að sjá húsið og fjósið brenna en svona er þetta bara, þetta er búið og gert, þetta var góð æfing fyrir slökkviliðið," segir Daníel Magnússon, bóndi í Akbraut. */MHH*

Handverk og hönnun fær 5 milljónir króna

Ríkisstjórnin hefur veitt fimm milljónum króna af ráðstöfunarfé sínu til sjálfseignarstofnunarinnar Handverks og hönnunar.

Hlutverk hennar er að stuðla að eflingu handverks og listiðnaðar, auka gæðavitund með ráðgjöf og upplýsingagjöf; auka skilning á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi, og kynna íslenskt handverk og íslenskan listiðnað. Þetta kemur fram í frétt á vef Stjórnarráðsins.

Handverk og hönnun hefur frá upphafi sinnt markaðs- og kynningarstarfi, námskeiða- og sýningahaldi, fræðslu og ráðgjöf og þjónar tugum ef ekki hundruðum smárra fyrirtækja eða einyrkja sem mörg eru á landsbyggðinni og konur þar í meirihluta.

Verkefninu var upphaflega hrint af stað af forsætisráðuneytinu árið 1994 en síðar rekið sem samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, iðnaðar-ráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og félagsmálaráðuneytis og fjármagnað af þeim. Árið 2007 var Handverk og hönnun gerð að sjálfseignarstofnun og mennta- og menningarmálaráðuneyti falið að gera samning við stofnunina um ráðstöfun rekstrarframlags sem greiðast skyldi af fjárlögum hvers árs. */MÞÞ*



Össur Björnsson sölumaður og Friðrik Ingi Friðriksson, framkvæmdastjóri Jötuns og Aflvéla. Mynd / TB

Ný lína frá Massey Ferguson væntanleg til landsins í haust

Í vikunni sem leið var ný dráttarvélalína frá Massey Ferguson kynnt til sögunnar sem ber heitið 8S. Mikið var um dýrðir í Ferguson-verksmiðjunum í Beauvais í Frakklandi þar sem vélarnar voru kynntar á alheimsfrumsýningu.

Um er að ræða vélar á stærðarbilinu 200–300 hestöfl. Í þeim er háþróuð gírskipting sem mun gjörbylta upplifun ökumanns að sögn framleiðenda. Meðal annars er ný sjö þrepa gírskipting í nýju línunni sem kallast Dyna 7.

Vélarnar eru búnar einu hljóðlátasta ökumannshúsi á markaðnum en hávaðinn þar inni á ekki að fara yfir 68 desibel. Húsið er slitið frá vélarrýminu sem á bæði að lágmarka titring og hávaða. Heil rúða er að framan og ekkert mælaborð sem skyggir á útsýni ökumanns.

Að sögn þeirra Össurar Björnssonar og Friðriks Inga Friðrikssonar hjá Jötni eru nýju vélarnar væntanlegar með haustinu hingað til lands en íslenskir bændur verða með þeim fyrstu til að geta keypt vélar úr nýju Ferguson-línunni. */TB*

Þóra Sif Kópsdóttir, bóndi í Ystu-Görðum á Snæfellsnesi:

Mikil vinna og puð að súta skinn en skemmtilegt

– Fékk hugmyndina á þungarokkshátíðinni Eistnaflugi

„Það er nóg að gera og þetta er virkilega skemmtilegt. Það að súta skinn er á við góðan sálfræðitíma," segir Þóra Sif Kópsdóttir, bóndi í Ystu-Görðum í gamla Kolbeinsstaðahreppi í Borgarbyggð, sem hefur undanfarin ár verið önnum kafin við þá iðju.

Á Ystu-Görðum er rekið sauðfjárbú með um eitt þúsund vetrarfóðraðar kindur. Þóra hefur alla tíð haft gaman af handverki, hún hefur hin síðari ár einbeitt sér að afurðum sauðkindarinnar, sútar, vinnur með horn og ull og þá er kjöt selt beint frá býli.



Þóra Sif Kópsdóttir, bóndi á Ystu-Görðum í Borgarbyggð, hefur nóg að gera við að súta skinn, eftirspurn hefur aukist hin síðari ár. Það er í tísku að eiga gæru. Myndir / Úr einkasafni

Eistnaflug uppspretta góðra hugmynda

„Hugmyndin kviknaði á Eistnaflugi," segir Þóra um tilurð þess að hún fór að súta skinn. Þar var hún á ferð með vinkonu sinni, Höllu Steinólfsdóttur, sem einnig er sauðfjárbóndi. „Við lítum á það sem orlof fyrir þreytta sauðfjárbændur að fara á Eistnaflug og þar kvikna margar hugmyndir, sumar bara nokkuð góðar," segir hún. „Við höfum farið í nokkur skipti og dettur alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt í hug."

Þóra segir að hún hafi áhuga fyrir æði mörgu, fyrir því séu eiginlega engin takmörk, en þarna í miðri þungarokkshátíð hafi hún tekið þá ákvörðun að einblína á sauðkindina og afurðir hennar. „Ég ákvað að vera ekki að fara um víðan völl heldur setja sauðkindina og það sem hún gefur af sér í öndvegi. Það er í raun alveg meira en nóg líka, það er svo fjölbreytt handverk sem hægt er að vinna með."

Mikið puð en skemmtilegt

Þóra fékk Lene Zachariassen á Hjalteyri til að koma og halda námskeið fyrir nokkrar konur á svæðinu og tókst það vel. Þóra hefur upp frá því verið að súta og kveðst hafa mjög gaman af. „Það er alveg á við góðan sálfræðitíma að súta skinn. Ferlið er langt, tekur um fimm vikur frá því skinn er tekið af lambi og þar til það er tilbúið og það eru um 12 dagar í því ferli sem maður getur ekki neitt hlaupið frá verkinu. Alltaf eitthvað sem þarf að sinna, það þarf að þvo og skafa, skinnið þarf að liggja í pækli í töluverðan tíma og á meðan þarf að vitja þess og hræra upp reglulega, svo þarf að skola og sauma, þannig að það er heilmikil vinna á bak við hvert og eitt skinn, mikið puð en mjög skemmtilegt," segir Þóra.

Gærur í tísku

Hún segir töluverða eftirspurn eftir gærum hér á landi og hafi verið á umliðnum árum. „Það hefur verið vinsælt hér hin síðari ár að vera með gæru inni á heimilum, það vilja allir hafa eina gráa inni í stofu hjá sér," segir hún. „Gærur hafa verið í tísku og ég finn að það er mikil eftirspurn og aukin eftir að Loðskinn á Sauðárkróki, sem annaðist sútun skinna, hætti starfsemi eftir gjaldþrot. Það eykst því frekar en hitt að fólk óski eftir að ég súti fyrir það skinn." Þóra hefur einkum verið að súta lambsskinn, en hefur prófað önnur, hefur sútað kálfsskinn, ref og þá bíða folaldaskinn eftir sútun og eins segir hún að sig langi að prófa hreindýraskinn einhvern daginn. „Þó handbragðið sé svipað þá hefur hvert og eitt skinn sín séreinkenni," segir hún.

Þóra bendir á að gærur hafi einkum verið nýttar til skrauts í híbýlum fólks en ekki megi gleyma því að þær eru prýðis nytjahlutur líka. „Gærurnar eru hlýrri en nokkur teppi, góðar yfir kaldar tær og það er gott að nýta þær sem undirlag til að sitja á í bílum. Möguleikarnir eru margir til að nýta þær og hafa af þeim gagn, en flestir hafa keypt þær til skrauts inni í stofu."



Gæruskinn saumuð upp í ramma úti á hlaði við Ystu-Garða.



Þóra hefur unnið með horn og ull í sínu handverki og selur varninginn undir nafninu Eldborgar kind.

Draumur að opna vinnustofu og taka á móti gestum

Þóra vinnur einnig með t.d. ull og þvær hana sjálf heima við og spinnur. Eins er hún að vinna með horn og þá er kjöt selt frá býlinu, ærkjöt er nýtt í kjötbollur á vinsælum veitingastað og aðrir hlutar seldir beint frá býlinu.Hún segir að draumurinn sé að opna vinnustofu heima við í Ystu-Görðum til að sinna sínu og geta tekið á móti gestum þar. Nú sútar hún í fjárhúsunum og er með stóran gám úti á hlaði sem hún vinnur í. Vörur sínar selur hún undir nafninu Eldborgar kind

Hægt er að fylgjast með Þóru, lífinu í sveitinni og því sem þar er verið að fást við á samfélagsmiðlum, t.d. thorakops á Snappinu og kopsdottir á Instagram. Þá er hún með síðu á Facebook. */MÞÞ*



Ruddaslátturvélar, skógarvagnar og léttar kerrur fyrir fjórhjól - Til afgreiðslu af lager

VORVERK.IS
Þverholt 2 (Kjarni) Mosfellsbæ
sími 665 7200 vorverk@vorverk.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík



Húseiningar til sölu

Um er að ræða byggingarhluta úr um 10 ára gamalli skólabyggingu við Nauthólsveg 87. Bygging er sett saman úr timbureiningum sem eru á færanlegum steyptum einingum (SG Hús). Húsin eru klædd með litaðri stálklæðningu. Raki og skemmdir eru í hluta af húsinu og seljast einingar í því ásigkomulagi sem þær eru. Einingar sitthvorum megin miðju húss (tengibyggingar) eru til sölu og seljast þær sem ein heild eða hvor fyrir sig. Innvols fylgir með en ekki verður sérstaklega selt innan úr einingum (svosem salerni, handlaugar, hurðir o.þ.h.). Hvor eining er ein hæð og milliloft u.þ.b. 250 m^2 að stærð.

Beðið er um tilboð sem inniheldur allan kostnað við niðurtöku í flytjanlegar einingar ásamt brottflutningi af lóð fyrir 31. ágúst n.k. Húseignin verður til sýnis þriðjudaginn 4. ágúst kl.16.30 -17:30 eða eftir samkomulagi.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hjallastefnunnar Hæðarsmára 6, 201 Kópavogi fyrir kl. 14 föstudaginn 7.ágúst – merkt: *Tilboð í húseiningar í Öskjuhlíð.*

Kaupendur sem bjóða í báða byggingarhluta í einu munu hafa forgang.
Hver bjóðandi getur aðeins skilað inn einu tilboði og áskilur Hjallastefnan sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.
Farið verður með tilboð sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Guðmundsdóttir arkitekt s. 699 1332 virka daga kl 13-15. Netfang steina@hjalli.is



FRÉTTIR



„Við erum að falast eftir samstarfi við landeigendur sem eru með framræst land sem ekki er nýtt til landbúnaðar. Land sem hefur jafnvel aldrei verið nýtt til landbúnaðar eftir að það var framræst," segir Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs. Myndin sýnir vinnu við endurheimt votlendis með skurðafyllingu við Bessastaði á Álftanesi á síðasta ári. Myndir / Votlendissjóður

Votlendissjóður svarar gagnrýni:

Skiptar skoðanir um endurheimt votlendis

– Fyrrverandi varaformaður Bændasamtakanna segir slæmt þegar fólk innan landbúnaðarins vinnur hvert gegn öðru

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Talsverður styr hefur staðið um starfsemi Votlendissjóðs og endurheimt votlendis og eru skiptar skoðanir á því í hvað skattpeningum landsmanna er varið. Bændur, sem og aðrir, skiptast í tvo hópa yfir því hver raunverulegur ávinningur sé við endurheimt votlendis og telja sumir að horfa eigi til annarra þátta við kolefnisbindingu en að moka ofan í skurði sem grafnir voru fyrr á tímum.

Eftir fréttaflutning Stöðvar 2 á dögunum, þar sem viðtal var við bændurna á Syðri-Fljótum í Meðallandi, komu fram efasemdir um þörf þess að endurheimta votlendi og um jákvæð áhrif þess til að vinna gegn loftslagsvandanum. Í kjölfarið sendi stjórn Votlendissjóðs frá sér fréttatilkynningu til að koma upplýsingum um grundvöll sjóðsins og starfsemi á framfæri. Þar kom fram að störf Votlendissjóðsins byggðu á vinnu sérfræðinga Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólans, Landgræðslunnar og annarra sem rannsakað hafa kolefnisbúskap og losun koldíoxíðs frá framræstu votlendi í fjölda ára.

Nota viðurkenndar aðferðir

Í tilkynningu sjóðsins sagði að hann hefði endurheimt votlendi á fjórum jörðum árið 2019 í samvinnu við Landgræðsluna. Í það heila voru endurheimtir 72 hektarar, sem er stöðvun koldíoxíðslosunar sem nemur 1.440 tonnum. Til glöggvunar er það sambærilegt við að taka 720 bíla úr umferð á ári hverju sem líður.

Rannsóknir sýna að framræst votlendi orsakar um 60% losunar koldíoxíðs á Íslandi. Inni í því hlutfalli er ekki tekið tillit til alþjóðlegs flugs yfir Íslandi en allar aðrar samgöngur, fiskveiðar og iðnaður eru þar með talin. Rannsóknir sérfræðinga Landgræðslunnar og háskólasamfélagsins gefa til kynna að losun koldíoxíðs úr framræstu votlendi sé að meðaltali um 19,5 tonn á hektara hér á landi. Það eru tölur sem eru í samræmi við hliðstæðar rannsóknir á hinum Norðurlöndunum. Skurðakerfi landsins vegna framræsts votlendis er yfir þrjátíu þúsund kílómetrar að lengd en meira en helmingur lands í kringum þá er ekki nýtt í dag til landbúnaðar. Votlendissjóðurinn var stofnaður fyrst og fremst til að endurheimta framræst land sem ekki er nýtt til landbúnaðar. Aðferðin er viðurkennd aðgerð í baráttunni við loftlagsbreytingarnar af Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (UNFCC).

Þá bendir sjóðurinn á að rannsóknir Hafs og vatns, áður Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnun, sýni að endurheimt votlendis geti í mörgum tilfellum bætt vatnsgæði í ám og vötnum og dregið úr flóðahættu í aftaka úrkomu.




Stjórn Votlendissjóðs í dag skipa Magnús Jóhannsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri frá vinstri, Ingunn Agnes Kro framkvæmdastjóri, Sveinn Ingvarsson bóndi, landfræðingur og fyrrverandi varaformaður Bændasamtakanna, Helga Bjarnadóttir, sviðstjóri hjá Eflu, Þórunn Inga Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri, Sveinn Runólfsson fyrrverandi landgræðslustjóri, Hjálmar Kristjánsson fjárfestir, Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri og Þröstur Ólafsson, formaður stjórnar lengst til hægri. Á myndina vantar Rannveigu Grétarsdóttur, stjórnarkonu í sjóðnum.



Endurheimt votlendis og skógrækt getur vel farið saman.
Mynd / Hlynur G. Sigurðsson

Þörf á samstöðu

Einar Bárðarson er framkvæmdastjóri Votlendissjóðs. „Það sem týnist því miður í umræðunni þegar kemur að endurheimt votlendis er það sem öllu máli skiptir í okkar vinnu og það er það að við erum að falast eftir samstarfi við landeigendur sem eru með framræst land sem ekki er nýtt til landbúnaðar. Land sem hefur jafnvel aldrei verið nýtt til landbúnaðar eftir að það var framræst. Við erum sjálfseignarsjóður, fjármagnaður af samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum og einstaklingum og vinnum að endurheimt með aðstoð og eftirliti Landgræðslunnar. Þannig er það ekki til umræðu að falast eftir framræstu landi í notkun. Það er það mikið af framræstu landi sem ekki er í notkun til landbúnaðar að við erum langt frá öllu slíku. Þess utan hefur Votlendissjóður engar slíkar heimildir og sækist ekki eftir þeim. Í þessum málum er þörf á samstöðu," segir Einar.



Einar Bárðarson.

„Fyrir utan það að vera hraðvirkasta aðgerð sem við getum hafið í þágu loftslagsmála þá fylgir þessu verulegur ábati í formi líffræðilegs fjölbreytileika, áður líflítil tún fyllast af fallegum fuglum og vatnsgæði veiðivatna og veiðiáa í kringum endurheimt votlendi aukast. Þannig ættu allir að geta verið stoltir þátttakendur í endurheimt votlendis sama hvaða skoðun þeir hafa á loftslagsmálum heimsins. Það er hins vegar mikið fagnaðarefni hversu meðvitaðir og velviljaðir landeigendur um allt land eru til þess að vinna að endurheimt votlendis með sjóðnum. Þá er stuðningur almennings og einkarekinna fyrirtækja forsenda endurheimtarinnar og þeirri stöðvun á kolefnislosun sem henni fylgir."

Mikilvægt að vinna saman

Sveinn Ingvarsson, bóndi og fyrrverandi varaformaður Bændasamtaka Íslands, tók sæti í stjórn Votlendissjóðs í vor. Hann er líf- og vistfræðingur að mennt og kemur því inn í stjórn sjóðsins með góða reynslu og þekkingu.



Sveinn Ingvarsson.

„Ég hef fylgst með þessu málefni lengi og hef ágæta þekkingu á þessu sviði. Það hefur eiginlega verið alveg ótrúlegt að fylgjast með umfjöllun Bændablaðsins í þessu máli og hvernig á því er tekið af hálfu ritstjórans. Persónulega finnst mér jafnvel hreinlega koma fram ósanninindi í þeim málflutningi. Þar eru til dæmis verkefnin túlkuð á þann hátt að verið sé að endurheimta votlendi á túnum sem eru í notkun en það er alveg kristaltært að hvergi er tekið neitt til endurheimtar nema með samþykki landeigenda og sveitarfélaga á viðkomandi svæðum," segir Sveinn ákveðið og bætir við:

„Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir íslenskan landbúnað að standa í fæturna í umhverfismálum og slæmt þegar fólk innan greinarinnar vinnur hvert gegn öðru. Ég lít á starf Votlendissjóðs sem mikilvægan vettvang til að vinna árangursríkt starf í loftslagsmálum, stöðva kolefnislosun og koma þannig til móts við þá kolefnislosun sem verður vegna athafna okkar í dag. Með því að taka þátt getum við bændur skapað okkur jákvætt orðspor. Allir sem að málinu standa eiga að vinna skipulega saman, þannig náum við árangri. Að mínu mati er algjör firra að halda því fram að ekki liggi fyrir vísindaleg rök og upplýsingar um mikilvægi endurheimtar votlendis. Endurheimtin er ekki einungis loftslagsmál heldur fylgir henni einnig verulega aukinn fjölbreytileiki lífríkisins og þar með hæfni þess til að standast utanaðkomandi álag," segir Sveinn.

Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki, leiddi vinnu um mótun umhverfisstefnu landbúnaðarins:

Bændur geta tekið forystu í loftslagsmálum

– Eigum ekki að óttast hugmyndir um endurheimt votlendis heldur taka þátt í umræðunni og stýra því hvaða land er endurheimt

Ingvar Björnsson á Hólabaki hefur undanfarin ár leitt þá vinnu að móta umhverfisstefnu fyrir landbúnaðinn með sjálfbærni að leiðarljósi. Sú stefna var samþykkt á síðasta Búnaðarþingi og lesa má hluta úr henni hér neðar í greininni. Blaðamaður lagði fyrir hann nokkrar spurningar varðandi skoðanir hans á endurheimt votlendis:

Hvernig sérð þú fyrir þér að bændur geti orðið leiðandi í umhverfismálum hérlendis?

„Með umhverfisstefnu landbúnaðarins hafa bændur sett sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum. Meginstef umhverfisstefnunnar eru loftslagsvernd, sjálfbærni og vistheimt. Bændur hafa yfir að ráða landi og þekkingu og eru því lykilaðilar þegar kemur að aðgerðum í þessum málaflokkum.

Í loftslagsmálum getur landbúnaðurinn tekið forystu með því að kolefnisjafna framleiðsluna á næstu árum. Það verður gert með því að draga úr losun og ráðast í aðgerðir til kolefnisbindingar svo sem með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Þegar kolefnisjöfnun landbúnaðarframleiðslu er lokið verður hægt að halda áfram og vinna að kolefnisbindingu í þágu samfélagsins alls.“

Er það raunhæft á 10 árum?

„Það er vel raunhæft að kolefnisjafna íslenskan landbúnað á 10 árum. Það þarf að vinna í góðu samstarfi við stjórnvöld og stofnanir á borð við Landgræðsluna og Skógræktina.“

Hvaða skoðun hefur þú á endurheimt votlendis og því starfi sem unnið hefur verið þar af Votlendissjóði?



„Bændur hafa yfir að ráða landi og þekkingu og eru því lykilaðilar þegar kemur að aðgerðum. Í loftslagsmálum getur landbúnaðurinn tekið forystu með því að kolefnisjafna framleiðsluna á næstu árum,“ segir Ingvar Björnsson.
Mynd / Aðalheiður Ingvarsdóttir

„Endurheimt votlendis er öflug aðgerð í loftslagsmálum og til að endurheimta röskuð vistkerfi. Endurheimt votlendis á landi sem ekki er nýtt til landbúnaðarframleiðslu er enn fremur mjög skynsamleg leið til að geyma frjósamt og gott landbúnaðarland fyrir komandi kynslóðir. Í stað þess að láta lífræn efni brenna upp og dæla koltvísýringi út í andrúmsloftið er hægt að bleyta upp í landi og halda áfram að byggja upp lífrænan forða. Ef framtíðarkynslóðir munu þurfa á þessu landi að halda til matvælaframleiðslu er hægt að ræsa það fram og taka til ræktunar. Bændur eiga ekki að óttast hugmyndir um endurheimt votlendis en fremur að taka þátt í umræðunni og stýra því hvaða land er endurheimt.“

Umhverfisstefna Bændasamtaka Íslands

Á Búnaðarþingi fyrr á árinu var umhverfisstefna landbúnaðarins samþykkt til ársins 2030. Umhverfisstefnan fjallar á almennan hátt um landbúnað og umhverfismál og skilgreinir meginmarkmið íslensks landbúnaðar í umhverfismálum næsta áratuginn. Lagt er til að leiðarljós stefnunnar verði loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt og meginmarkmið landbúnaðar í umhverfismálum hafi skírskotun í þessa þætti.

Markmiðið með henni er að setja íslenskum landbúnaði stefnu í umhverfismálum til næsta áratugar og er helst horft til þriggja þátta:

1. Að umhverfisstefnan verði leiðarljós einstakra bænda og búgreina sem og landbúnaðarins alls í umhverfismálum.

2. Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri við endurskoðun búvörusamninga og aðra framtíðarsamninga ríkis og bænda um umhverfistengd verkefni.

3. Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri til markaðssóknar landbúnaðarvara á íslenskum markaði og jákvæðrar ímyndarsköpunar fyrir íslenskan landbúnað.

Hægt að fara blandaða leið

Í umhverfisstefnunni er töluvert fjallað um endurheimt votlendis þar sem bændur geta lagt sín lóð á vogarskálarnar við kolefnisbindingu. Eftirfarandi texti er vísun úr stefnunni:

„Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun mannkyns og framtíð komandi kynslóða ræðst af því hvernig við bregðumst við á næstu árum. Ráðast þarf í átak í kolefnisbindingu ásamt því að draga eftir mætti úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kolefnisbinding mun að mestu fara fram með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Þarna hafa bændur margt fram að færa, landið, þekkinguna og verkfærin.

Endurheimt votlendis er öflug mótvægisaðgerð gegn kolefnislosun. Ekki er um að ræða kolefnisbindingu heldur er kolefnislosun frá framræstu landi stöðvuð. Áætlað er að ha af framræstu landi losi árlega um 20 tonn af CO2. Ef kolefnisjafna á íslenskan landbúnað þarf að endurheimta 30.000 ha af votlendi á tímabilinu 2020–2030. Þetta samsvarar 3.000 ha árlega eða um 1 ha á hvert lögbýli í byggð. Sé farin blönduð leið, (t.d. skógrækt 50% -landgræðsla 30% -endurheimt votlendis 20%), að því takmarki að kolefnisjafna íslenskan landbúnað árið 2030 þarf að ráðast í eftirfarandi aðgerðir á hverju lögbýli í byggð á árabilinu 2020-2030:

1. Planta 10 ha af blönduðum skógi
2. Græða upp 30 ha af rofnu landi
3. Gndurheimta 2 ha af votlendi.“

/ehg

Votlendissjóður hrekur rangfærslur um endurheimt votlendis

Votlendissjóður sendi frá sér eftirfarandi upplýsingar þar sem farið er yfir það sem sjóðurinn telur vera rangfærslur í umræðu um málaflokkinn og veitir viðeigandi skýringar.

Rangfærsla 1:
Votlendi skipta engu máli fyrir loftslagið

Skýring: Votlendi/mýrar eru sérstakar því gróður sem vex í þeim rotnar ekki nema að mjög litlu leyti og safnast því fyrir. Ástæðan fyrir því er að vegna vatnsins er ekkert súrefni til staðar og því ekki skilyrði fyrir örverur til að brjóta niður lífræna efnið og breyta því í CO2 (koltvísýring). Munurinn á gróðri í votlendi og til dæmis graslendisgróðri er að graslendisgróður sölnar og rotnar að hausti og losar sama magn af CO2 og hann batt yfir sumarið. Í votlendi safnast saman órotnaðar jurtaleifar í oft mjög þykk mólög í hundruð eða þúsundir ára. Þegar votlendi er framræst fer vatnið úr jarðveginum og skilyrði skapast fyrir örverur til að brjóta niður lífræna efnið. Rotnun hefst og þar með losun á CO2. Fyrir framræstar mýrar í okkar loftslagsbelti nemur losunin um 23 tonnum af CO2 á hektara á ári. Til samanburðar losar ný bifreið um 2 tonn af CO2 á ári. Einn fótboltavöllur er tæpur 1 hektari.

Rangfærsla 2:
Við endurheimt votlendis losnar metangas sem er öflug gróðurhúsalofttegund og því borgar sig ekki að endurheimta votlendi.

Skýring: Metan er um 25 sinnum öflugri gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur (CO2) en magn þess á flatarmálseiningu er 200 falt minna. Ef magnið er fært yfir í CO2 ígildi jafngildir það 3 tonnum af CO2 á hektara á ári. Nettó ávinningurinn af endurheimt votlendis er því 20 tonn af CO2 á hektara á ári. Hægt er að hafa áhrif á magn losunar metansins með því að hafa vatnsyfirborðið rétt undir yfirborði jarðvegsins. Enginn losunarflokkur í loftslagsbókhaldi Íslands er ábyrgur fyrir jafn mikilli losun af gróðurhúsalofttegundum og framræst votlendi.



Í landi Grafarholts í Borgarfirði var undir lok vetrar hafin vinna við endurheimt votlendis en landið er í einkaeign.
Mynd / Votlendissjóður

Rangfærsla 3:
Íslenskar mýrar innihalda meira af steinefnum og því er losun frá þeim miklu minni en erlendis.

Skýring: Íslenskar mýrar, sérstaklega nálægt gosbeltinu, innihalda meira af steinefnum/gosefnum en mýrar á sambærilegum stöðum á hnettinum. Steinefnin hafa þau áhrif að losunin er umtalsvert meiri en frá mýrum sem innihalda minna af steinefnum. Rannsóknir Susanne Möckel við Háskóla Íslands sýna þetta.

Rangfærsla 4:
Ekki eru til neinar rannsóknir til að geta fullyrt um losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum mýrum.

Skýring: Niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar og eru í gangi gefa ekki tilefni til að ætla að losun frá íslenskum mýrum sé almennt frábrugðin losun frá mýrum á sambærilegum stöðum á hnettinum. Rannsóknir Gunnhildar Evu Gunnarsdóttir á sextán framræstum og óframræstum mýrum á Suðurlandi og rannsóknir Hlyns Óskarssonar og Jóns Guðmundssonar frá Landbúnaðarháskólanum og Rannveigar Ólafsdóttur á svæðum á Vesturlandi sýna þetta glöggt.

Rangfærsla 5:
Betra er að rækta tré á framræstu landi en að endurheimta það.

Skýring: Öflugustu leiðirnar til að takast á við loftslagsvandann hérlendis eru að endurheimta votlendi, græða upp illa farið land og rækta tré. Jarðvegur framræsta landsins heldur áfram að losa gróðurhúsalofttegundir þó að tré séu gróðursett í hann. Besta niðurstaðan fyrir loftslagið er að endurheimta votlendi, rækta upp tré þar sem gott er að rækta tré (ekki í votlendi) og ná gróðurþekju á illa farið land.

Rangfærsla 6:
Litlir, gamlir eða grónir skurðir losa ekkert lengur.

Skýring: Skurðir grafnir í votlendi losa gróðurhúsalofttegundir, en það sem mestu máli skiptir er allt svæðið sem skurðurinn framræsir, sem getur verið mjög stórt og allt upp í nokkur hundruð metra í hvora átt frá skurðinum.

Um leið og vatn fer úr jarðveginum kemst súrefni ofan í hann og skilyrði skapast fyrir örverur til að hefja niðurbrot á lífrænu efni. Kolefni tapast og hraðinn á tapinu jafngildir því að jarðvegurinn þynnist um hálfan sentimetra á ári. Það tekur eins metra þykkt mólag því 200 ár að rotna og verða að lofttegund. Það er ekki langt síðan framræsla hófst á Íslandi svo ástæða er til að ætla að flest framræst svæði á Íslandi séu enn að losa gróðurhúsalofttegundir af fullum krafti. Það skiptir litlu hvort skurður er gróinn eða ekki. Lífræna framræsta efnið heldur áfram að rotna á meðan eitthvað er til að rotna.

FRÉTTIR

Jonathan Moto Bisagni og Ida Feltendal á Seyðisfirði:

Flytja inn 1 tonn á viku af lífrænt ræktuðu grænmeti og ávöxtum með Norrænu

– Koma með meiri fjölbreytni inn á markaðinn og bæta matarmenninguna. Vilja komast í samband við fleiri íslenska bændur.

Hjónin Jonathan Moto Bisagni og Ida Feltendal hófu í lok janúar innflutning á fersku lífrænt ræktuðu grænmeti og ávöxtum til landsins frá Danmörku með Norrænu í hverri viku undir merkjum fyrirtækisins Austurlands Food Coop. Í fyrstu var um 250 kíló að ræða vikulega en fljótlega vatt það upp á sig og nú flytja þau inn eitt tonn. Markmið þeirra er að bæta matarmenninguna á Austurlandi en einnig hafa þau fært út kvíarnar og halda svokallaða pop-up markaði reglulega í Reykjavík sem njóta mikilla vinsælda.

„Upphaflega hugmyndin var að stofna svona coop-samvinnuverkefni með ferskt grænmeti og ávexti en það er erfitt hér á Austurlandi. En það er kannski ekki svo auðvelt svo þetta hefur þróast út í að fólk getur pantað sér kassa og þetta hefur undið alveg ótrúlega upp á sig á stuttum tíma. Þetta er búið að vera mjög áhugavert ferli en um leið algjör rússíbani," segir Jonathan.



Hjónin Ida Feltendal og Jonathan Moto Bisagni hófu í lok janúar innflutning á fersku lífrænt ræktuðu grænmeti og ávöxtum til landsins frá Danmörku með Norrænu í hverri viku undir merkjum fyrirtækisins Austurlands Food Coop sem hefur sannarlega slegið í gegn. Mynd / Áslaug Snorradóttir



Fyrir mánuði síðan byrjaði Austurlands Food Coop að halda svokallaða pop-up markaði með vörur sínar og fleiri framleiðenda við Skúlagötu 13 í Reykjavík sem hefur mælst mjög vel fyrir hjá höfuðborgarbúum. Myndir / TB

Mikill munur gæða og úrvals milli landshluta

Í hverri viku er markaður á Seyðisfirði með ávexti og grænmeti hjá hjónunum sem flytja inn vörur með Norrænu. Fyrir um mánuði síðan byrjuðu þau einnig að bjóða upp á svokallaða pop-up markaði á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég kom hingað til Íslands til að starfa sem kokkur með því að opna sushi-staðinn Norðaustur sushi á Seyðisfirði. Fljótlega skildi ég ekki af hverju það var svo erfitt að fá grænmeti af góðum gæðum. Þannig byrjaði þetta verkefni hjá okkur hjónunum en aðalmarkmiðið var að metta markaðinn á Austurlandi. Það er alveg dagur og nótt á milli úrvals og gæða af grænmetinu og ávöxtum hér úti á landi eða í Reykjavík, það er ekki hægt að líkja því saman," útskýrir Jonathan og segir jafnframt:

„Við reynum að fá svæðisbundnar vörur en það sem hefur verið mesta hindrunin hérlendis er verð á flutningum. Við erum að greiða jafnmikið fyrir að flytja 2–300 kíló hér innanlands eins og heilt tonn með Norrænu frá Danmörku, sem er í raun undarlegt. Í byrjun hafði ég samband við vottunarstofuna Tún sem sendu mér upplýsingar um alla lífræna ræktendur hérlendis. Þegar ég hafði samband við framleiðendur fann ég strax að tungumálaerfiðleikar voru hamlandi þar sem ég tala ekki góða íslensku enn þá og því var erfitt að ná samtali við íslenska bændur. En ég óska einmitt eftir því að komast í samband við fleiri bændur hérlendis."

Um 400 kassar á viku

Hugsun Jonathan og konu hans er að hafa gæðavörur og fjölbreytileika. Þau fá vikulega sendingar með Norrænu frá Danmörku en vörurnar koma líka frá Ítalíu, Spáni, Þýskalandi og víðar að.

„Mest af vörunum kemur frá Danmörku, eða um helmingur þeirra, og hátt í 80 prósent eru lífrænt ræktaðar vörur. Við bjóðum fólki upp á vörur í kössum og þegar mest var afgreiddum við um 400 kassa á viku. Fólk er þá búið að panta og fær vöruna til sín daginn eftir að hún kemur til landsins. Við höfum verið með markað á Seyðisfirði í hverri viku sem hefur verið vel tekið. Einnig höfum við þjónustað hótel og veitingastaði á svæðinu. Fljótlega stefnum við á að opna verslun á bensínstöð Orkunnar á Seyðisfirði til að þjónusta okkar viðskiptavini enn betur."

Í kjölfar kórónufaraldursins kom sú hugmynd að opna markað einnig á höfuðborgarsvæðinu og er hann nú haldinn vikulega á fimmtudögum að Skúlagötu 13.

„Það voru náttúrlega allir lokaðir heima hjá sér og við fengum fleiri og fleiri pantanir. Þá byrjuðum

Katrín Andrésdóttir í Reykjahlíð á Skeiðum selur lopa undir vörumerkinu Slettuskjótt:

Býr til litrík verðmæti úr íslensku ullinni

Katrín Andrésdóttir, fyrrverandi héraðsdýralæknir, hefur undanfarin ár litað íslenska ull í öllum regnbogans litum undir merkinu Slettuskjótt sem selst eins og heitar lummur á Þingborg. Katrín segir mikil verðmæti felast í íslensku ullinni og að ullin sé framtíðarefni í textíl.

„Ég hef verið í Þingborgarhópnum frá upphafi, eða í 30 ár, og eftir að ég hætti að vinna fyrir nokkrum árum fór ég að sinna handverkinu meira. Við erum góður hópur handverksfólks með fjölbreytta þekkingu og í Þingborg höfum við frábæran sölustað. Gæðanefnd sér til þess að aðeins er á boðstólum úrvals vara úr íslensku efni.

Það er mjög gaman að læra nýjar aðferðir og efnistök. Maja Siska, þýskur arkitekt og listamaður sem býr í Skinnhúfu í Holtum, hefur verið einstaklega dugleg að halda námskeið í ullarvinnslu. Hún fékk meðal annars eitt sinn Lauru Spinner, barnalækni og þráðlistakonu frá Bandaríkjunum, til að halda litunarnámskeið. Kennd var notkun duftlita, litaduft leyst upp í ediksblöndu og hitað í örbylgjuofni eða potti. Þarna náði ég tökum á lituninni og hef síðan litað band, lopa og jafnvel heil prjónastykki, trefla og peysur. Þetta hefur allt selst ótrúlega vel, töluverð nákvæmnisvinna en það er jú vinna við allt sem maður vill gera vel," segir Katrín.



Katrín Andrésdóttir stendur við ullarpottana heima hjá sér í Reykjahlíð.

Fá sótspor í ferlinu

Katrín segir Þingborgarhópinn heppinn með það að vera með úrvalsull í höndunum en ár hvert fer hópurinn í þvottastöð Ístex á Blönduósi þar sem þau fá að velja bestu ullina. Samstarfið við Ístex er mjög mikilvægt.

„Ullin er rekjanleg alla leið til bónda, ég reyni líka að velja ull frá svæðum þar sem ekki er ofbeit. Ístex vinnur síðan fyrir okkur lopa, einband og tvíband. Lopinn okkar er orðinn landsþekkur, kannski vita færri að einbandið og tvíbandið er líka miklu mýkra.

Sótsporin eru mikilvæg. Okkar ull fer aldrei út fyrir landsteinana en mjög víða hafa ullarvinnslustöðvar lagst af og flutningar á ull eru miklir. Dýravelferð og mengun eru líka mikilvægir þættir þegar valið er band fyrir prjónaskapinn. Margir velja merinóull, úrvals ull af langræktuðu fé. Þá verður að skoða upprunann og velja vottað „non-mulesing". Merinofé er með mikinn dindil og húðfellingar á rassi, maðkaflugur (blowflies) sækja í að verpa þarna og þá geta kindurnar maðkað lifandi. Groddaleg lausn Ástrala á þessu er s.k „mulesing" dindill og skinn skorið niður af rassi ódeyfðra lamba. Ástralir framleiða u.þ.b. 75% ullar á heimsmarkaði."



Litirnir í lopa Katrínar fanga svo sannarlega augað en ferlið er tiltölulega einfalt og umhverfisvænt þó að það taki sinn tíma. Myndir / Úr einkasafni



Maja Siska til hægri í Villanell-peysu sinni og til vinstri er Vilborgarpeysan með litavali Stephen West. Uppskriftir að peysunum fást í Þingborg.



Fyrst þarf að bleyta ullina, síðan er hún soðin upp í lita- og ediksblöndu og látin kólna í vatninu.

Ull er framtíðarefni í textíl

„Superwash" ullin getur verið mikill umhverfissóði. Algeng framleiðsluaðferð er fjarlæging hreistursins af ullarhárunum með klórefnum sem gjarnan er gert í Kína. Síðan er ullin meðhöndluð með plastefnum (t.d. resin) en þessi plastefni losna síðan úr í þvotti og fara út í náttúruna sem örplast.

Litun ullar fer líka oft fram í löndum þar sem ekki eru gerðar miklar kröfur vegna umhverfisverndar. Iðulega fer lokafrágangur, svo sem spuni og pökkun, fram í löndum sem við treystum, ferlið er því oft ógagnsætt. Nú er mikil vakning vegna fatasóunar, prjónaband er mikilvægur þáttur sem við verðum að skoða.

Íslenska ullin er því yfirleitt umhverfisvænn kostur. Góðar ullarflíkur þarf sjaldan að þvo, þær halda vel lögun sinni og slitna yfirleitt fallega. Efnasamsetning ullar er til helminga bundið kolefni, því er hægt að skila henni aftur til jarðarinnar og hún grotnar þá niður á fáum árum. Ull er framtíðarefni í textíl, ég er sannfærð um það."

Skoðið meira á instagram.com/slettuskjott/ og facebook.com/slettuskjott/ */ehg*



Á markaðnum á Skúlagötu, sem haldinn er á fimmtudögum, greiðir fólk fyrir þann kílóafjölda sem það safnar saman í einn kassa.



Mest af vörunum kemur frá Danmörku, eða um helmingur þeirra,,,, og hátt í 80 prósent eru lífrænt ræktaðar vörur.



Íslenska fyrirtækið Spretta ehf. var á markaðnum og bauð grænsprettur sínar til kaups. Grænsprettur eru fyrstu laufin og stilkar jurta-og grænmetisplantna. Grænsprettur eru yfirleitt 7–14 daga gamlar og 3–8 sentimetrar á hæð.

við á heimsendingum í Reykjavík og gerðum samning við Flugfélag Íslands og afhendum um 30 kassa á viku á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að fólk hefur tekið því vel að geta fengið kassa með lífrænt ræktuðum vörum á hagstæðu verði. Hugmyndin með að koma til Reykjavíkur er líka að vera nær fleiri framleiðendum. Einnig viljum við kaupa matvörur sem eru ekki ræktaðar hér eða erfitt er að fá þær hérlendis. Það vantar meiri fjölbreytni inn á markaðinn og við reynum að kynna nýjar vörur til að sanna fyrir ræktendum að fólk kann að meta það.

Sjá má nánar um verkefnið á https://www.facebook.com/austurlandsfoodcoop/

/ehg



Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klið. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í ágúst bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akureyri | Akranes | Blönduós | Egilsstaðir | Húsavík | Reykjanesbær
Sauðárkókur | Selfoss | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

Ef þú vilt bregða þér af bæ...

Félagsmönnum í Bændasamtökum Íslands býðst að leigja orlofsíbúð í Kópavogi til lengri eða skemmri tíma allt árið um kring.

Íbúðin er í fjölbýlishúsi í Þorrasölum 13-15 og rúmar auðveldlega fjóra gesti.

Í henni eru tvö svefnherbergi, rúmgóð stofa sem er sambyggð eldhúsi, bað- og þvottaherbergi og svalir.

Stutt er í alla þjónustu, m.a. sundlaug, golfvöll og fjölbreyttar verslanir.

Nánari upplýsingar um íbúðina er að finna á **bondi.is.**



Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Bókanir á Þorrasölum fara í gegnum Orlofsvef BÍ á vefslóðinni **orlof.is/bondi**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fyrir okkur öll

CHAR-BROIL X200
FERÐAGASGRILL

- Hægt að setja á borð eða jörð
- Engar eldtungur leika um grillið
- Allstaðar jafn hiti
- Notar minna gas
- Einn brennari
- Hitamælir

VERÐ: 36.700 KR.



Char-Broil

TRU INFRARED

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.
Fæst í **Rekstrarlandi**, útibúum **Olís** um land allt og á **charbroil.is.**

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1100 | **Opið alla virka daga kl. 8-17**

REKSTRARLAND

Prent:TBWA

FRÉTTIR

Sápur og egg til sölu

„Það gengur mjög vel, sápurnar seljast eins og heitar lummur og fólk er mjög ánægt með þær. Þetta eru handgerðar sápur, sem ég bý til, sem innihalda tólg úr heimabyggð, auk lífrænna jurta og ilmkjarnaolíur," segir Maja Siska á bænum Skinnhúfu í Holtum í Rangárvallasýslu.

Sápurnar selur hún í minnstu sápubúð Íslands, sem staðsett er í ísskáp á afleggjaranum heim til hennar. Í skápnum eru líka seld egg frá Judith og Sverri í Gíslholti, sem gengur líka mjög vel að selja. Maja segir að sápurnar hennar innihaldi engin kemísk gerviefni og mýkja húðina á sama tíma og þær hreinsa. „Svo veitir ekki af á COVID-19 tímanum að vera aðeins lengur að þvo sér um hendurnar. Maður þarf að nudda sápustykkið aðeins og það hjálpar til að hreinsa hendurnar, frekar en að ýta á takka og fá fljótandi sápu sem er oft skolað strax af," bætir Maja við. Sápurnar hennar heita „Húð og hár" og fást í margnota ferðaöskjum í ísskápnum og heima hjá henni.

/MHH



Maja Siska við gamla ísskápinn og sápurnar sínar, sem hafa slegið í gegn á kórónutímum, auk eggjanna, sem seljast líka vel. Mynd / MHH

Litrík og falleg veggljós úr íslenskri ull

Vöruhönnuðirnir Kristín Soffía Þorsteinsdóttir og Bjarmi Fannar Irmuson reka saman hönnunarstúdíóið Stundumstudio og hafa nú sett á markað ljósið Ær sem á rætur að rekja til verkefnis sem hófst í samstarfi við Icelandic Lamb árið 2018. Með því vildu þau skoða hvort bóndinn gæti fengið meira fyrir sínar afurðir og upphefja ullina til nýtingar í hönnun sinni.

„Við vorum saman í bekk í vöruhönnun í Listaháskólanum og útskrifuðumst fyrir tveimur árum. Eftir útskriftina fengum við styrk frá Rannís til að skoða stöðu óætra afurða kindarinnar. Án þess að fara nánar út í niðurstöður okkar það sumarið, leiddi þessi rannsókn til þess að okkur fannst mikilvægt að setja íslensku ullina í nýtt samhengi og nýjan búning með það að markmiði að opna augu fólks fyrir þeim möguleikum og verðmætum sem hún býr yfir. Á þeim forsendum varð veggljósið Ær til. Við hófum samstarf við Icelandic Lamb og skoðuðum ýmislegt, meðal annars að nota ærmjólk, en enduðum á að nýta ullina í okkar hönnun. Við fórum á milli bæja og hittum bændur og byrjuðum að þæfa ull," útskýrir Kristín Soffía.

Glært og endingargott efni


Hönnuðirnir byrjuðu að handþæfa meðal annars dúnúlpu, derhúfur og mittistöskur, sem var hugsað sem liður inn í unglingamenningu landsins.



Veggljósið Ær er komið á markað.

„Við sýndum vörurnar á Hönnunarmars og þegar þessu var lokið langaði okkur að vinna meira með ullina og langaði að gera hana í föstu formi eins og trefjaplast. Við sáum hvað það skein fallega í gegnum hana og þá kom hugmyndin að ljósinu. Við tókum ólitaða og litaða kembu, lögðum í sílíkonmót og notum fljótandi pólyester-resínefni sem er alveg glært og verður eins og gler. Efnið er mjög endingargott en við röðum kembunni eftir okkar hugmyndum eða eftir óskum fólks og fáum þá skemmtilega litaflóru í ljósin. Hvert ljós er einstakt og engin tvö eru eins. Við getum notað verðlitla ull í framleiðsluna og okkur er alveg sama þó að það sé lyng eða mói sjáanlegt. Ljósið er hannað þannig að hægt er að skipta ullarplattanum út að framan en það er sett á ljósastellið með seglum svo auðvelt er að skipta því út," segir Kristín Soffía en nú vinna þau að hönnun umbúða og senn fer heimasíðan stundumstudio.com í loftið.

/ehg



Ljósin eru unnin úr ull og fljótandi pólyester-resínefnum en engin tvö ljós eru eins.



Svefnskálar frá Búrfellsvirkjun voru fluttir á Akranes og komið þar fyrir. Mikil vinna er að innrétta rannsóknastofu með öllum þeim búnaði sem til þarf til efnagreininga. Myndir / Úr einkasafni

Sviptingar í rekstri hjá Efnagreiningu ehf.:

Heyefna- og jarðvegsgreiningar flytjast frá Hvanneyri til Akraness

– Lóðamál og óvissa varð til þess að eigendur ákváðu að flytja sig um set


Fyrirtækið Efnagreining tekur senn til starfa á Akranesi. Það hefur frá stofnun þess, 2015, verið starfandi á Hvanneyri en félagið býður upp á efnagreiningar og mælingar af ýmsu tagi fyrir bændur, fyrirtæki og stofnanir. Eigendur þess eru hjónin Elísabet Axelsdóttir búfræðingur, sem er framkvæmdastjóri og Arngrímur Thorlacius, efnagreiningarsérfræðingur og dósent í efnafræði við Landbúnaðarháskólann. Efnagreining var til húsa í gömlu Nautastöðinni á Hvanneyri. Leigusamningi var sagt upp vorið 2018.

Elísabet starfaði á rannsóknastofu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um 13 ára skeið. Skólinn lokaði henni um áramótin 2014–15 og hætti með þjónustuefnagreiningar fyrir bændur. Elísabetu bauðst annað starf hjá stofnuninni en hugur hennar stóð til þess að halda áfram á sömu braut. Í kjölfarið óskuðu þau Elísabet og Arngrímur eftir að fá að reka eigin stofu í rannsóknastofu skólans og bentu á að sá háttur væri við lýði víða um heim, þ.e. að einstaklingar reki eigin stofur á vísindagörðum í tengslum við háskóla. Hluti yfirstjórnar skólans setti sig að sögn Elísabetar upp á móti hugmyndinni.

Fengu inni í gömlu Nautastöðinni

Elísabet og Arngrímur hugleiddu kaup á gámahúsnæði frá Kína þegar Landbúnaðarháskólinn kallaði Elísabetu á fund og bauð henni húsnæði í gömlu Nautastöðinni á Hvanneyri, sem var í eigu Bændasamtaka Íslands, en leigusamningur um húsnæðið var í gildi milli BÍ og LbhÍ. Samningurinn var að sögn kaupsamningur sem átti á endanum að leiða til þess að skólinn eignaðist húsnæðið. Elísabet kveðst hafa haft efasemdir um þetta fyrirkomulag og hvort leggja ætti út í kostnaðarsamar breytingar til að koma starfseminni af stað. Eftir að aðilar bæði frá Bændasamtökunum og Landbúnaðarháskólanum höfðu sagt henni að ekkert væri að óttast varð þó úr að þau tóku boðinu.

Í ársbyrjun 2015 fóru þau til Sjanghæ og keyptu tæki og innréttingar og á meðan beðið var eftir þeim var unnið að endurbótum á húsnæðinu og það innréttað. „Við lögðum allt undir og margir Hvanneyringar, ættingjar og vinir lögðu okkur lið, við auglýstum stundum vinnuhelgar og iðulega mætti fólk og hjálpaði okkur við þetta verkefni," segir Elísabet. Hún fékk stærsta styrkinn frá Atvinnumálum kvenna árið 2015,



Elísabet Axelsdóttir og Arngrímur Thorlacius eiga fyrirtækið Efnagreiningu ehf.



Stór hluti starfsemi Efnagreiningar er að greina heysýni frá bændum.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkti framkvæmdirnar á húsnæði og þá bárust fleiri mikilvægir styrkir. Byggðastofnun lánaði fé til tækjakaupa og Landsbankinn fyrir breytingum á húsnæði.

Staðráðin í að ná heysýnunum heim

Elísabet segir að síðustu árin sem LbhÍ hafi boðið þjónustugreiningar fyrir bændur hafi kúabændur í stórum stíl snúið sér til rannsóknastofu í Hollandi með sín heysýni. Skólinn hafi lítið gert til að mæta kröfum nútímans þegar kom að greiningum, m.a. voru selenmælingar ekki í boði en þær fengust ytra. „Við vorum frá upphafi staðráðin í að ná heysýnum aftur heim og það tókst að mestu haustið 2018, en þá var lokið við að tengja okkar gagnagrunn við NorFor, Samnorræna fóðurmatskerfið. Örfáir bændur voru enn að senda heysýni til greiningar í útlöndum í fyrrahaust, 2019. Það má í raun segja að heyefnagreiningar fyrir bændur hafi verið ástæðan fyrir því að við ákváðum að ráðast í að stofna fyrirtækið fyrir fimm árum," segir Elísabet.

Eru í vottunarferli skv ISO 9000 staðli

Rúmlega 70% af tekjum fyrirtækisins koma inn síðustu fjóra mánuði ársins en þá er törn við greiningar á hey- og jarðvegssýni. Síðasta haust störfuðu 8 manneskjur í hlutastarfi hjá fyrirtækinu, flestir nemendur LbhÍ. Allan ársins hring sinnir félagið ýmiss konar mælingum fyrir stofnanir og fyrirtæki og er mest um orkuefna- og steinefnamælingar. Þá eru örverugreiningar einnig í boði en í þeim greiningum er mikið af hraðvirkum prófefnum. Elísabet segir að tækninni fleygi ört fram og Efnagreining sé vel tækjum búið. „Við erum í vottunarferli samkvæmt ISO 9000 staðli og við vonumst til að ná að jafna tekjurnar meira yfir árið og ná til okkar í meira mæli sýnum frá matvælaframleiðendum og aðilum í fæðubótargeiranum. Nú er þróunarsetur á Akranesi í uppbyggingu og það hljómar mjög spennandi."


Blaut tuska í andlitið

Leigusamningi við Efnagreiningu var sagt upp vorið 2018 og „það var eins og að fá blauta tusku í andlitið," segir Elísabet. Landbúnaðarháskólinn hafði þá sagt upp sínum leigusamningi við Bændasamtökin. „Ég fór í miklu uppnámi á fund með þáverandi rektor sem virtist koma nokkuð á óvart allt það samstarf sem er milli LbhÍ og Efnagreiningar. Eftir marga leynifundi var niðurstaðan að háskólaráð vildi að við myndum flytja rannsóknastofuna inn á rannsóknastofu LbhÍ. Ég vissi ekki hvort ég ætti að hlæja eða gráta," segir Elísabet. Enn var í yfirstjórn skólans manneskja sem hafði á sínum tíma staðið gegn því að þau færu með sína starfsemi þar inn. „Svo ég tjáði rektornum að það væri of mikil áhætta," segir hún. „Það eru flestir furðu lostnir yfir því að við séum á förum frá Hvanneyri og þykir sorglegt að skólinn hafi ekki beitt sér fyrir því að halda fyrirtækinu í gömlu Nautastöðinni."

Elísabet segir að Bændasamtökin hafi gert þeim ljóst við samningsslitin að þeir ætluðu að selja gömlu Nautastöðina. Fyrir ári var gerður leigusamningur við Efnagreiningu til 1 árs sem framlengdur var um 6 mánuði í senn með 3 mánaða uppsagnarfresti og segir Elísabet



Björk Sigurjónsdóttir að vigta sýni fyrir jarðvegsmælingar.



Heysýni frá bændum í sýrusuðu.



Húsnæðið er nú senn að verða tilbúið og starfsemi Efnagreiningar hefst á Akranesi í næsta mánuði.

að ekki sé hægt að reka fyrirtækið við slík skilyrði. Ógerlegt sé að flytja starfsemina nema með mun lengri fyrirvara. Þau Elísabet og Arngrímur buðu í húsnæðið upphæð sem ekki var langt frá fasteignamati, en of mikið bar í milli þeirra og Bændasamtakanna þannig að ekkert varð úr kaupum.

Óskuðu eftir lóð undir starfsemina og leist best á Akranes

Á þessum tíma bauðst til kaups hluti af svefnskálum sem stóðu við Búrfellsvirkjun. Elísabet sendi út bréf til Borgarbyggðar og óskaði eftir lóð fyrir 100 fermetra hús og um það bil 500 fermetra lóð. Tilboð frá Borgarbyggð kom eftir 13 vikur sem var alltof seint. Hún sendi sams konar bréf til fleiri sveitarfélaga á suðvesturhorni landsins, m.a. Akranes, og þar á bæ stóð ekki á svörum. „Þeir sannfærðu mig um að Akranes væri besti kosturinn," segir hún. Hún segir flest hafa staðist og mikill vilji til að gera eins vel og kostur er.

Unnið hefur verið við að setja húsin upp undanfarnar vikur og framkvæmdir gengið vel en Elísabet segir að mikil vinna sé við að koma rannsóknastofu upp. Að gera slíkt tvisvar yfir 5 ára tímabil sé hálfgerð bilun.

Félagið skilaði einhverjum hagnaði á liðnu ári sem gerir kleift að byggja starfsemina upp á nýjum stað. Helsta ástæða þess er að Byggðastofnun lengdi á liðnu ári á láni til fyrirtækisins úr 5 árum í 10 og segir Elísabet það skipta sköpum fyrir reksturinn.

„Við erum mjög bjartsýn," segir Elísabet og telur að ákveðið hagræði sé af því að starfsemin sé nær höfuðborginni. „Við yfirgefum Hvanneyri með söknuði, en hlökkum líka til að flytja á Skagann og takast þar á við gömul og ný verkefni á nýjum stað."

/MÞÞ



Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Tankar eru framleiddir úr endurunnu plasti
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



YLEININGAR


YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐSEÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

STEKKUR

Birkiþéla

Á eftir birkikembu kemur birkiþéla. Líkt og birkikemba er birkiþéla nýr skaðvaldur á birki hér á landi. Það sem verra er að þegar tímabili kembunnar lýkur þá tekur þélan við.

Útbreiðsla birkiþélu, Scolioneura betuleti, eru í Norður- og Mið-Evrópu. Kvikindið er nýlegur landnemi hér á landi og hefur fundist á ilmbjörk og hengibjörk á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Gera má ráð fyrir að hún hafi borist til landsins með óvarlegum innflutningi trjáa.

Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar, þaðan sem eftirfarandi er haft, segir að birkiþéla sé smávaxin blaðvespa sem er svört og gljáandi og með gulleita fætur. Lirfur hennar vaxa upp innan í laufblöðum birkisins með svipuðum hætti og lirfur birkikembu en þó síðsumars, ekki fyrri hluta sumars eins og lirfur birkikembu. Auðveldast er því að greina tegundina ef lirfur hennar finnast í laufblöðum birkis í ágústmánuði. Dýrin eru talin púpa sig fyrir veturinn en lífsferill tegundarinnar er enn lítið þekktur hérlendis.

Birkiþéla lifir á birki og hefur hún fundist á nokkrum tegundum þess. Lirfurnar vaxa upp inni í laufblöðum sem vaxa fram síðsumars, hola þau innan svo aðeins þekjuvefir efra og neðra borði standa eftir sölnaðir. Hér hafa sést umtalsverð ummerki eftir lirfur um miðjan ágúst. Fullorðin dýr hafa fundist í fyrri hluta júlí á Akureyri og fyrri hluta ágúst í Hafnarfirði. Sennilega fer vetrardvali fram á púpustigi. Tegundin er nýtilkomin á Íslandi og er lífsferill hennar því enn lítt þekktur.

Lirfur hafa einungis fundist hér á ilmbjörk og hengibjörk enn sem komið er aðeins í görðum. Ekki er vitað hvenær og hvernig birkiþélan barst til landsins en ólíklegt er talið að langt sé um liðið.

Þélan gæti hafa dulist hér í nokkurn tíma því ummerki hennar eru áþekk ummerkjum eftir lirfur fiðrildisins birkikembu, Heringocrania unimaculella, sem einnig er nýlegur landnemi. Birki hefur ávallt náð að endurnýja laufskrúð sitt þegar lirfur birkikembunnar hafa þroskast og horfið af vettvanginum. En nýlega fór að bera á sams konar spjöllum á birkilaufum síðsumars og voru uppi grunsemdir um að birkikemban væri farin að skila tveim kynslóðum á sumri. Það var þó talið ólíklegt.

Undir miðjan júlí 2017 varð vart við mikinn fjölda torkennilegra blaðvespna á birki á Akureyri. Eitt eintak fannst svo í gamalli gróðrarstöð í Hafnarfirði í fyrrihluta ágúst. Um miðjan ágúst höfðu komið fram mikil ummerki á ilmbjörk og hengibjörk á Akureyri, einnig á ilmbjörk í gróðrarstöð á höfuðborgarsvæðinu og hengibjörk í Kópavogi. Skemmd birkilauf frá Kópavogi voru skoðuð 22. ágúst. Lirfur voru farnar úr flestum þeirra en í öðrum voru enn lirfur af mismunandi stærðum. Nokkrum dögum síðar voru skoðuð lauf hengibjarkar annars staðar í Kópavogi. Ummerkin voru þau sömu en lirfur farnar.

Birkiþéla er smávaxin, 3 til 5 millimetrar, blaðvespa og nauðalík ýmsum öðrum tegundum blaðvespa. Þau eru gljáandi svört á lit nema fætur sem eru gulir að allmiklu leyti. Flókið vængæðakerfi kann að nýtast fróðum. Lirfur í laufblöðum birkis í ágúst eru besta vísbendingin um tegundina.

/VH

NYTJAR HAFSINS

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið:

Ráðherra eykur heimildir til strandveiða

– Ekki frekari heimildir til að auka við afla til strandveiða á þessu fiskveiðiári

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur undirritað reglugerð um auknar aflaheimildir til strandveiða á þessu fiskveiðiári. Með reglugerðinni er komið til móts við fjölgun báta sem hafa stundað strandveiðar á þessu ári en ljóst er að með ráðstöfuninni er öllum aflaheimildum í 5,3% kerfinu svokallaða ráðstafað að fullu á þessu fiskveiðiári.

Í júní ráðstafaði ráðherra rúmlega 31 þúsund tonnum til sérstakra aðgerða í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Um árlega úthlutun var að ræða sem byggir á lögum um stjórn fiskveiða en samkvæmt þeim er 5,3% af heildarafla í hverri fisktegund dregið af leyfilegum heildarafla til að mæta áföllum, til stuðnings byggðarlögum, línuívilnunar, strandveiða, rækju- og skelbóta, fristundaveiðar og til annarra tímabundinna ráðstafana til að auka byggðafestu. Í ákvörðun ráðherra fólst að alls 11.100 tonnum var ráðstafað til strandveiða sem er sama aflamagn og á síðasta fiskveiðiári.



Við upphaf strandveiða á þessu fiskveiðiári í maí síðastliðinn lá fyrir að talsverð fjölgun yrði í fjölda báta sem myndu taka þátt í veiðunum. Mynd / VH

Fjölgun báta

Við upphaf strandveiða á þessu fiskveiðiári í maí síðastliðinn lá fyrir að talsverð fjölgun yrði í fjölda báta sem myndu taka þátt í veiðunum. Af þessum sökum átti ráðuneytið frumkvæði að því að funda með hagsmunaaðilum í maí síðastliðinn og fóru alls þrír fundir fram. Í kjölfarið sendir ráðuneytið bréf á Landssamband smábátaeigenda hinn 26. maí síðastliðinn þar sem meðal annars var vísað til þess að líkur væru á því að það aflamagn sem ráðstafað væri til strandveiða á þessu fiskveiðiári myndu ekki duga til að veiðarnar gætu staðið út ágúst líkt og heimilt er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Þá gerði ráðherra jafnframt grein fyrir þróun strandveiða á fundi ríkisstjórnarinnar fyrr í þessum mánuði.

Aukning um 720 tonn

Samkvæmt samantekt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins eru nú líkur til þess að það aflamagn sem ætlað er til strandveiða muni klárast um komandi mánaðamót og þyrfti Fiskistofa í kjölfarið samkvæmt lögum að stöðva veiðarnar. Vegna þessa hefur ráðherra tekið ákvörðun um að flytja allar óráðstafaðar aflaheimildir innan 5,3% kerfisins á þessu fiskveiðiári til að koma til móts við aukna ásókn í strandveiðar á þessu fiskveiðiári. Alls er um að ræða 720 tonn og verður heildaraflamagn til strandveiða á þessu fiskveiðiári 11.820 tonn sem er það mesta frá því strandveiðar hófust.

Ráðherra hefur að lögum engar frekari heimildir til að auka við aflaheimildir til strandveiða á þessu fiskveiðiári.

/VH

Starfshópur afhendir ráðherra skýrslu:

Eftirlit með fiskveiðiauðlindinni

Verkefnastjórn um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni hefur afhent sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lokaskýrslu sína. Í skýrslunni er meðal annars lagt til að Fiskistofa fái heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir vegna meiri háttar brota gegn fiskveiðilöggjöfinni.

Ráðherra skipaði verkefnastjórnina í mars 2019 til þess að fjalla um þær athugasemdir og ábendingar sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í desember 2018 um eftirlit Fiskistofu og gera tillögur um úrbætur í rekstri Fiskistofu einkum er varðar verklag og áherslur er snúa að eftirlitshlutverki hennar.

Enn fremur var verkefnastjórninni falið að leggja mat á fjárþörf Fiskistofu til að hún geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum og að lokum að setja fram ábendingar um nauðsynlegar breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða hlutverk og viðfangsefni stofnunarinnar til að tryggja skilvirkni í störfum hennar.

Niðurstöður verkefnastjórnar

Nokkrar af helstu tillögum sem fram koma í skýrslu verkefnastjórnarinnar eru að Fiskistofa fái heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir vegna meiri háttar brota gegn fiskveiðilöggjöfinni.

Landhelgisgæslu Íslands verði falið aukið hlutverk við framkvæmd sjóeftirlits en að Fiskistofa fari með stjórnsýsluþátt verkefnisins og beri ábyrgð á áhættustýringu þess að höfðu samráði við Landhelgisgæsluna. Skilgreind verði ábyrgð og verkefnaskipting Fiskistofu og Landhelgisgæslu við sjóeftirlit.

Að innleidd verði áhættustýring og áhættustefna við sjóeftirlit og vigtun sjávarafla og að gerðar verði auknar kröfur um búnað sem nýtist við eftirlit með endur- og heimavigtun sjávarafla.



Lagt er til að Fiskistofa hefji tilraunir með notkun myndavélakerfa til eftirlits, bæði um borð í skipum og í höfnum og að huga verði að fleiri tækninýjungum sem gætu sparað kostnað og styrkt eftirlitið til lengdar. Mynd / VH

Lagt er til að Fiskistofa hefji tilraunir með notkun myndavélakerfa til eftirlits, bæði um borð í skipum og í höfnum og að huga verði að fleiri tækninýjungum sem gætu sparað kostnað og styrkt eftirlitið til lengdar.

Stefna ber að aukinni samvinnu Fiskistofu og greinarinnar um nýtingu þeirra upplýsinga sem safnað er í þeim hátæknikerfum sem íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru búin. Að komið verði á einu heildstæðu viðurlagakerfi við brotum gegn fiskveiðilöggjöfinni þannig að ávallt séu allar sömu heimildir til staðar til að bregðast við hvers kyns brotum á sem virkastan hátt og lagðar eru fram tillögur um breytta skilgreiningu á tengdum aðilum.



Fjárþörf fiskistofu

Í skýrslunni segir að eftir að verkefnastjórnin hafi kannað skiptingu útgjalda Fiskistofu á einstök verkefni og í ljósi þeirra tillagna og ábendinga um breytt verklag og hugsanlegan flutning verkefna til annarra stofnana, sem koma fram í skýrslunni, telur verkefnastjórnin heppilegast að bíða með að leggja mat á fjárþörf Fiskistofu þar til ákvörðun stjórnvalda um tillögurnar liggja fyrir.

Fulltrúar allra þingflokka í samráðshópi

Í verkefnastjórninni áttu sæti Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, formaður, Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi, Hulda Árnadóttir lögmaður, Oddný Guðbjörg Harðardóttir alþingismaður og Brynhildur Benediktsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Auk þess skipaði ráðherra samráðshóp til að styðja við starf verkefnastjórnarinnar með fulltrúum allra þingflokka á Alþingi, stofnana og helstu hagaðila í sjávarútvegi til ráðgjafar um hvernig bæta megi eftirlit með nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar.

/VH



Ísbjörn á gangi í Kaktovik, Alaska. Mynd / Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson

Þjóðminjasafn Íslands:

Safnar frásögnum um ísbirni

Ísbjarnasögur er heiti á nýrri spurningaskrá sem Þjóðminjasafn Íslands sendir út um þessar mundir. Tilgangurinn með henni er að safna minningum fólks um ísbirni með áherslu á að rannsaka ferðir þeirra til Íslands í sögulegu og samtímalegu samhengi.

Spurningaskráin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni, Ísbirnir á villigötum, sem unnið er í samstarfi íslenskra og alþjóðlegra háskóla og safna.

Tengsl dýra, fólks og umhverfis

Kristinn Schram þjóðfræðingur, sem vinnur að verkefninu ásamt fleirum, segir að með því að safna minningum fólks fáist innsýn í líf þess og reynslu.

„Það er mikilvægt að fá innsýn í reynslu þeirra sem með einhverjum hætti lifa í návist hvítabjarnarins. Sú þekking á að nokkru leyti rætur aftur í aldir með sagnaarfi sem ríkur er af bjarndýrum sem tignargjöfum og andvaragestum. Oft vísa þessar sögur til óljósra marka bjarna og manna og þá ekki síst berserkja. Samtímafrásagnir geta líka varpað ljósi á fjölþætt tengsl dýra, fólks og umhverfis á tímum loftslagshlýnunar, bráðnandi íss og hækkandi sjávarmáls.“

Ísbirnir á villigötum

Spurningaskráin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni, Ísbirnir á villigötum, sem unnið er í samstarfi íslenskra og alþjóðlegra háskóla og safna. Það er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís og leitt af myndlistarfólkinu Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson í samstarfi við Kristin og Æsu Sigurjónsdóttur listfræðing.



Kristinn Schram þjóðfræðingur vinnur að söfnun upplýsinga um ísbirni ásamt fleirum. Mynd / KÓP

„Auk þjóðfræðilegra rannsókna er unnið út frá sjónarhorni samtímalista og listfræði,“ segir Kristinn, „þannig að í verkefninu verða mörk fólks og dýra, menningar og raunveruleika skoðuð, ásamt samverkandi áhrifum loftslagsbreytinga á fólksflutninga og umhverfisrof sem því miður færist í aukana.“

Frásagnir varðveittar til framtíðar

Spurningaskránni er svarað á vefsíðu menningarsögulega gagnasafnsins Sarpur, www.sarpur.is.

Þær frásagnir sem berast verða varðveittar um ókominn tíma og gerðar öllum aðgengilegar, nema annað sé tekið fram. Nöfn heimildarmanna birtast ekki. */VH*









LÍF & STARF




Fanney Lilja Vignisdóttir og Bjarni Heiðar Halldórsson búa á Bifröst með börnum sínum. Bjarni vildi bæta við sig menntun en áður starfaði hann sem rekstrarstjóri hjá Domino's. Fanney er lærður einkaþjálfari og starfar á sveitahótelinu á Hraunsnefi. Myndir / Bifröst

Háskólinn á Bifröst:

Búseta á Bifröst

– Styrkur skólans felst í öflugu og kraftmiklu fjarnámi



Náttúran er engu lík á Bifröst í Borgarfirði – sannkallað náttúruleikhús!

Löng hefð er fyrir skólastarfi á Bifröst í Borgarfirði en sögu þess má rekja allt aftur til ársins 1955 þegar Samvinnuskólinn var fluttur að Hreðavatni. Árið 1988 hóf skólinn að bjóða upp á nám á háskólastigi og brátt hófst mikil uppbygging á staðnum, mikið var byggt og nemendur skólans bjuggu víða um Borgarfjörð. Síðustu ár hefur fólki fækkað mjög á Bifröst þó að nemendum við skólann hafi fjölgað. Breytingin er sú að nú stunda fleiri fjarnám en áður var og segja má að styrkur skólans felist í öflugu og kraftmiklu fjarnámi með vinnuhelgum inni á milli sem jafnan fara fram á Bifröst.

Nýr rektor tekur við búi

Skagfirðingurinn Vilhjálmur Egilsson, sem stýrt hefur Háskólanum á Bifröst allt frá 2013, lætur nú af störfum. Undir hans stjórn hefur rekstur skólans tekið miklum stakkaskiptum og sterkt fjarnám orðið aðalsmerki hans. Við keflinu á Bifröst tekur Margrét Jónsdóttir Njarðvík, sem er dóttir hjónanna Kristínar Njarðvík og Jóns Bergþórssonar. Hún er því Borgfirðingur í föðurætt en faðir hennar var frá Fljótstungu í Hvítársíðu. Margrét segist vera full tilhlökkunar og telur ekki skorta tækifæri á Bifröst. „Skólahald stendur vel um þessar mundir, námið er vandað og markmið mitt er að gera góðan skóla enn betri. Ég legg áherslu á að efla búsetu á Bifröst og tel mikilvægt að fjölga hér íbúum. Þegar mest var bjuggu yfir sex hundruð manns á staðnum, nú eru íbúarnir rétt ríflega tvö hundruð.“

Margrét segir það vissulega tímanna tákn að nú séu flestir nemendur skólans í fjarnámi, „hins vegar er það svo að fjarnám og staðnám geta farið ágætlega saman, hér er ekki um tvær andstæður að ræða. Þó að námið á Bifröst sé byggt upp með fjarnámssniði er það góður kostur að búa á staðnum, stunda nám í öflugu lærdómssamfélagi þar sem vinnuaðstæður eru góðar, finna stuðning annarra nemenda og eiga greiðan aðgang að kennurum.“

Öflugt lærdómssamfélag

„Í stað þess að tala um fjarnám og staðnám tel ég nærtækara að tala um nám,“ segir Margrét.

„Fyrirlestrar eru aðgengilegir á netinu og þeir nemendur sem búa á staðnum verða hluti af öflugu lærdómssamfélagi þar sem nemendur fá vinnuaðstöðu í skólanum.“

Þá áformar Margrét að bjóða reglulega upp á fyrirlestra fyrir bæði nemendur og starfsfólk þar sem sjónum er beint að hinum ýmsu viðfangsefnum, meginmarkmiðið sé að skapa líflegt samfélag þar sem öflugt menningarauðmagn verði límið sem haldi námssamfélaginu saman.

„Ég vonast til þess að staðurinn eflist, íbúum fjölgi en síðast en ekki síst að sá mikli fjöldi fjarnema sem stundar nám við skólann fái tækifæri til að mæta á öflugar og árangursríkar vinnuhelgar. Þeir sem það vilja eiga að fá tækifæri til að dveljast í frítíma sínum á Bifröst, eiga möguleika á að taka með sér fjölskylduna og verða nokkurs konar farfuglar á staðnum. Gamla góða Bifrastarandann er hægt að höndla hvort sem menn eru í fjar- eða staðnámi. Eðlilegra er að tala um nám sem rammað er inn af sterku lærdómssamfélagi. Birkiilminn í hrauninu má líka fanga í gegnum öfluga netfyrirlestra.“

Einn mikilvægur kostur við það að búa á Bifröst er hagstætt húsnæði og ekki spillir fyrir falleg náttúran í hrauninu sem strax á fyrsta degi nær að valdefla alla þá sem komast í tæri við hana. Margrét áréttar í lokin að staðurinn sé í raun ósvikið náttúrulegt leikhús þar sem hraunið



Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor á Bifröst.

og kjarrið leggja til litina, lyktina og leiktjöldin.

Borgarfjörður – miðstöð háskólanáms og símenntunar

Nágrönnum Bifrastar í Norðurárdalnum líst vel á áform Margrétar um eflingu búsetu á staðnum. Á Glitstöðum í Norðurárdal býr Guðrún Sigurjónsdóttir ásamt fjölskyldu sinni. Þau búa með kýr og kindur og reka litla ferðaþjónustu samhliða búskapnum. Guðrún fagnar mjög sýn Margrétar og áformum hennar um að efla byggðina á Bifröst enda mikilvægt að þar þrífist fjölskylduvænt námssamfélag.



Fyrir samfélagið í Borgarfirði skiptir miklu máli að öflugt samfélag sé til staðar á Bifröst,“ segir Guðrún Sigurjónsdóttir, bóndi á Glitstöðum.

„Fyrir samfélagið í Borgarfirði skiptir miklu máli að öflugt samfélag sé til staðar á Bifröst,“ segir Guðrún. „Það treystir ekki síst innviðina þegar kemur að rekstri leik- og grunnskóla. Skólinn er mikilvæg stoð í atvinnulífi hér í héraðinu og ég bind vonir við það að skólinn eflist og bjóði sem fyrr upp á nám sem treyst geti búsetu í hinni dreifðu byggð. Í því sambandi vil ég nefna að nám til löggilts bókara ætti vel heima á Bifröst en einnig þyrfti að mennta fólk til starfa innan ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að efla tengslin milli Bifrastar og næsta umhverfis og treysta enn frekar grundvöll Borgarfjarðar sem miðstöðvar háskólanáms og símenntunar.“

Fjölskyldvænt samfélag

Fyrir réttum þremur árum ákváðu Bjarni Heiðar Halldórsson og Fanney Lilja Vignisdóttir að flytjast á Bifröst en áður bjuggu þau í Ósló. Bjarni starfaði sem rekstrarstjóri hjá Domino’s en Fanney er lærður einkaþjálfari. Taugin var römm og heim vildu þau, vildu að börnin fengju tækifæri til að alast upp á Íslandi.

„Ég vildi líka afla mér menntunar,“ segir Bjarni, „ég hafði unnið hjá sama fyrirtæki frá því ég var 17 ára, í hartnær 14 ár, að mestu án skólamenntunar en sérfræðingur í öllu sem viðkom Domino’s. Ef ég ætlaði einhvern tíma að starfa við eitthvað annað eða fara út í eigin rekstur þá þurfti ég á meiri menntun að halda.“

Um líkt leyti og ungu hjónin fluttust heim var eldri bróðir Bjarna að ljúki námi á Bifröst og þau sáu hversu vel staðurinn fóstraði hann og fjölskyldu hans. „Staðurinn var paradís fyrir börnin og námið uppfyllti allar væntingar bróður míns. Ekki spillti að leigan á Bifröst var mjög hagstæð og enginn var heldur biðlistinn í leikskólann.“

Gáttin – upphaf námsins

Bjarni hóf nám í Háskólagáttinni sem hann telur einhvern besta undirbúning sem hægt er að hugsa sér fyrir háskólanám. Að því námi loknu taldi hann sig vel í stakk búinn til að takast á við nám í háskóla. „Í gáttinni náði ég í fyrsta sinn á ævinni góðum tökum á stærðfræðinni en líkt og hjá mörgum sem hverfa frá námi var stærðfræðin ástæða þess að ég hvarf úr skóla á sínum tíma. Nú er svo komið að allir þeir áfangar sem lúta að tölum eru í uppáhaldi hjá mér og ég hef meðal annars sinnt starfi aðstoðarkennara í stærðfræði.“

Í upphafi óttuðust þau að Fanney fengi ekki vinnu í nágrenninu. Sá ótti reyndist þó með öllu ástæðulaus því að í fyrstu vikunni á Bifröst fékk hún tvö atvinnutilboð og starfar nú á sveitahótelinu á Hraunsnefi.

Lífið og námið á Bifröst

Líkt og heyra má á þeim hjónum er lífið á Bifröst ljúft. Ekki spillir heldur að leikskólinn er góður. Hann er fámennur og samfélagið í kringum hann náið og gott. Ekki spillir heldur að umhverfið á svæðinu er einstaklega barnvænt og öruggt í alla staði enda eru allir bara sendir út að leika sér eins og tíðkaðist forðum.

Íbúðirnar á Bifröst eru líka ótrúlega vel úr garði gerðar og til í öllum stærðum og gerðum. Innifalið í leigunni er internet, hiti og rafmagn. Ekki spillir heldur að gæludýrahald er leyfilegt á staðnum og því létu þau hjón gamlan draum rætast og fengu sér Labradorhund.

Þegar Bjarni hóf nám á Bifröst var skólahaldið í vaxandi mæli að færast yfir í fjarnám. Það hindraði hann ekki í að búa á svæðinu. „Ég er þeirrar skoðunar,“ segir Bjarni, „að þeir sem búa á staðnum standi betur að vígi en hinn dæmigerði fjarnemi. Staðarbúar mynda sterk tengsl og samheldnin er mikil. Þótt ekki séu formlegir tímar í kennslustofu í skólanum þá hittast nemendur á tilsettum tíma hvern dag og hafa sína vinnuaðstöðu í skólanum enda er tækjakostur þar mjög góður. Nemendur horfa saman á fyrirlestra, ræða málin og læra saman. Á Bifröst er gott námssamfélag, nemendafélagið hefur þar sérstakt hús til umráða og heldur uppi ótrúlega góðu félagslífi. Alltaf er eitthvað um að vera.“

Að endingu áréttuðu þau Bjarni og Fanney að á Bifröst sé gott að búa. „Hér er góð líkamsræktaraðstaða með heitum pottum og gufubaði, náttúran er líka hreint út sagt mögnuð með fossa og fjöll í bakgarðinum og umhverfið kallar eiginlega á mann í létt skokk eða göngutúr með hundinn.“ Bjarni og Fanney taka heilshugar undir orð Margrétar um að umhverfið á Bifröst sé svo sannarlega ósvikið náttúruleikhús.

/GRJ



Bíll smáframleiðenda á Norðurlandi vestra. Alls taka þrettán framleiðendur þátt í verkefninu og bjóða varning sinn til sölu í bílnum sem er á ferðinni frá Borðeyri og að Ketilási í Fljótum. Myndir / Aðsendar

Smáframleiðendur á ferðinni á Norðurlandi vestra:

Ekið um með gæðavarning

– Grænmeti, blóm, bætiefni, krem, kjöt, blóm og garn selt beint úr bílnum

„Það hefur gengið alveg glimrandi vel, viðtökur hvarvetna mjög góðar og við fáum hrós fyrir þetta framtak," segir Þórhildur M. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd, en hún stýrir verkefninu Framleiðendur á ferðinni sem nú stendur yfir.

Verkefnið fékk styrk úr Sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Ákveðið var í kjölfar kórónuveirufaraldurs á liðnum vetri að styrkja aukalega nokkur verkefni í héraði til að fá hjólin til að snúast hraðar og var verkefnið Smáframleiðendur á ferðinni eitt þeirra sem hlutu styrk.

Alls taka þrettán smáframleiðendur í landshlutanum þátt í verkefninu í samstarfi við Vörusmiðju BioPol, sem hefur yfir að ráða vottuðu vinnslurými sem margir úr hópi framleiðendanna nýta sér til að útbúa sína vöru. Í boði í bílnum er fjölbreytt gæðavara, grænmeti, blóm, bætiefni, krem og kjöt, blóm og garn svo dæmi séu tekin. Smáframleiðendurnir eru Breiðargerði, Gandur, Garðyrkjustöðin Laugamýri, Grilllausnir Kambakoti, Gróðurhúsið Starrastöðum, Hraun á Skaga, Kaldakinn ll, Kjötvinnslan Birkihlíð, Pure Natura, Rúnalist, Skrúðvangur og Sölvanes. „Allir þessir framleiðendur vinna með sína frumframleiðslu og hráefni úr heimabyggð. Þeir hafa að leiðarljósi fullnýtingu hráefnis til að skapa gæðavöru," segir Þórhildur.



Þórhildur M. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd.



Grænmeti og sultur af ýmsu tagi er meðal þess sem hægt er að fá í sölubíl smáframleiðenda.

Frá Borðeyri að Ketilási

Þórhildur segir að verkefnið standi yfir í tvo mánuði, júlí og ágúst, og er fyrirkomulagið þannig að ekið er á milli staða í héraðinu aðra hvora viku. Hver ferð tekur fimm daga, hefst á mánudegi og lýkur á föstudegi, og er staldrað við á tveimur stöðum á hverjum degi, í þrjá tíma í senn. Eftir vikuna hefur bíll því haft viðkomu á tíu stöðum í fjórðungnum, frá Borðeyri í vestri til Ketiláss í Fljótum í austri. Leiðarkerfið er hægt að skoða inni á heimasíðu Vörusmiðjunnar.

„Þetta er mjög mikilvæg leið fyrir þá framleiðendur sem taka þátt til að koma vöru sinni á framfæri, koma framleiðslunni á kortið og gera hana sýnilega. Þetta gerir einnig að verkum að aðgengi að vörunum verður auðveldara og betra en áður. Við erum á ferðinni og komum með vörurnar til fólksins og þannig skapast tengsl á milli framleiðenda og viðskiptavina," segir Þórhildur.

Grundvöllur fyrir framhaldi?

Hún segir að viðbrögð hafi farið fram úr björtustu vonum, fólk kunni svo sannarlega að meta það að fá bíl fullan af alls kyns kræsingum nánast heim á hlað til sín. „Við fengum þennan styrk núna til að halda verkefninu úti í tvo mánuði. Að þeim loknum munum við fara yfir málið, gera tímabilið upp og meta stöðuna. Líklega verður skoðað hvort grundvöllur er fyrir framhaldi, það er ómögulegt að segja fyrir um það núna hvort framhald verði á en hægt að fullyrða að þetta hefur gefið góða raun," segir Þórhildur. */MÞÞ*







Viðtal

Hannes Snorrason, fyrirtækjaeftirlitsmaður á öryggis- og tæknisviði Vinnueftirlitsins:

„Fólk sér ekki hætturnar“

– Eftirlit í landbúnaði er í lágmarki. Því er áhættustýrt og fjármunum forgangsraðað í þágu stórra og fjölmennra vinnustaða.



Tjörvi Bjarnason
tjorvi@bondi.is



Hannes Snorrason, eftirlitsmaður hjá Vinnueftirlitinu, segir að lítið eftirlit sé í landbúnaði því fjármunir séu af skornum skammti. Áður var kerfisbundið farið í heimsóknir til bænda til þess að skoða vélakost og vinnuaðstæður en það sé liðin tíð. Myndir / TB

Vinnuslys eru afar kostnaðarsöm fyrir samfélagið og geta reynst einstaklingum sem lenda í þeim þungbær. Vinnuveitendur bera mikla ábyrgð og það er þeirra að sjá um að aðstæður á vinnustað séu til fyrirmyndar. Hannes Snorrason starfar við fyrirtækjaeftirlit hjá Vinnueftirlitinu. Hann segir að lítið eftirlit sé í landbúnaði því fjármunir séu af skornum skammti og áhættumat um eftirlit ráði áherslum. Hannes er með starfsstöð á Selfossi en honum er falið að sjá um eftirlit í sjávarútvegi og landbúnaði, allt frá Vesturlandi og austur í V-Skaftafellssýslu. Að auki sinnir hann ýmsu öðru eftirliti á Suðurlandi. Hann kemst ekki yfir nema hluta af því sem honum er falið en til þess að svo mætti vera þyrfti að fjölga eftirlitsmönnum að hans mati.

„Ég er útlærður vélfræðingur og með meistarabréf í vélvirkjun. Ég hef unnið á sjó og í landi í þeim fögum sem og við ýmislegt annað, t.d. við stjórnun og viðgerðir á alls konar vinnuvélum. Fyrir 15 árum hóf ég störf hjá Vinnueftirlitinu þar sem ég byrjaði að skoða vinnuvélaskráð tæki og vinnuvélar. Eftir ýmsar breytingar á starfinu var ég kominn inn í fyrirtækjaeftirlitið einvörðungu og hættur skoðun vinnuvéla. Þar með fór ég að skoða fyrirtæki almennt og undanfarin ár verið með áherslu á vélar og búnað. Mér voru faldar tvær yfiratvinnugreinar að vinna í: fiskveiðar, fiskverkun og fiskeldi ásamt því að hafa eftirlit með landbúnaði.“

Landbúnaðurinn ekki í forgangi

Hannes segir að hefðbundinn landbúnaður sæti afgangi í fyrirtækjaeftirliti því velja þurfi á milli þess að skoða stóra vinnustaði með mikla hættu og mörgu starfsfólki eða heimsækja vinnustaði með fáum starfsmönnum eins og hefðbundin bændabýli. „Í fullkomnum heimi þá gæti þurft marga eftirlitsmenn í hvorum geira fyrir sig, sjávarútvegi og landbúnaði. Ég er með þessa tvo stóru geira á minni könnu en fæ vissulega hjálp frá eftirlitsmönnum víða um land. Aðrir eftirlitsmenn eru þó með sínar eigin yfiratvinnugreinar sem þeir þurfa að líta eftir. Í grunninn þarf ég að sinna öllu suðvesturhorninu og kemst ekki yfir nema brot af því sem þarf að gera. Ég get því ekki sinnt skoðunum í landbúnaði eins og þörf væri á,“ segir Hannes.

Vinnueftirlit í hefðbundnum landbúnaði var umtalsvert á fyrri árum þegar bændur voru heimsóttir reglulega og vélakosturinn tekinn út. „Það byggðist á því að eftirlitsmenn fóru út á land og tóku fyrir viss svæði og heimsóttu bæi. Þá var aðallega verið að skoða vélbúnaðinn, þ.e. dráttarvélar, heyvinnuvélar og slík tæki. Farið var yfir bremsur og stýri, hlífar yfir aflúrtök og ýmis almenn öryggisatriði og mikil áhersla lögð á drifsköft. Enn lengra síðan voru veltibogarnir t.d. áhersluatriði. Þarna voru ekki komin tæki eins og liðléttingar sem eru nú á öðrum hverjum bæ. Í dag eru liðléttingarnir skoðaðir árlega þar sem þeir eru vinnuvélaskráðir og því tekið gjald fyrir skoðunina. Almenn skoðun fyrirtækja eða býla er hins vegar ekki gjaldskyld.“

Hannes segir að síðar hafi skoðunin orðið víðtækari og ekki einskorðast við vélar og tæki. „Lögð var áhersla á að kynna áhættumat starfa og við fórum t.d. að skoða aðstæður í mjólkurhúsum, hvernig var búið um eiturefni sem notuð voru við þrif á mjaltakerfum. Einnig hvernig frágangur var við haughús og hvort væri hægt að detta ofan í þau eða í gegnum hlemma eða ófullkominn frágang. Því miður var þetta sum staðar í ólagi. Málið er að menn ætla ekki að hafa hlutina svona, þeir verða bara samdauna sínu umhverfi og sjá ekki hætturnar. Það er í raun ekkert öðruvísi en á öðrum vinnustöðum. Áætlað var að skoða hvert býli á fjögurra ára fresti en hér á Suðurlandi a.m.k. var langt í frá að það tækist miðað við þann tíma sem gefinn var í þetta. Ástæðan var sú að við vorum það fáir eftirlitsmenn sem vorum í þessu, margir bæir og stuttur tími áætlaður í verkið á hverju ári. Mögulega var hægt að fylgja þessari áætlun á öðrum stöðum á landinu þar sem voru færri bæir á hvern eftirlitsmann,“ segir Hannes.



Hætt að fara í kerfisbundnar skoðanir á býli

Það fór svo að tekin var ákvörðun innan Vinnueftirlitsins að breyta áherslunum í fyrirtækjaskoðunum. „Það var farið að áhættumeta eftirlitið hjá stofnuninni og spurt í hvað við værum að eyða kröftunum okkar. Ef að ég ætti að velja sjálfur hvort ég ætti að fara í 50 manna fyrirtæki í fiskvinnslu með mörgum hættum eða tveggja manna bændabýli með miklum áhættum þá vil ég helst ekki þurfa þess. Eyða í það jafn miklum tíma jafnvel. Hvort á ég að velja? Það er vont að þurfa að velja svona,“ segir Hannes og heldur áfram. „Vinnueftirlitið tók af skarið með þetta og sagði einfaldlega að það yrði ekki skoðað í landbúnaði í bili, nema eitthvað sérstakt kæmi upp. Þá var átt við kvartanir og slys. Það var sem sagt hætt að fara í kerfisbundnar skoðanir á hefðbundin býli. Þetta fannst mér persónulega mjög vont en ég skil alveg rökin.“

Fjárveitingar duga ekki til

Að mati Hannesar eru of fáir eftirlitsmenn starfandi og þess vegna sé ekki hægt að sinna eftirliti eins og þyrfti. „Við erum einfaldlega ekki að sinna eftirliti sem skyldi, til dæmis í landbúnaði. Við höfum ekki fjármagn, ekki mannskap og ekki getu. Það þyrfti meiri peninga ef það ætti að sinna þessu sómasamlega. Skoðun hjá fyrirtækjum er á fjárlögum og inni í þeim fjárveitingum sem Vinnueftirlitið fær árlega. Þær duga bara ekki til svo hægt sé að sinna öllu. Ég tel okkur vera langt undir því að geta sinnt okkar hlutverki samkvæmt lögum því stofnunin er svo fjársvelt. Miðað við löndin sem við berum okkur oft saman við þá erum við með miklu færri eftirlitsmenn á hverja 10 þúsund starfandi en þau. Að auki tel ég að við séum með síðri reglugerðir að hluta til og ekki eins stíf viðurlög við brotum. Við höfum til dæmis ekki þau völd að geta beitt beinum sektum þegar hlutirnir eru augljóslega ekki í lagi og valda mikilli hættu.“

Landbúnaður í stöðugri þróun

Þrátt fyrir að skoðanir á býlum séu ekki lengur við lýði er ýmislegt gert fyrir landbúnaðinn. Nýlega lauk sérstöku samstarfsverkefni við Landbúnaðarháskólann sem sneri að gerð kennsluefnis. Einnig hafi verið skoðað hjá Landbúnaðarháskólanum og Skógræktinni og er Vinnueftirlitið í góðu samstarfi við þessa aðila. Þá hafi Vinnueftirlitið, í samvinnu við Bændasamtökin og Evrópsku vinnuverndarstofnunina, komið á fót rafrænu áhættumati fyrir bændur sem heitir Oira. Það verkfæri er komið í loftið til skoðunar en er þó enn í þróun og verður kynnt með meiri þunga þegar þeirri vinnu lýkur.

„Við höfum verið að sinna ýmsum verkefnum sem gaman er að segja frá. Við erum til dæmis að horfa á nýjar búgreinar eins og skógrækt þar sem stundað er skógarhögg sem er afar áhættusöm iðja. Það eru um 700 skógarbændur á landinu og veitir ekki af að sinna þeim. Það eru stór fyrirtæki og stofnanir í geirum tengdum þessum málaflokki sem og garðyrkju og skrúðgarðyrkju. Ég er búinn að skoða nokkra aðila eins og Skógræktina og í góðri samvinnu við þá að leiðbeina um vinnuverndarstarf og ýmislegt því tengdu. Vinnueftirlitið hefur að auki skoðað hinar ýmsu starfsstöðvar hjá Landbúnaðarháskólanum. Þetta eru aðilarnir sem kenna fólkinu okkar og að sjálfsögðu þarf allt að vera í lagi þar. Við hjá Vinnueftirlitinu erum því ekki alveg að skilja landbúnaðinn út undan,“ segir Hannes.

Vinnuslys í landbúnaði

Aðspurður um tíðni vinnuslysa í landbúnaði segir Hannes að það sé vitað að vinna með og í kringum dýr er stærsti áhættuþátturinn. Í samantekt sem gerð var árið 2004 um slys meðal bænda á Íslandi á vegum Vinnueftirlitsins, kom í ljós að tæpur helmingur slysa til sveita var vegna umgengni við skepnur. Næstmesta hættan er í kringum viðhald og endurbyggingar en 16,5% slysa urðu við þau störf. 11,3% slysa urðu við viðhaldsstörf á vélum.

En eru bændur samviskusamir að tilkynna slys?

„Það virðist því miður ekki í nógu góðu lagi. Bændur þurfa líklega að vera duglegri að tilkynna vinnuslys. Það byggist eflaust á því að þeim finnst ekki taka því ef slysið er minni háttar en það er þó lagaleg skylda að tilkynna vinnuslys sem veldur meiri fjarveru en bara slysdaginn. Minni háttar slys sem valda fjarveru er auðvelt að tilkynna á Mínum síðum á heimasíðu Vinnueftirlitsins og er aðallega til þess gert að hægt sé að vinna í tölfræðinni og breyta eða leggja áherslur á vissa þætti í eftirlitinu. Auðvitað er tilgangurinn líka að skrá slysin á formlegan hátt svo þau gögn séu til hjá opinberum aðila. Við fáum oftast inn til okkar tilkynningar um alvarleg slys þar sem kallaður er til sjúkrabíll eða lögregla. Þegar hringt er í 112 er spurt hvort um sé að ræða vinnuslys og þaðan er haft samband við viðbragðsaðila



„Partur af því að koma í veg fyrir slæm slys eru upplýsingar og þjálfun en stóri parturinn er að viðhafa virkt eftirlit og lagfæra það sem ekki er í lagi," segir Hannes Snorrason.

og Vinnueftirlitið eftir atvikum. Við erum þó stundum að heyra af slysum í fréttum sem hafa ekki verið tilkynnt og á þetta við um alla, ekki bara bændur."

Hannes segir að þegar fólk tilkynni slys fari í gang ákveðið ferli. Best sé að hringja í 112 þegar slys ber að höndum. „Þegar alvarleg slys eru tilkynnt ber að rannsaka orsakirnar. Við metum það í samráði við lögreglu og mögulega aðila á staðnum hvort við förum á slysstað og hvort vernda þurfi slysavettvanginn. Þegar þangað er komið reynum við að meta hvernig slysið átti sér stað og gerum skýrslu. Okkar hlutverk er ekki að finna blóraböggla heldur að reyna að koma í veg fyrir frekari slys sem að gæti gerst við sömu eða svipaðar aðstæður. Ef eitthvað er enn þá hættulegt þá getum við bannað vinnu eða notkun á vélum þar til úrbætur hafa verið gerðar. Alltaf er skrifuð skýrsla og teknar myndir. Við alvarleg slys eru venjulega gerðar umsagnir um vinnuslys sem er dýpri skýrsla sem gefur ákveðnar niðurstöður. Tilgangur okkar í þessu er alltaf forvarnarstarf en ekki að benda á sökudólga. Við gerum kröfur um að aðstæður séu lagfærðar og göngum eftir því."

Nú hafa búin stækkað og bændum fækkað síðustu áratugi. Hvernig horfir staðan við þér sem eftirlitsmanni þegar litið er til öryggismála í landbúnaði í dag?

„Það hefur margt breyst. Allir sem vinna í landbúnaði þekkja það. Nútímabændur eru vel upplýstir, vel menntaðir og nota þá tækni sem býðst í sínum búrekstri. Þeir eru oftast með nýjustu tækni og sá tæknibúnaður er oft og tíðum nokkuð öruggur. Það koma hins vegar nýjar hættur þó þær gömlu hverfi eða minnki. Sjálfvirkni hefur aukist gríðarlega og þá skapast nýjar hættur. Grunnreglan er alltaf að útiloka hættuna ef það er mögulegt og er það ábyrgðarhluti að setja upp nýjan búnað sem uppfyllir mögulega ekki öryggisviðmið og reglur þar um."

Hraðskreiðar dráttarvélar þarf að skoða

Hefðbundnar dráttarvélar eru ekki skoðunarskyldar í dag samkvæmt lögum en fyrr á árum sá Vinnueftirlitið um að fara á bæi og skoða þær. Nú er þó komið ákvæði í nýju umferðarlögin sem segir að allar dráttarvélar sem komast yfir 40 km hraða á klukkustund skuli skoða reglulega.

Á sínum tíma reyndum við að sinna eftirliti með dráttarvélum í heimsóknum á bæi en það er liðin tíð í bili að minnsta kosti. Núna sér Vinnueftirlitið um að skoða liðléttinga og önnur vinnuvélaskráð tæki en obbinn af dráttarvélunum verður út undan."



Það borgar sig aldrei að loka augunum fyrir vandanum ef öryggismálin eru ekki í lagi. Úrbætur þurfa ekki að kosta mikið eða mikla fyrirhöfn.
Mynd / Steini D.

Hannes segir að fyrirtækjaeftirlit og vinnuvélaeftirlit sé tvennt ólíkt. „Ef við berum fyrirtækjaeftirlit saman við vinnuvélaeftirlit þá eru gjöld tekin fyrir hverja skoðun í því síðarnefnda. Þar af leiðandi er hægt að ráða fleiri eftirlitsmenn þar sem verkefnin eru greidd af eigendum tækjanna, þ.e. skráðum vinnuvélum eins og liðléttingum, gröfum, lyfturum og slíku. Dráttarvélin er hins vegar út undan. Það er ekkert í lögum eða reglum Umferðarstofu um að dráttarvélar skuli skoðast árlega eða reglulega að frátöldum fyrrnefndum lagabreytingum um hraðskreiðari vélar. Dráttarvél sem búið er að að setja á ámoksturstæki eða tengja tæki við með drifsköftum eða glussaslöngum, er ekki lengur dráttarvél í lagalegum skilningi Vinnueftirlitsins heldur vinnuvél. Þar af leiðandi ætti hún að vera skráð hjá Vinnueftirlitinu en er í raun skráð hjá Umferðarstofu. Vinnueftirlitið hefur skráð hjá sér, í svokallaðri skoðunarskráningu, dráttarvélar sem eru hjá verktökum. Þetta má gagnrýna og spyrja af hverju dráttarvélar hjá bændum eru ekki líka skoðaðar undir sömu formerkjum. Þeir eru í raun ekkert öðruvísi, þ.e. báðir að vinna. Því eru óskoðaðar og stundum mjög stórar dráttarvélar á ferð um vegi landsins með alls konar búnað meðferðis eða í eftirdragi. Þetta er eitt af stóru vandamálunum sem þyrfti að laga að mínu mati."

Að mati Hannesar þyrfti sömuleiðis að leiðrétta undanþágu sem bændur hafa frá því að vera með réttindi á dráttarvélar heima á sínum býlum. Sú undanþága nær hins vegar ekki til annarra véla eins og liðléttinga. Í grunninn er dráttarvélin skráð hjá Umferðarstofu og þarf því bílpróf til aksturs úti á vegi en ekki vinnuvélaréttindi. „Skoðun dráttarvéla og réttindamál á dráttarvélar verður að lagfæra í kerfinu. Það er mjög áríðandi og skýtur skökku við allt annað sem er í gangi. Vinnueftirlitið hefur talað um þetta í mörg ár en málið virðist alltaf stoppa í kerfinu, hverju sem um er að kenna."

Öflugt eftirlit er nauðsyn

Í lokin berst talið að úrbótum í vinnuverndarstarfi bænda og hvaða ráð séu til að fækka slysum enn frekar í landbúnaði. Hannes telur að aðalatriðið sé virkt og gott eftirlit í bland við ráðgjöf og fræðslu.

„Partur af því að koma í veg fyrir slæm slys eru upplýsingar og þjálfun en stóri parturinn er að viðhafa virkt eftirlit og lagfæra það sem ekki er í lagi. Útilokum hætturnar eins og hægt er og eflum forvarnir. Það má ekki gleyma því að Vinnueftirlitið er eftirlitsstofnun. Okkur ber að líta eftir hag þeirra sem eru að vinna, þeirra öryggi og aðstæðum. Ef ekki er hægt að gera það nema með beinum kröfum, þá verður svo að vera. Við reynum alltaf að fara mjúku leiðina, maður gerir kröfur og upplýsir í leiðinni, reynir að fá fólk með sér og klára málin án einhverrar hörku eins og með beitingu dagsekta. Það vilja allir hafa vinnuumhverfið í lagi en það er bara spurning hvernig við náum því fram. Gott eftirlit sem fylgt er eftir í samstarfi við hagsmunasamtök er það sem er árangursríkast að mínu mati. Ég geri kröfur sem ég get byggt á lögum og reglum enda mitt hlutverk en ég verð að hafa þekkingu á hlutunum. Sú þekking eflist með samtali við fólkið sem vinnur störfin. Auðvitað er mitt hlutverk líka að fræða, upplýsa og hjálpa en ég verð samt að standa í lappirnar með hagsmuni starfsmannsins að leiðarljósi ef ekki er farið eftir því sem beðið er um og ég get staðið við samkvæmt lögum og reglum.

Í öllu mínu eftirliti í gegnum tíðina kem ég alltaf að því sama. Fólk sér ekki hætturnar eða það sem betur má fara. Það vill vel en sér ekki umhverfið eins og aðkominn eftirlitsmaðurinn. Það er samdauna umhverfinu eða tekur því sem sjálfsögðu. Þetta á líka við um fyrirtæki sem gera sitt besta í vinnuverndinni og sýnir mögulega hversu stutt við erum komin í hinum almenna skilningi á hugmyndafræðinni. Úrbætur þurfa ekki alltaf að kosta mikið eða mikla fyrirhöfn en auðvitað verður að bregðast við þegar þörf er á, öllum til hagsbóta. Þess vegna segi ég: það þarf gott eftirlit með vinnustöðum landsins en á hliðarlínunni þarf að vera góð upplýsingagjöf og fræðsla," segir Hannes Snorrason.

Áhættumat í fyrirtækjum og hjá bændum

Með tilkomu reglugerðar frá 2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum er öllum atvinnurekendum skylt að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði sem inniheldur skriflegt áhættumat starfa. Í grófum dráttum gengur áhættumatið út á að greina hættur í vinnuumhverfinu, skrá þær niður og meta áhætturnar sem þeim fylgja. Síðan er gerð áætlun þar sem úrbætur eru ákveðnar og tímasettar og þeim forgangsraðað eftir áhættustigi. Hannes segir að sárafáir bændur séu með áhættumat og þurfi að taka sig á við gerð þess. Slíkt eigi líka við um mörg fyrirtæki.

„Það eiga allir að gera áhættumat sem er lagaleg skylda, hvort sem þú ert einn að vinna eða með fleirum. Ef þú ert með menn í vinnu berð þú að sjálfsögðu ábyrgð á þeim og þér ber að gera áhættumat fyrir starfsemina. Áhættumatið er formleg leið að fara yfir vinnuumhverfið og er í raun og veru einfalt að framkvæma. Það eru til alls kyns gátlistar, vinnuumhverfisvísar og aðrar upplýsingar til að hjálpa manni við þetta. Áhættumatið er unnið þannig að maður fer skipulega yfir vinnuumhverfið með starfsmönnum og gerir það skriflega. Útbýr úrbótaáætlun og lagar það sem þarf að laga. Niðurstöður í lokin sýna hvað er viðvarandi en út úr því geta orðið til vinnu- eða verklagsreglur. Í fullkomnum heimi þyrfti ekkert vinnueftirlit því allir gerðu svo gott áhættumat og færu svo vel eftir því. Þegar talað er um áhættu þá er ekki verið að tala um slysahættur eingöngu heldur allt vinnuumhverfið. Líkamsbeiting, aðstaða, hitastig, loftræsting og lýsing sem og sálfélagslegar aðstæður skipta máli. Það eru líklega sárafáir bændur sem eru með áhættumat í fullkomnu lagi miðað við þær kröfur sem eru gerðar til þess. Að því sögðu þá á það líka við um fyrirtækin í landinu. Ég hef aldrei komið inn í fyrirtæki þar sem áhættumatið er það gott að það þurfi ekki að bæta úr eða lagfæra. Þetta er aldrei búið og þarf stöðugt að vera í endurskoðun."



Bændur sem vilja gera áhættumat geta nálgast gögn á vef Vinnueftirlitsins og einnig fyllt út rafrænt áhættumat, Oira, sem er að finna á vef BÍ, bondi.is og á vef Vinnueftirlitsins.



FRÉTTIR



Bændum er ráðlagt að fara yfir tryggingamálin og skoða hvort ökutækjatryggingar þeirra nái yfir eftirvagna eins og haugsugur og heyvinnutæki. Mynd / TB

Breytingar á lögum um ökutækjatryggingar:

Haugsuguláni varð bónda dýrkeypt

– Eftirvagnar ekki lengur tryggðir í gegnum ökutæki

Með nýjum lögum um ökutækjatryggingar, sem tóku gildi 1. janúar 2020, telst eftirvagn (t.d. kerrur, hestakerrur, tjaldvagnar og fellihýsi) eða annað tæki sem fest er við ökutæki sem ein heild.

Hjá bændum geta þetta t.d. verið rúlluvélar, vagnar, heyvinnuvélar, haugsugur o.fl. sem dregið er af dráttarvélum. Breytingin þýðir að ábyrgðartrygging ökutækis nær ekki yfir tjón sem verður á eftirvagni óháð eignarhaldi. Áður tók ábyrgðartryggingin á slíku tjóni ef eigandi eftirvagns var ekki ökumaður eða eigandi ökutækisins.

Haugsugan ótryggð

Bóndi nokkur lánaði haugsugu á milli bæja eins og góðir nágrannar gera. Haugsugan var ekki tryggð sérstaklega en sá sem fékk hana lánaða lenti í tjóni. Haugsugan sjálf var ótryggð og lenti því tjónið á bóndanum sem fékk haugsuguna lánaða.

Vátryggingafélag Íslands kynnti breytingarnar með eftirfarandi dæmi: A fær kerru lánaða hjá B og lendir í ökutækjatjóni sem hann er valdur að.

- ***Fyrir lagabreytingu:*** *Tjón á kerru greiðist úr ábyrgðartryggingu ökutækis A.*
- ***Eftir lagabreytingu:*** *Tjón á kerru greiðist ekki úr ábyrgðartryggingu ökutækis A.*

Ábyrgðartrygging ökutækis tekur áfram á tjónum sem verða vegna ökutækis sem dregur eftirvagn, að vagni frátöldum. Til að tryggja tengivagninn sjálfan þarf að kaskótryggja hann. Þess ber að geta að kaskótrygging ökutækis nær ekki yfir tengivagninn.

Hálfkaskó getur dugað

Bændur eru margir hverjir með svokallaðar „hálfkaskótryggingar“ á dráttarvélum til landbúnaðarstarfa. Undir þann skilmála falla landbúnaðartæki í eigu vátryggingataka sem eru fasttengd við dráttarvélina þegar hún veltur eða hrapar. Bótasvið tryggingarinnar innifelur einnig bruna, skemmdir vegna eldinga, rúðubrota og þjófnaðartilrauna en þessir þættir eiga eingöngu við um dráttarvélina sjálfa. Tryggingafélögin hafa hvatt sína viðskiptavini til þess að fara yfir tryggingamálin og hafa samband við sitt tryggingafélag ef þeir eiga tengivagn.

/TB



DRIFLÆSING FRAMAN OG AFTAN / HÁTT OG LÁGT DRIF / RAFLÉTTISTÝRI / DRÁTTARKÚLA / SPIL / STÓR DEKK / STILLANLEG FJÖÐRUN

COBALT 550 MAX LTD
Götuskráð tveggja manna
Kr. 1.680.000
með vsk.

IRON 450 MAX LTD
Götuskráð tveggja manna
Kr. 1.480.000
með vsk.

AFLVÉLAR JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is
Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is

Ferðaþjónustufyrirtækið Iceland Unlimited:

Boðnir afarkostir og okurvextir

Eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Iceland Unlimited þurfti að hóta að setja fyrirtækið í þrot eftir að hann lenti í skuld við greiðslumiðlunarfyrirtæki í kjölfar afbókana vegna COVID-19. Hann segir að sér hafi verið stillt upp við vegg með afarkostum.

„Ég náði að lokum samningi við mitt kortafyrirtæki en til þess að sá samningur næðist þurfti ég að hóta því að setja fyrirtækið mitt í þrot,“ segir Jón Gunnar Benjamínsson hjá Iceland Unlimited. „Kortafyrirtækið stillti mér hreinlega upp við vegg og bauð í fyrstu upp á afarkosti og okurvexti.“

Jón segir að það hafi komið sér verulega á óvart að greiðslumiðlunarfyrirtækið, sem hann hafi verið í viðskiptum við í tíu ár, eða frá stofnun þess, hafi boðið sér afarkosti eftir að hann lenti í vandræðum með greiðslur í kjölfar COVID-19.


Afpantanir og endurgreiðslur

Jón segir að í kjölfar COVID-19 hafi hann lent í skuld við greiðslumiðlunarfyrirtækið. „Skuldin varð þannig til að einhverjir aðilar voru búnir að greiða fyrir þjónustu hjá okkur með greiðslukorti og greiðsluþjónustan búin að áframgreiða til okkar. Svo gerist það að í kjölfar COVID-19 afpanta sumir ferðina og fá endurgreiðslu frá greiðslumiðluninni og hún endurkrefur mig um það sem hún er búin að borga mér. Það er því óumdeilanlegt að ég er í skuld við greiðslumiðlunina.

Vandinn hjá mér er aftur á móti sá að ég er búinn að nota hluta af peningunum í fjárfestingar sem tengjast rekstrinum og er ekki að fá neina innkomu á móti og get því ekki greitt allt að fullu til baka.“

Afarkostir

„Fyrirtækið sem ég er í viðskiptum við bauð í fyrstu hreina afarkosti til að gera upp við sig og það sem ég kalla okurlán. Samningurinn sem mér var boðinn átti að bera 10% vexti, auk þess sem ég átti að greiða helming af öllum jákvæðum færslum til þeirra, sem þýðir að greiðslumiðlunarfyrirtækið átti að fá helminginn af öllum kreditkortagreiðslum til mín sem lið í að greiða niður skuldina. Auk þess sem að í lok hvers mánaðar átti ég að greiða þeim eina milljón króna inn á skuldina og ofan á þetta allt saman átti að bætast um 0,5% álag á höfuðstólinn.“



Jón Gunnar Benjamínsson, eigandi Iceland Unlimited. Mynd / Aðsend

Hótaði að setja fyrirtækið í þrot

„Með því að bjóða slíka afarkosti er greiðslumiðlunin að nýta sér með grófum hætti mjög erfiða stöðu hjá mér og stilla mér upp við vegg og ætlar sér um leið að græða á því.“

Jón segir að hann hafi neitað þessum skilmálum og hótað að setja Iceland Umlimited í þrot og að því fylgdi að greiðslumiðlunin fengi ekkert upp í sína skuld.

„Um leið og ég gerði það er mér boðinn annar og betri samningur og með 4% vöxtum. Greiðslumiðlunarfyrirtækið var sem sagt umsvifalaust tilbúið til að draga úr kröfunum þegar ég hótaði að fara með mitt fyrirtæki í þrot.

Satt best að segja taldi ég mig eiga inni einhverja góðvild hjá fyrirtæki sem ég er búinn að vera í viðskiptum við í tíu ár en svo er greinilega ekki.

Í framhaldi af þessu og rúmlega 100% hækkunar á þóknunargjaldi greiðslumiðlunarinnar í október á síðasta ári hef ég verið að horfa í kringum mig eftir öðrum kostum erlendis sem bjóða upp á sams konar þjónustu,“ segir Jón Gunnar Benjamínsson hjá Iceland Unlimited. */VH*

Bændur taka á móti gestum í Mosfellsdal:

Námskeið í dýrahirðingu

Á Hraðastöðum í Mosfellsdal er tekið á móti margvíslegum hópum allt árið um kring þar sem jafnt ungir sem aldnir una sér í návígi við dýrin á staðnum. Húsfreyjan, Nína Baastad, sér um reksturinn og segir það ákaflega skemmtilegt að geta kynnt sveitina allt árið um kring.

„Við byrjuðum að taka á móti leikskólum fyrir 16 árum en fyrir sex árum, þegar dætur okkar vantaði sumarvinnu, kom upp sú hugmynd að halda námskeiðin Sveitasælu fyrir börn frá sex ára aldri. Þetta eru vikulöng námskeið sem er tvískipt fyrir og eftir hádegi. Þá hjálpa börnin til við að hirða um dýrin og læra að umgangast þau. Margir koma ár eftir ár en þetta eru hátt í 400 börn sem koma á ári hverju. Þessa návist við dýrin vantar svo mikið í dag og í raun að komast í sveit.

Opið um helgar fyrir gesti

Um helgar höfum við opið fyrir almenning frá 11–17 og teymt er undir krakka milli klukkan 13 og 14. Það eru alls kyns hópar sem koma hingað og hefur verið vinsælt hjá starfsmannafélögum að koma ásamt dvalarheimilum aldraðra. Við fengum einmitt hóp frá eldri borgurum í fyrra sem var virkilega skemmtilegt, þá var meðalaldurinn um 90 ár og þau voru öll svo glöð að koma. Þá fengum við góðar sögustundir og minningar úr sveitinni frá þeim,“ segir Nína.



Um helgar er opið á Hraðastöðum í Mosfellsdal frá kl. 11–17. Teymt er undir krökkum milli klukkan 13 og 14. Mynd / Aðsend

/ehg

OPSON 2020 – gegn matvælasvindli:

Umfangsmiklar aðgerðir gegn matvælasvindli

– Mest gert upptækt af skepnufóðri og áfengi

Í nýafstöðnum aðgerðum Europol, Interpol og fleiri löggæslustofnana, OPSON 2020, gegn matvælasvindli í Evrópu og víðar um heim, voru meðal annars gerð upptæk 320 tonn af hættulegum mjólkurafurðum. Aðgerðirnar fóru fram 20. júní síðastliðinn og var stjórnað frá Danmörku.

Aðgerðin leiddi til að upp komst um 19 skipulögð glæpasamtök sem lögðu stund á matvælasvindl eða glæpi tengda framleiðslu og sölu á matvælum. Í aðgerðunum, sem voru alls um 26 þúsund, og fóru fram í flestum löndum Evrópu á sama tíma, voru 406 handteknir og um 12 þúsund tonn af ólöglegum og hættulegum varningi tengdum matvælasvindli gerð upptæk. Verðmæti varningsins er áætlað vera 28 milljón evrur, eða rúmlega 4,4 milljarðar króna.



Ónýtur matur gerður upptækur og fargað. Mynd / Aðsend

Fóður, kaffi og apríkósufræ

Mest var gert upptækt af búfjárfóðri, yfir fimm þúsund tonn, og ríflega 2.000 tonn af áfengi. Í kjölfarið fylgdi matvara eins og morgunkorn, korn, kaffi og te. Á Spáni voru gerð upptæk 90 kíló af fölsuðu saffran og sjö kíló í Belgíu en saffran er dýrasta krydd á markaði í dag. Andvirði saffransins sem var gert upp á Spáni er áætlað vera tæpar 50 milljónir króna.

Í samræmdum aðgerðum í Bandaríkjunum voru haldlögð 147 kíló af apríkósufræjum frá Evrópu sem átti að selja sem lyf gegn krabbameini.

Skemmdir ostar og E. coli smit

Í Búlgaríu, Ítalíu, Frakklandi, Grikklandi, Portúgal og í Sviss var sérstök áhersla á að skoða mjólkurframleiðslu og mjólkurafurðir. Gerð voru upptæk rúm 320 tonn af mjólkurafurðum sem hafði verið smyglað milli landa eða voru undir gæðamörkum. Til viðbótar voru gerð upptæk 210 tonn af skemmdum osti eða osti sem var ranglega merktur upprunalandi eða heiti.

Nokkur sýni sem tekin voru úr osti í vöruhúsi í Búlgaríu reyndust jákvæð fyrir E. coli og þar í landi voru gerð upptæk 3,6 tonn af skemmdum osti sem stóð til að selja sem bræddan ost.

88 tonn af ólífuolíu gerð upptæk

Gæði ólífuolíu voru meðal þess sem skoðað var í Albaníu, Króatíu, Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, Jórdaníu, Litháen, Spáni, Portúgal, Noregi og á Íslandi.

Alls voru gerð upptæk um 149 tonn af jurtaolíu til matargerðar í Grikklandi og samanlagt 88 tonn af ólífuolíu í Albaníu, Króatíu, Frakklandi, Ítalíu, Jórdaníu, Litháen, Portúgal og Spáni en ekkert í Noregi eða á Íslandi.

Við skoðun hjá einu fyrirtæki á Ítalíu sem framleiðir ólífuolíu fundust um 66 tonn af umfram ólífuolíu sem hvergi var skráð til bókar hjá framleiðandanum. Umfram olían var gerð upptæk.

Áfengi

Í Búlgaríu, Þýskalandi, Grikklandi, Frakklandi, Ítalíu, Króatíu, Ungverjalandi, Litháen, Hollandi, Noregi, Portúgal, Spáni og á Bretlandseyjum var mest áhersla lögð á að skoða stöðu léttra og sterkra vína.

Alls voru gerðir upptækir 1,2 milljón lítrar af áfengi í aðgerðum lögreglunnar og var það að mestum hluta léttvín. Í Noregi fundust fimm þúsund lítrar af vodka sem stóð til að smygla til landsins í flutningabíl.

Hestavegabréf og hrossakjöt

Belgar, Danir, Frakkar, Ítalir, Írar, Spánar og Bretar voru þær þjóðir sem skoðuðu verslun með hrossakjöt.

Aðgerðin fólst meðal annars í því að skoða vegabréf 157 þúsund hrossa frá átta löndum og skjöl sem varða um 117 tonn af hrossakjöti. Fjöldi lifandi hesta og um 17 tonn af hrossakjöti voru gerð upptæk í nokkrum sláturhúsum í Belgíu, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Hollandi.

Skoðun í sláturhúsum í nokkrum löndum sýndi að um 20% erlendra hestavegabréfa voru fölsuð. */VH*

HITAVEITUSKELJAR

LÍNUBALAR
Mjög sterkir og endingagóðir. Sterk og traust handföng. Staflast vel. Henta mjög vel á pallinn, í garðinn og garðvinnuna.
VERÐ FRÁ 9.350 KR.

1.250 lítra fyrir 4-5 fullorðna, fánlegar í 4 litum, álagssterkar og endingargóðar. Skelin er úr gegnheilu pólýetýlen án sérstakrar húðunar og er því auðveld í allri vinnslu, vilji fólk sérútbúa hana með stútum, ljósum eða öðru.
VERÐ AÐEINS 148.800 KR.

JARÐGERÐARÍLÁT
Til verndunar umhverfinu fyrir moltugerð / jarðgerð, framleidd úr endurvinnanlegu pólýetýleni (PE).
VERÐ FRÁ 49.900 KR.



BORGARPLAST HF.
Fráveitulausnir og ker:
Völuteig 31, 270 Mosfellsbæ, Sími: **561 2211**
Húseinangrun og frauðkassar:
Grænásbraut 501, 262 Reykjanesbæ, Sími: **561 2210**
borgarplast.is
BORGARPLAST

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 20. ágúst

Gámurinn er þarfaþing



Til leigu eða sölu:
- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Sigríður og Kristján á Hvítanesi í Ísafjarðardjúpi:


Prjóna lopapeysur í sameiningu




– Varningurinn seldur á hinu vinsæla veitingahúsi Litlabæ

„Þegar við fórum að reka kaffihúsið í Litlabæ var ákveðið að hafa þar eitthvað til sölu og í framhaldi af því kviknaði hugmynd um að bjóða upp á prjónaðan varning," segir Sigríður Hafliðadóttir í Hvítanesi, en hún hefur í samvinnu við eiginmann sinn, Kristján Kristjánsson, prjónað lopapeysur í gríð og erg. Þær hafa um árabil verið til sölu í Litlabæ við Ísafjarðardjúp og verið vinsæll varningur hjá erlendum ferðamönnum sem koma þar að á hverju sumri.

Kristján prjónar jafnan bolinn og Sigríður klárar verkið og gengur frá. Auk þess að vera liðtæk í lopapeysuprjóni situr hún einnig við og prjónar vettlinga, sokka og húfur. „Ég hef gaman af því að prjóna og hef stundað þessa iðju mér til skemmtunar frá því ég var lítil stelpa," segir Sigríður.



Sigríður Hafliðadóttir við prjónaskapinn, hún tekur við þegar Kristján hefur prjónað bolinn.



Kristján Kristjánsson fékk konu sína til að kenna sér að prjóna og í sameiningu prjóna þau lopapeysur sem seldar eru í Litlabæ.



Lopapeysurnar þeirra Sigríðar og Kristjáns eru sannkölluð meistarastykki!

Mikilvægt að sýna líka kotbýli

Litlibær var á árum áður í eigu fjölskyldu Kristjáns en búskapur lagðist af árið 1969 og fór jörðin þá í eyði. Þrjátíu árum síðar gaf fjölskyldan Þjóðminjasafninu húsið og var það gert upp. Upphaflega húsið var reist árið 1895 af tveimur vinafjölskyldum sem báðar bjuggu í húsinu, en því var skipt í miðju með þvervegg. Það er úr timbri með steinhlöðnum veggjum upp að langhliðum og grasi á þökum. Sigríður segir að Þjóðminjasafnið hafi með því að gera býlið upp viljað sýna almenningi hvernig kotbýli fyrri tíma litu út, en þegar eru aðgengileg í landinu nokkur stórbýli höfðinga. „Það er ekki síður áhugavert að fá innsýn í það hvernig þeir sem minna máttu sín bjuggu fyrrum," segir Sigríður en þegar mest var bjuggu yfir 20 manns í húsinu sem ekki er ýkja stórt. Lífið byggðist upp á sjósókn, ræktarland umhverfis býlið er lítið, en ábúendur höfðu alla tíð kýr og kindur í einhverjum mæli með sjómennskunni.

Þjóðlegar veitingar

Hvítanes er í um eins kílómetra fjarlægð frá Litlabæ og þar hafa þau Sigríður og Kristján búið ásamt börnum sínum. Þau voru með fjárbú, 12 kýr og þó nokkuð af geldneytum þegar mest var, en hafa nú hætt búskap.

Sigríður segir að alla tíð hafi mikið verið um að fólk á ferðinni hafi komið heim að Litlabæ og langað að skoða. Þau hafi verið á fullu við að sýna ferðalöngum bæinn og það vatt upp á sig á þann veg að eftirspurn varð einnig nokkuð eftir því að staldra við og fá kaffisopa. „Þannig að þetta endaði með að sett var upp kaffihús, í fyrstu með einföldum þjóðlegum veitingum eins og vöfflum, kleinum og hjónabandssælu svo dæmi séu tekin. Úrvalið hefur svo aukist í áranna rás og í boði er að jafnaði vegleg kaka dagsins sem jafnan nýtur vinsælda og þá eru pönnukökur bakaðar þegar koma hópar," segir Sigríður.



Litlibær við Ísafjarðardjúp. Þegar mest var bjuggu yfir 20 manns í húsinu sem ekki er ýkja stórt. Myndir / Úr einkasafni

Kenndi Kristjáni að prjóna

„Síðan þróast allt og það bætist eitt og annað við, m.a. var sett upp söluhorn og ég fer að prjóna vettlinga, sokka, húfur og lopapeysur til að bjóða útlenda ferðafólkinu, en það er alltaf töluverð eftirspurn eftir varningi af því tagi," segir Sigríður. „Kristján fór líka að velta fyrir sér varningi og var hér úti í skemmu að renna ýmsa hluti en horfði öfundaraugum á mig sem sat inni í hlýjunni í notalegheitum með prjónana. Það varð úr að ég kenndi honum að prjóna og okkar samvinna við lopapeysuprjónið hófst. Það hefur gengið mjög vel og menn hafa á orði að enginn munur sé á handbragði eða áferð hvort heldur það er bolurinn sem Kristján prjónar eða ermar sem ég hef á minni könnu."



Fátt er betra á ferðalögum en pönnukökur með rjóma.

Enn að baka og búa til sultur

Sigríður segir að rekstur veitingastaðar í Litlabæ hafi nánast óvart komið upp í hendur þeirra hjóna fyrir 15 til 20 árum síðan. Þau hafi þá brugðið búi og ekki haft annað í hyggju en að hafa það náðugt meðan aldurinn færðist yfir. „En svona er nú lífið, það færir manni ýmis verkefni að takast á við og þetta hefur verið ánægjulegt," segir Sigríður en nú í vor hættu þau rekstrinum og Guðrún Fjóla dóttir þeirra tók við. „En við komum nú reyndar áfram við sögu í Litlabæ, veitum þá aðstoð sem þarf og ég er enn að baka," segir hún. Þá gera þau einnig sultur sem eru til sölu á palli niðri við sjó og hafa þann háttinn á að fólk tekur sultukrukku og greiðir í bauk sem þar er. Þau nýta ríkulegt aðalbláberjaland í námunda við sig og hafa að auki einnig bakað bláberjaköku sem í boði er á kaffihúsinu og þykir lostæti.

Útlendingar farnir að sjást á ný

Sigríður segir að um árin hafi mikil umferð verið á Litlabæ en farþegum skemmtiferðaskipa sem stoppa á Ísafirði er boðið upp á dagsferð m.a. með viðkomu þar. Eins hafi erlent ferðafólk í hópferðum staldrað við í miklum mæli. Mikið sé einnig um að fólk á ferðinni stoppi í Litlabæ.

„Útlendingana vantaði alveg framan af sumri, en þeir eru aðeins farnir að sjást á ný, það kemur einn og einn og mér sýnist að þeim fari fjölgandi," segir Sigríður. Hún bætir við að Íslendingar séu mikið á ferðinni og engu líkara en landsmenn hafi bara allir ætlað að skoða Vestfirði í sumar, slík er umferðin. „Undanfarna daga hefur verið mikið að gera, yfirfullt alla daga og greinilegt að landsmenn eru á faraldsfæti. Veðrið hefur leikið við okkur og stemningin er yndisleg," segir hún.

/MÞÞ

Samkeppni um hönnun útsýnisstaðar á Súgandisey við Stykkishólm:

Markmiðið að auka útsýnis- og náttúruupplifun

Alls óskuðu 22 teymi eftir að taka þátt í forvali vegna samkeppni um hönnun útsýnisstaðar á einni af náttúruperlum Breiðafjarðar, Súgandisey við Stykkishólm.

Stykkishólmsbær í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta standa að samkeppninni. Úr þeim hópi voru átta dregnir út og munu þeir skila inn tillögum í haust.

Þeir sem voru valdir er Tendra og MAD, KRADS og Schöherr, Trípólí og Ómar Ingþórsson og Landslag og Glámakím. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að nýta lausnir og hugmyndir úr öllum tillögum sem berast en bæjarstjórn stefnir að því að semja við verðlaunahöfunda um áframhaldandi hönnun útsýnisstaðarins.

Markmið hönnunarsamkeppninnar er að auka útsýnis- og náttúruupplifun íbúa og gesta svæðisins, auka aðdráttarafl Stykkishólms sem eftirsóknarverðs ferðamannastaðar á Snæfellsnesi og ekki síst að tryggja betur öryggi þeirra er ganga á Súgandisey. Verkefnið hlaut í mars styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.



Átta teymi taka þátt í hönnun útsýnisstaðar á Súgandisey við Stykkishólm. Verkefnið hlaut styrk úr Framkvæmdastjóði ferðamannastaða. Myndir / MÞÞ



Vitinn sem fluttur var í Súgandisey árið 1948.

Vinsældir vitans fara vaxandi

Þverhnípt bjarg Súgandiseyjar ver innsiglingu bæjarins vel fyrir ágangi sjávar. Stykkishólmur liggur nyrst á Þórsnesi í vík milli tveggja ásdraga sem ganga í sjó fram og nefnast höfðar í munni heimamanna. Súgandisey er eftirsóknarverður staður bæði fyrir heimamenn og gesti til göngu- og náttúruupplifunar. Eyjan er rík af fuglalífi og útsýni yfir Breiðafjörð og bæjarstæði Stykkishólmsbæjar er einstakt þaðan. Vinsældir Súgandiseyjarvita fara vaxandi sem myndefnis, en hann var reistur árið 1897 á Gróttu á Seltjarnarnesi og fluttur í Súgandisey árið 1948. Vitahúsið er elsta vitamannvirki sem starfrækt er á Íslandi.

235 þúsund ferðamenn

Ferðaþjónusta í Stykkishólmi á sér langa hefð og þar skipa ferjusiglingar um náttúruperlur Breiðafjarðar stóran sess. Bærinn hefur almennt mikið aðdráttarafl bæði meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Áætlað er að um 235 þúsund manns hafi heimsótt Stykkishólm árið 2018 samkvæmt skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. */MÞÞ*



Verkefninu um Vitaleiðina var formlega hleypt af stokkunum í byrjun júlí en hér eru forsvarsmenn verkefnisins með kortið af leiðinni. Myndir / Aðsendar

Ný 49 km ferðaleið á Suðurlandi:

Vitaleiðin – á milli þriggja vita

Vitaleiðin er nafn á nýrri ferðaleið á Suðurlandi þar sem ferðamönnum og heimamönnum gefst kostur á að fara á milli þriggja vita. Leiðin nær frá Selvogi í Ölfusi að Knarrarósvita rétt hjá Stokkseyri með stoppi í Hafnarnesvita í Þorlákshöfn.

„Hugmyndin að leiðinni kom upp fyrir um ári en Markaðsstofa Suðurlands er að vinna að verkefnum í tengslum við ferðaleiðir og fannst okkur tilvalið að horfa á vitana sem marka Vitaleiðina. Við höfðum samband við sveitarfélögin Árborg og Ölfus til að vinna verkefnið með okkur og það var vel tekið í hugmyndina," segir Laufey Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Markaðsstofunni.

Laufey Guðmundsdóttir.

Hún segir Vitaleiðina skemmtilega og bjóða upp á fjölbreytta ferðamáta, hvort sem þú ert göngugarpur, hlaupari, hestamaður, hjólreiðamaður eða vilt bara heimsækja helstu staðina og aka veginn. „Þarna getur þú valið þér þinn uppáhalds ferðamáta og farið eins hægt eða hratt og hentar þér. Vegleiðin er um 45 km löng en ef þú velur að ferðast á umhverfisvænni hátt með því að ganga, hlaupa, hjóla eða fara ríðandi á hestum þá er leiðin um 49 km meðfram strandlengjunni," segir Laufey. Heimasíða Vitaleiðarinnar er www.south.is/vitaleidin.

Vitaleiðin er fyrir alla

Þegar Laufey er spurð hver sé markhópur Vitaleiðarinnar segir hún að leiðin sé fyrir alla sem eiga auðvelt með ganga. „Já, þú gengur hana samt tæplega á einum degi þar sem hún er tæplega 50 km löng en er fín þriggja daga gönguleið þar sem þú stoppar og nýtur þín í þorpunum þremur á leiðinni, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er engin hækkun á leiðinni en undirlagið getur verið mismunandi eftir því hvar þú ert staddur á leiðinni. Það er einmitt ein af upplifunum leiðarinnar að sjá fjölbreytileikann í fjörunum, hraunafjara með tjörnum eða svört sandfjara. Á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka er malbikaður stígur, á Eyrarbakka er hægt að ganga á sjóvarnargarðinum og leiðin frá Þorlákshöfn að Selvogi er slóði," segir Laufey. */MHH*



Kort af Vitaleiðinni sem Þórarinn Gylfason teiknaði fyrir verkefnið verða sett upp á gönguleiðinni.

RAFGEYMASALAN
GÓÐ ÞJÓNUSTA, GÆÐI OG GOTT VERÐ

GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR TEGUNDIR **LYFTARASELLA** Á **GÓÐU VERÐI**





FÁÐU TILBOÐ
VIÐ LEYSUM ÞETTA SAMAN
Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300 Hafa áhrif um land allt!

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Hlöðueldhúsið er nýr veitingastaður í Þykkvabænum:

Hlöðu og fjárhúsi breytt í stórt eldhús og veitingasal

– „Gamla Ísland“ á matseðlinum og áhersla lögð á hráefni úr héraði

Hjónin Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson, auk Hauks Sigvaldasonar, undirbúa nú formlega opnun Hlöðueldhússins, nýs og glæsilegs veitingastaðar á lögbýlinu Oddsparti í Þykkvabæ, sem er aðeins um 10 mín. akstur frá þjóðveginum við Hellu. Þar er búið að gera upp hlöðu og áfast fjárhús og breyta í stórt eldhús og veitingasal með öllu tilheyrandi.

Þremenningarnir keyptu Oddspart fyrir rúmum tveimur árum og voru að leita að stað sem væri vel í sveit settur en ekki of langt frá þéttbýlinu í kringum höfuðborgina. Síðan var hafist handa við að láta teikna staðinn upp og hanna allt samkvæmt núgildandi reglugerðum. Um áramótin 2018/19 var svo hafist handa við framkvæmdir og þeim lauk í vor. Formleg opnun staðarins verður 5. september í haust.

Hópar geta eldað sjálfir

„Meginstarfsemin gengur út á það að fá til okkar hópa, 10–16 manna, og bjóða þeim að elda í sameiningu í okkar rúma eldhúsi. Þá er skipt í lið og sumir elda forrétt aðrir aðalrétti og enn aðrir eftirrétt. Hrönn er til leiðsagnar og leggur upp hvaða matseðill er í samráði við hópinn. Þá er hægt að velja úr nokkrum matseðlum áður en hafist er handa t.d. „Gamla Ísland“ sem er meira hugsað fyrir erlenda gesti. Þar er byggt á okkar þjóðlegu matarmenningu en snúið til nútíma horfs. „Nýja Ísland“ gengur aftur á móti út á að gera spennandi nýja rétti en þó notað mest íslenskt hráefni. Einnig er boðið upp á Þykkvabæjarþema en Þykkbæingar eru frægir fyrir sína kartöflurækt og margvíslega rétti úr hrossakjöti sem sumir finnast ekki annars staðar,“ segir Þórólfur aðspurður um starfsemina. Hann segir að það verði líka hægt að panta fyrir stærri hópa eins og 20–50 manna og þá munu þau sjá um að elda fyrir mannskapinn og framreiða í veislusalnum. Einnig eru þau opin fyrir öðrum viðburðum eins og afmælisveislum, tónlistaratriðum eða jafnvel fundi þar sem þátttakendur myndu bregða á sig svuntu í fundarlok og galdra fram veitingar.



Veislusalurinn í Hlöðueldhúsinu í gömlu hlöðunni er mjög fínn enda var vandað til verka við byggingu hans. Hér er salurinn fullur af ánægðum gestum. Mynd / Hreinn Magnússon



Í Hlöðueldhúsinu í Þykkvabæ er tilvalið fyrir hópa að koma saman og elda í sameiningu í flottu eldhúsi staðarins þar sem skipt er í lið. Sumir elda forrétt, aðrir aðalrétti og enn aðrir eftirrétti. Mynd / Hreinn Magnússon

Góðar móttökur heimamanna

Hrönn segir að heimamenn í Þykkvabæ hafi tekið nýju starfseminni afskaplega vel og fylgjast með hverju skrefi í framkvæmdum og starfseminni.

„Mannlífið hér er mjög gott og einkennist af samheldni og dugnaði bændanna. Þeim finnst að við séum að koma með viðbót sem styrki samfélagið og ekki ólíklegt að ferðamennska aukist hér líkt og víðar hér á Suðurlandi,“ segir Hrönn.

Heimsfaraldurinn og áhrif hans

Í Þykkvabænum eins og víða annars staðar í ferðaþjónustu hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar haft sín áhrif. Fyrirfram áttu þremenningarnir von á því að erlendir túristar yrðu þeir sem kæmu til þeirra yfir hásumarið en Íslendingar vor og haust. „Nú vantar erlendu gestina en við eigum von á því að landinn láti sjá sig með haustinu eins og pantanir gefa til kynna. Við hjónin áttum og rákum veitingahúsið Kaffi Loka við Hallgrímskirkjutorg í Reykjavík um 10 ára skeið og höfum rekstur þremur mánuðum fyrir bankahrunið. Við erum því öllu vön í því að takast á við krísur,“ segir Hrönn og skellihlær.

Skemmtilegur keppnisandi

Haukur segir að það sem gefi Hlöðueldhúsinu sérstöðu sé að fólkið í hópunum sem til þeirra koma starfi og skemmti sér saman við eitthvert ákveðið verkefni og njóti svo afrakstursins á eftir sameiginlega.

„Það kemur upp skemmtilegur keppnisandi þegar hver hópur kynnir til sögunnar sinn rétt og svo er dæmt um það á eftir hvernig til hefur tekist. Vanalega setjast menn bara að borðum á venjulegum veitingastöðum og láta þjónusta sig sem getur verið notalegt, en þetta hefur mun meira gildi í því að þjappa fólki saman og því er hægt að líta á þetta sem hópefli ef út í það er farið,“ segir Haukur.

Hráefni úr héraði

Það hefur stundum verið talað um matarkistu Suðurlands og það eru orð að sönnu og að sjálfsögðu ætlar Hlöðueldhúsið að nýta sér sunnlenskt hráefni, sem allra mest í sinni starfsemi.


„Já, auðvitað, við höfum einsett okkur að fá hráefni til matargerðar sem mest úr héraði og helst tengjast ákveðnum bændum. Til að mynda hlaupum við yfir götuna til þeirra bræðra Guðmundar og Yngva í Önnuparti til að ná í kartöflur og ekki stendur á því. Þá höfum við endurbætt gróðurbragga sem hér er og munum rækta í honum kryddjurtir, salöt og ýmsar matjurtir. Við hliðina á bragganum er garður með rófum, hnúðkáli, hvítkáli og slíkum útijurtum. Það er upplifun fyrir fólk sem kemur úr þéttbýlinu að fá að ná sér beint úr garði eða gróðurhúsi grænmeti í pottinn. Í því sambandi má nefna að Markaðsstofa Suðurlands er með nýtt verkefni, Matarauður Suðurlands, þar sem ýtt er undir að kaupa hráefni og unna vöru úr héraði,“ segir Þórólfur.

Hlöðueldhúsið verður opnað formlega laugardaginn 5. september fyrir iðnaðarmenn og velgjörðarfólk eigenda staðarins en ef einhverjir hópar hafa áhuga á að koma í ágúst þá er opið fyrir það.

/ MHH



Hjónin Þórólfur Antonsson og Hrönn Vilhelmsdóttir. Mynd / Atli Rúnar Halldórsson



Haukur Sigvaldason, sem á Hlöðueldhúsið með þeim Hrönn og Þórólfi, er yfirsmiður staðarins enda annálaður fyrir vandvirkni og dugnað. Þremenningarnir vonast til að með haustinu fari vinnustaðir, saumaklúbbar, gönguhópar og fleiri að hópa til í Hlöðueldhúsið sér til skemmtunar og matarupplifunar. Mynd / Þórólfur Antonsson





Ferðaþjónustufyrirtækið Outdoor Activity býður upp á kanóferðir undir Eyjafjöllum. Myndir / Aðsendar

Persónulegar göngu- og kanóferðir undir Eyjafjöllum

Parið Birta Guðmundsdóttir og Tor Holmgren opnuðu í vor ferðaþjónustuna Outdoor Activity í kringum göngu- og kanóferðir undir Eyjafjöllum. Hugmynd að rekstrinum fæddist þegar þau komust yfir kanóa sem geymdir höfðu verið í fjárhúsum í nágrenninu. Kanóarnir höfðu legið þar lítið notaðir í talsverðan tíma og þeim fannst tilvalið að nýta þá í eitthvað uppbyggilegt og spennandi. Út frá þessari hugmynd ákváðu þau svo að nýta þekkingu sína á svæðinu og bættu við gönguferðum í sínu nærumhverfi og fjöllunum sem þau þekkja svo vel.

Tor kemur frá Svíþjóð, nánar tiltekið Helsingborg, og er mikill útivistarmaður sem hefur ferðast vítt og breitt um heiminn. Tor kom fyrst til Íslands árið 2016 og líkaði svo vel að hann kom til baka árið eftir og hóf þá störf í Skálakoti þar sem hann sá aðallega um hestaleiguna til að byrja með. Birta er hins vegar Eyfellingur í húð og hár, alin upp í Skálakoti undir Eyjafjöllum þar sem foreldrar hennar reka ferðaþjónustu. Hún er búfræðingur að mennt, en hún ákvað að námi loknu að snúa aftur í heimahagana í Skálakoti þar sem hún kynntist svo Tor. Tor hafði talsverða reynslu af bæði kanóum og kajaksiglingu frá heimalandinu þar sem fjölskyldan hans átti sumarhús við sjóinn og fór reglulega á sjókajak saman.



Birta Guðmundsdóttir og Tor Holmgren, eigendur Outdoor Activity.

Upplifun fyrir hvern og einn

Með þessa reynslu í farteskinu, þekkingu og kunnáttu á svæðinu um kring og löngun til að prófa eitthvað nýtt og spennandi saman, varð á endanum úr ferðaþjónustufyrirtækið Outdoor Activity. Samkvæmt Tor fer eftirspurnin stöðugt vaxandi og hann horfir björtum augum til framtíðar. Á heimasíðu Outdoor Activity, á slóðinni myoutdooractivity.com, er hægt að finna góðar upplýsingar um hvers konar ferðir þau bjóða upp á. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu og að búa til einstaka og eftirminnilega upplifun fyrir hvern og einn, að sögn Birtu og Tors.

Markaðsstofur landshlutanna vinna saman:

Vonast til að áhugi landsmanna á ferðalögum innanlands aukist enn frekar

– Nýtt gagnvirkt vefsvæði, upplifdu.is, komið í gagnið

„Með opnun þessa kerfis erum við að gera upplýsingar um ferðalög um landið aðgengilegri en nokku sinni fyrr. Þarna inni eru áfangastaðir sem margir hafa ekki heyrt af áður og vönduð myndbönd af svæðunum og afþreyingu," segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, um nýtt gagnvirkt vefsvæði, upplifdu.is, sem opnað var nýverið. Því er ætlað að auðvelda og hvetja enn frekar til ferðalaga innanlands.

Markaðsstofur landshlutanna, MAS, standa sameiginlega að verkefninu sem er hið stærsta sem þær hafa ráðist í. Innan MAS eru sex markaðsstofur, Markaðsstofa Vesturlands, Markaðsstofa Vestfjarða, Markaðsstofa Norðurlands, Austurbrú, Markaðsstofa Reykjaness og Markaðsstofa Suðurlands.

Hægt að sníða ferðalög eftir sínu höfði

Á vefsvæðinu gefst notendum kostur á að sníða ferðalag sitt nákvæmlega eftir sínu höfði og fá aðstoð við að sjá hvað er í boði á hverjum stað, fá nákvæma tímaáætlun milli áfangastaða og síðast en ekki síst, uppgötva nýja möguleika á myndrænan hátt. Verkefnið er liður í að auka á dreifingu ferðamanna um landið sem og styðja við uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu í kjölfar heimsfaraldurs. Þetta er langstærsta verkefni sem MAS hefur ráðist í.


Útgáfa á ensku í loftið í haust

„Það er von okkar að með þessu aukum við áhuga Íslendinga enn frekar á ferðalögum þar sem þeir sjá vel hversu mikið er hægt að upplifa á hverjum stað, fáum þá kannski til að koma aftur og dvelja lengur," segir Arnheiður. „Inn í þennan grunn eigum við svo eftir að bæta heilmiklu efni og þróa áfram, þessi opnun er aðeins fyrsta útgáfan og verður stöðugt hægt að bæta við myndefni og upplýsingum eftir þörfum. Ferðaþjónustan hefur staðið þétt saman að ýmsum markaðsverkefnum í gegnum árin og hefur aldrei verið mikilvægara en nú í ár enda ljóst að mikinn kraft þarf til þess að byggja ferðaþjónustuna hratt upp aftur. Þetta kerfi er mikilvægur hlekkur í að vekja athygli á áhugaverðum ferðamannastöðum um allt land og auka þannig dreifingu ferðamanna um landið," segir Arnheiður. Kerfið verður sett í loftið á ensku í haust og þá miðað að erlendum markaði."

Sóknaráætlun landshlutanna styrkti verkefnið. Þróun og framleiðsla er í höndum framleiðslustofunnar Tjarnargötunnar og er myndefnið sem prýðir síðuna unnið úr einum stærsta myndabanka sem gerður hefur verið úr efni frá Íslandi. /MÞÞ



Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.



Skjámynd úr kerfinu upplifdu.is sem hefur að geyma fjölbreyttar upplýsingar um ferðalagið.



Horft til Hríseyjar frá Árskógssandi. Myndir / Auðunn Níelsson





FRÉTTIR

Undur náttúrunnar:

Land lyftist í Húnaþingi

Jón Gíslason, bóndi á Stóra-Búrfelli í Húnaþingi, segist aldrei hafa séð nokkuð þessu líkt áður. „Það er ekki að sjá annað en að um 12 fermetra stór flötur hafi hreinlega rifnað og lyfst í heilu lagi og dottið aftur niður við hliðina á.“

Að sögn Jóns áttar hann sig ekki á hvernig svona lagað gerist og hann langi til að vita það. „Ég reið fram á þetta fyrir nokkrum dögum í mjög blautri mómýri þar sem við erum að rækta ösp. Eins og sjá má á myndunum er holan meðfram rafmagnsgirðingu í landinu og það fyrsta sem mér datt í hug að þetta væru ummerki eftir eldingu.“



Jón Gíslason, bóndi á Stóra-Búrfelli í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu, við um tólf fermetra stóra holu sem myndaðist þegar stykki úr mýri lyftist í heilu lagi. Snyddan, sem lyftist upp á bakkann við hliðina á án þess að hvolfast, er að sögn Jóns nokkur tonn að þyngd. Myndir / Aðsendar



Snyddan sem um ræðir er um sex sinnum tveir metrar og að 40 sentímetrum að þykkt.

Mörg tonn að þyngd

Jón segir að mýrin sé þétt í sér og að það þurfi beitta og góða skóflu til að stinga torf í henni. „Stykkið sem um ræðir er um sex sinnum tveir metrar og að 40 sentímetrum að þykkt og því nokkuð stórt og það fer í heilu lagi og upp á bakkann við hliðina á og leggst þar án þess að hvolfast. Auk þess sem jaðrarnir eru eins og vel skornir en ekki rifnir. Flöturinn sem er í einu lagi er örugglega nokkur tonn á þyngd enda jarðvegurinn í honum blautur og þungur.“

Nokkra metra frá holunni er moldarhrúga og segir Jón að það sé eins og hún hafi spýst frá holunni um leið og flöturinn lyftist og því ekki óhugsandi að einhvers konar sprenging hafi átt sér stað.

Mögulegar ástæður

Bændablaðið hafði samband við tvo jarðvegsfræðinga, Ólaf Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, og Pál Kolka hjá Vegagerðinni og spurði þá hver hugsanleg skýring á fyrirbærinu gæti verið. Tekið skal fram að þeir hafa einungis séð fyrirbærið á myndum.

Ólafur segir að erfitt sé átta sig á hvað hér sé um að ræða af myndum. Það sé eins og jarðvegsmassinn hafi dregist saman, sem getur gerst ef hluti hans þornar. „Þó er afar líklegt að frost og þíða hafi eitthvað að segja í þessu ferli. Mögulegt er að jarðvegsmassinn hafi náð að bólgna mikið út í frosti sem getur gerst ef það er smá grunnrennsli undir staðnum því þá dregst vatn að mótum frosts og þíðu (frostbylgjunni). Þegar moldin þiðnar skreppur hún síðan saman. Ferlið vindur upp á sig og þetta gerist síendurtekið.“

Ólíklegt er að það leynist virkar tektóníska sprungur þarna undir, en þó aldrei hægt að útiloka neitt fyrirfram.



Stór hola myndaðist þar sem snyddan var og fylltist hún fljótt af vatni. Landið sem um ræðir er blaut mómýri.

Að mati Páls er vatn, eða það að jarðvegurinn þarna niðri sé aðeins öðruvísi, orsakavaldurinn. „Rigningar, breytingar, holur, gröftur eða þess háttar í kring gætu hafa ýtt jarðvegnum „yfir strikið“.



Nokkra metra frá holunni er moldarhrúga og eins og hún hafi spýst frá holunni um leið og flöturinn lyftist.

Gömul mógröf?

„Eftir að hafa skoðað myndirnar hallast ég aftur að gamalli mógröf eða mýrartjörn sem hefur fyllst af fínum leir og lífrænu efni og svo svörðurinn náð yfir og lokað. Jarðvegurinn við betri skoðun lítur út fyrir að vera mjög lífrænn. Ef við fabúlerum aðeins áfram með þá kenningu þá gæti hafa safnast það mikið vatn undir, þéttar og treglekari jarðvegi í kring, sem hefur ýtt þessu af stað. Sárin eru svo hrein, platan sem ýtist svo stór að vatn og leir er eiginlega það eina sem mér dettur í hug að þetta gæti verið. Og úr verði örlítil flekaskriða.“

Elding eða gassprenging?

„Ef þetta væri elding, þá væri sárið óreglulegra og þær skilja oftast eftir sig annaðhvort holu eins og sprengdur hafi verið flugeldur eða „snákafar“, það er að segja óreglulega línu.

Gassprenging undir yfirborði væri líka mun ósnyrtilegri og ég myndi telja ólíklegt að hún myndi ná svona stóru stykki og færa það svona snyrtilega. En gas og vatn gætu líka hugsanlega nýst sem smurefni fyrir svona tilfærslu.“

Margir samverkandi þættir

Þrátt fyrir að skýringar þeirra Ólafs og Páls séu ekki samhljóma er hugsanlegt að báðar geti verið réttar og líklegast að landlyftingin stafi af mörgum samverkandi þáttum.

/VH

Hendum ekki rusli út í náttúruna:

Dósir geta valdið skaða

Þegar bjór- eða gosdósir eru skildar eftir úti í náttúrunni valda þær ekki einungis umhverfisskaða heldur geta valdið búfénaði alvarlegum skaða og jafnvel dauða.

Skýringin á þessu er einfaldlega sú að skepnur eru hálfgerðir óvitar og eiga það til að setja upp í sig ýmislegt fleira en gras. Segja má að sumt búfé sé eiginlega eins og smábörn sem þarf að passa vel enda alþekkt sú árátta barna að setja alls konar smáhluti upp í sig.



Málmflísar og beittar brúnir á dósum geta stórskaðað skepnur. Mynd / Aðsend

Getur skorið búfénað

Almennt séð er allt rusl auðvitað óæskilegt úti í náttúrunni en ástæða þess að dósir eru sérlega slæmar er sú að ef þær skemmast eða byrja að tærast upp þá geta hliðar þeirra orðið flugbeittar og nánast eins og rakvélablöð. Ef gripir bíta í slíka dós eða sleikja, sem því miður eru mörg dæmi um, a.m.k. erlendis, þá geta þeir skorið sig illa. Þá geta dósir valdið miklu tjóni ef þær berast í fóður þar sem hin ýmsu tæki og tól sem notuð eru við heyskapinn geta tætt þær upp og í raun breyst í ótal litlar málmflísar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir gripina.

Málmrusl í náttúrunni er alþjóðlegt vandamál og nú í sumar standa norsku bændasamtökin fyrir sérstakri herferð sem hefur verið sett til höfuðs þessu vandamáli sem fylgir því þegar fólk skilur eftir sig dós eða dósir úti í náttúrunni. Norski landbúnaðarráðherrann styður sérstaklega þessa herferð sem beint er sérstaklega að ferðafólki.

/SNS-Bondebladet

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið:

Algengar einnota vörur úr plasti verða óheimilar á næsta ári

Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem meðal annars felur í sér að bannað verður að setja tilteknar, algengar einnota vörur úr plasti á markað frá og með 3. júlí 2021.

Meðal vara sem bannað verður að setja á markað eru einnota bómullarpinnar úr plasti, hnífapör, diskar, sogrör, hræripinnar og blöðrustangir. Þá verða matarílát, drykkjarílát, glös og bollar úr frauðplasti óheimil og ekki verður heimilt að afhenda endurgjaldslaust einnota bolla, glös og matarílát úr öðru plasti sem ætluð eru undir drykki og matvæli til neyslu, líkt og algengt er á skyndibitastöðum. Undantekningar eru gerðar ef vörur flokkast sem lækningatæki.



Bannað verður að setja tilteknar, algengar einnota vörur úr plasti á markað frá og með 3. júlí 2021.

Öragnir sem skaðlegar eru heilsu

Skilyrðislaust bann verður við því að setja vörur á markað sem gerðar eru úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun eða svokallað oxó-plast. Vörur úr slíku plasti hafa rutt sér til rúms á markaði síðustu ár, einkum vissar tegundir plastpoka, en eðli þess er að sundrast í öragnir sem eru skaðlegar heilsu og umhverfi og er vaxandi vandi á alþjóðavísu.

Kveðið er á um sérstaka merkingu sem tilteknar einnota plastvörur eiga að bera. Um er að ræða upplýsingar um meðhöndlun vörunnar eftir notkun og þau neikvæðu áhrif sem varan hefur berist hún út í umhverfið. Þær vörur sem greinin mun taka til eru ýmsar tíðavörur, blautþurrkur til heimilis- og einkanota, ýmsar tóbaksvörur og bollar fyrir drykki.

Fáanlegar eru á markaði staðgönguvörur sem eru margnota eða innihalda ekki plast og nota má í stað þeirra vara sem breytingarnar taka til.

/VH

Íslandsmeistaramótið í hrútadómum haldið sunnudaginn 16. ágúst:

Þaulreyndir og óvanir þuklarar etja kappi

Íslandsmeistaramótið í hrútadómum verður haldið sunnudaginn 16. ágúst og hefst kl. 14.00 í Sævangi við Steingrímsfjörð.

Jafnan er góð þátttaka í hrútadómunum, bæði í flokki þaulreyndra hrútadómara og líka í flokki óvanra þuklara. Þessi furðulega íþróttagrein hefur smám saman náð almennri hylli landans síðan Sauðfjársetrið hóf að halda mótið árið 2003.

Að venju verður kjötsúpa á boðstólum og kaffihlaðborð allan liðlangan daginn. Fólk er beðið að fylgjast með Facebook-síðu Sauðfjársetursins ef einhverjar breytingar yrðu á hrútaþuklinu þetta árið.

Hrútadómarnir sjálfir fara þannig fram að ráðunautur fer fyrir dómnefnd sem metur fjóra íturvaxna hrúta með nútíma tækjum og tólum og raðar þeim í gæðaröð fyrirfram. Síðan reyna keppendur sig við matið á hrútunum með hendur og hyggjuvit að vopni og reyna að komast að sömu niðurstöðu og dómararnir. Þeir óvönu láta duga að raða hrútunum í sæti frá eitt til fjögur og færa rök fyrir máli sínu. Þeir vönu gefa hins vegar hrútunum stig fyrir einstaka þætti eins og t.d. bakbreidd, útlit og samræmi og fara þá eftir stigakerfi sem bændur gjörþekkja.

Fræknir þuklarar fyrri ára

Á síðasta ári sigraði Jón Þór Guðmundsson frá Galtarholti í Hvalfjarðarsveit, í öðru sæti var Strandamaðurinn Sigmundur Sigurðsson frá Lyngási í Kollafirði og í þriðja sæti varð Bjarni Hermannsson á Leiðólfsstöðum í Dölum. Einungis einu sinni hefur kona sigrað í hrútaþuklinu, Hadda Borg Björnsdóttir frá Þorpum við Steingrímsfjörð árið 2016.

Hið árlega líflambahappdrætti í tengslum við keppnina fer fram og geta allir keypt miða með því að hafa samband í skilaboðum á Facebook-síðu Sauðfjársetursins eða við Ester í síma 693-3474.

Þrjár sýningar í gangi

Á Sauðfjársetrinu eru nú uppi þrjár sérsýningar, fyrir utan fastasýningu safnsins, sem ber yfirskriftina *Sveitafólk og sauðfé á Ströndum*. Á listasviðinu er sýningin *Álagablettir*, í sérsýningarherbergi er sögusýningin *Sumardvöl í sveit* og í kaffistofunni er myndasýningin *Lífið fyrir umbreytinguna* en á henni eru myndir úr Árneshreppi sem ljósmyndarinn Yrsa Roca Fannberg á heiðurinn af.

Sauðfjársetrið og veitingastofan Kaffi Kind er opið alla daga milli 10–18 yfir sumarið. Allar upplýsingar á Facebook-síðu Sauðfjársetursins.

/Fréttatilkynning



Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook







Að duga eða drepast

lýsir lífshlaupi Bjarna Jónassonar, flugmanns og útvarpsstjóra í Vestmannaeyjum.

Bjarni hefur marga fjöruna sopið, jafnvel í orðsins fyllstu merkingu, þegar hann synti til lands við Ingólfshöfða til að hitta konu sína í Öræfum.

Hann var sjómaður, vélstjóri og skipstjóri í tíu ár, verkamaður, tækjastjóri og verkstjóri í fiskvinnslu í önnur tíu og svo stofnandi Eyjaflugs og flugmaður í tíu ár. Síðan framkvæmdastjóri hjá Heimaey kertaverksmiðju og stofnandi ÚV FM104.

Ekki hefur Bjarni alltaf farið troðnar slóðir, en í bók hans kemur líka fram saga venjulegs fólks í sjávarþorpi og saga þjóðarinnar á umbrotatímum á sjó og í landi. Hann minnist á sænsku bátana sem lögðust á hliðina og sukku og lýsir eldgosi á Heimaey og flugrekstri í óðaverðbólgu.

Einnig segir hann hreinskilnislega frá fráfalli sona, sigrum og ósigrum, mönnum og málefnum.

Þeir sem hafa áhuga á að eignast bókina vinsamlega hafið samband:
Símar: 481 1534 / 697 5242 / netfang: uvfm@internet.is
Bókin send heim, áritуð ef óskað er.







Yfir eitt hundrað tegundir tilheyra ættkvíslinni Opuntia sem tilheyrir ætt kaktusa og eru þær allar upprunnar í Mið- og Suður-Ameríku. Algengasta tegundin til manneldis er O. *ficus-indica* og er tegundin jafnframt mest ræktaði kaktus í heimi til átu.

Fíkjukaktus er góður á grillið



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Aldin fíkjukaktusa eru hluti af daglegri fæðu fjölda fólks víða um heim og blöð kaktussins eru sögð góð á grillið. Plantan er upprunnin í Mexíkó en hefur náð fótfestu á þurrum svæðum um allan heim. Í Ástralíu og víðar hefur henni verið plantað út sem lifandi þyrnigirðing.

Áætluð heimsframleiðsla á aldinum fíkjukaktusa er um 100 þúsund tonn á ári. Mexíkó er stærsti framleiðandinn og þar í landi er yfir helmingur heimsframleiðslunnar. Ítalía er í öðru sæti en af öðrum löndum sem rækta aldinið má nefna Sikileyjar, Síle, Argentínu, Kaliforníuríki Bandaríkjanna Norður-Ameríku, Brasilíu, Perú og fleiri lönd Suður-Ameríku, Jórdaníu, Ísrael, Egyptaland, Marokkó, Spán, Grikkland og Tyrkland.

Mest af framleiðslu allra þessara landa er neytt innanlands og sem dæmi flytur Mexíkó ekki út nema um 10% framleiðslunnar.

Ekki fundust upplýsingar um innflutning á fíkjukaktusaldinum til Íslands á vef Hagstofunnar. Aldinið hefur samt sést annað slagið í ávaxtaborðum verslana og kaktusinn sjálfur er algengur sem pottaplanta til sölu í gróðurvöruverslunum.

Ættkvíslin Opuntia og tegundin ficus-indica

Vel yfir eitt hundrað tegundir tilheyra ættkvíslinni Opuntia, sem tilheyrir ætt kaktusa, og eru þær allar upprunnar í Mið- og Suður-Ameríku. Þar sem tegundir innan ættkvíslarinnar frjóvgast auðveldlega sín á milli getur verið erfitt að greina þær í sundur. Allar eru þær með þyrna en mismarga og misstóra eftir tegundum og flestar eiga þær það sameiginlegt að vera með flatvaxin blöð og græn eða rauð og æt aldin.

Algengasta tegundin sem ræktuð er til manneldis er Opuntia ficus-indica og er tegundin jafnframt mest ræktaði kaktus í heimi til átu.

Tegundin sem kallast fíkjukaktus á íslensku er fjölær og nær fimm til sjö metra hæð og allt að þremetra niður í jarðveginn og myndar hliðarrætur sem liggja grynnra. Vaxtarlag plöntunnar einkennist af mörgum stórum og þykkum skeiðar- eða árarlaga blöðum. Ung blöð blágræn og vaxkennd viðkomu, vatnsfráhrindandi og nánast glansandi. Blöðin flatvaxin, stór, að allt að metri að lengd, þykk og 15 sentímetra breið, blöðin gildna með aldri, verða trékennd og líkjast trjástofni og sem er góður metri að ummáli. Blaðkjötið er ljóst með rauðum blæ. Þyrnar á blöðunum fáir en allt að 2,5 sentímetrar að lengd. Blómin um 8 sentímetra löng og 6 að þvermáli. Sjálffrjóvgandi, græn í fyrstu en blómstra hvítum, gulum eða rauðum blómum. Aldinið, sem er ber, gult eða rautt og inniheldur 150 til 400 lítil og hörð fræ.

Til er fjöldi afbrigða og yrkja af fíkjukaktus sem eru ólík eftir ræktunar- og vaxtarstað og eru sum framræktuð yrki þyrnalaus. Líftími plöntunnar er um 20 ár.



Víða, eins og á verndarsvæðum í Afríku og í Ástralíu, er litið á fíkjukaktus sem ágenga tegund. /Mynd VH.



Sem pottaplanta þarf fíkjukaktus litla vökvun en mikla sól.



Fíkjukaktusar eru notaðir sem lifandi girðing fyrir bæði menn og búfé.




Kaktusablöð sem kálfafóður.

Uppruni og útbreiðsla

Þrátt fyrir að ekki sé vitað fyrir víst hvaðan O. ficus-indica er upprunnin bendir flest til þess að það sé á hásléttu Mexíkó og að þaðan hafi plantan breiðst út um Mið-Ameríku, suður að odda Padegóníu í Suður-Ameríku og norður til Kanada fyrir tíma komu Kristófers Kólumbusar, uppi 1451 til 1506, yfir Atlantshafsála. Eftir að plantan hafði langt undir sig báðar álfur Nýja heimsins fór hún í útrás í öðrum heimsálfum.

Talið er að Kólumbus hafi flutt með sér fíkjukaktus til Lissabon í Portúgal árið 1493 við heimkomu úr fyrsta leiðangri sínum til Ameríku. Eftir að plantan barst til Evrópu breiddist hún hratt út um löndin kringum og á eyjum í Miðjarðarhafi sem kúríósplanta og þaðan í norðan-, austan- og sunnanverðri Afríku og síðan hluta Asíu sem nytjajurt og sem slæðingur frá ræktun.

Árið 1788 flutti Arthus Phillip, uppi 1738 til 1814, landsstjóri í Nýju Suður-Wales fíkjukaktus fyrstur manna til Sydney í Ástralíu sem garðplöntu og komu plönturnar frá Brasilíu. Bændur í Ástralíu komust fljótlega upp á lagið með



Útbreiðsla fíkjukaktuss í heiminum.



Fullvaxinn fíkjukaktus nær fimm til sjö metra hæð og allt að þremur metrum að þvermáli.



Kaktusárar á markaði.



Stórir fíkjukaktusar nýtast vel sem jólatré séu þeir skreyttir með kúlum, ljósum og englahári.



Fíkjukaktus er góður til átu.



Aldinin er viðkvæm og eru þau tínd og pökkuð með höndum. Til að ná af þeim þyrnunum eru þau nudduð með grasi eða við mjúkt og límkennt yfirborð.

að nota kaktusinn sem náttúrulegt girðingarefni og þannig breiddist plantan hratt út og gerði sig heimakomna í náttúrunni. Vöxtur og útbreiðsla fíkjukaktussins var svo mikil á tímabili í Ástralíu að fjöldi bænda varð að yfirgefa jarðir sínar vegna innrásar kaktussins sem þeir uppnefndu Græna helvítið. Árið 1919 settu stjórnvöld í álfunni á stofn nefnd til að finna ráð til að sporna við útbreiðslunni, sem var á þeim tíma sögð vera 4 þúsund ferkílómetrar á ári og aukast á hverju ári. Fyrstu tilraunir til að hefta útbreiðsluna með eitri misheppnuðust og voru í kjölfarið, árið 1915, sótt fiðrildi til Brasilíu en lirfur hennar lifðu góðu lífi á plöntunni og dró það nokkuð úr hraða útbreiðslunnar.

Bandaríski garðyrkju- og grasafræðingurinn Luther Burbank, uppi 1849 til 1926, var gríðarlega afkastamikill við plöntukynbætur og það var hann sem kom fram með kartöfluyrkið 'Burbank' sem forveri yrkisins 'Russet Burbank' sem MacDonalds hamborgarakeðjan notar mest sem franskar kartöflur. Í byrjun tuttugustu aldar mælti Burbank með notkun fíkjukaktusa sem nytjajurt á eyðimerkursvæðum í suðurríkjum Bandaríkjanna.

Í dag er víða, eins og til dæmis á verndarsvæðum, í Afríku og í Ástralíu litið á fíkjukaktus sem ágenga tegund.

Nafnaspeki

Prússneski náttúrufræðingurinn Alexander von Humboldt, uppi 1769 til 1859, taldi að uppruna latneska ættkvíslarheitisins Opuntina væri að finna í tungumáli Taíno-fólksins sem lifði á eyjum í Karíbahafi og að Spánverjar hefðu tekið heitið upp um árið 1500. Aðrir segja að heitið vísi til forngrísku borgarinnar Opus. Samkvæmt gríska grasafræðingnum Theophrastusi, uppi 371 til 287 fyrir Krist, óx þar planta sem auðvelt var að fjölga vegna þess að blöð hennar rættu sig vel.

Tegundarheitið ficus-indica bendir til að um sé að ræða fíkjur frá Indlandi. Heitið er náttúrlega rangnefni þar sem ekki er um fíkju að ræða, hvað þá á plantan sé upprunnin á Indlandi.

Sviinn Carl von Linnaeus, uppi 1707 til 1778, kallar plöntuna bæði Cactus opuntia og Cactus figur-indica í Species Plantorium, sem kom fyrst út árið 1753 og er undirstöðurit latneska tvínafnakerfisins sem notað er um lífverur.

Í Mexíkó kallast plantan nopal og er heitið komið úr Nahuakt, nōpalli, sem var eitt af tungumálum Azteka, og þýðir árarblað og vísar til lögunar blaðanna. Aldinið kallast aftur á móti tuna. Brasilíumenn segja nopal, palma adensada, palma forrageira og palma de gado en í Suður-Afríku kallast aldinið turksvy.

Á ensku kallast aldinið prickly pear, sem gæti verið þyrnipera á íslensku, Indian fig opuntia, barbary fig, cactus pear og spineless cactus. Frakkar segja figuier de barbarie, figuier d'Inde en Spánverjar chumba, chumbera, higo Indico, higuera de las Indias, nopal de castille, tuna og tuna mansa og Ítalir fico d'India og pero pungente. Í Hollandi segja menn schijfcactus og í Þýskalandi Indischer feigenkaktus, Svíar kalla aldinið fikonkaktus og Danir kaktusfigen og Indisk figen.

Á íslensku kallast plantan fíkjukaktus og aldinið fíkjukaktusaldin.

Saga

Talið er að Opuntia ficus-indica sé blendingur tegundanna O. streptacantha og O. tomentosa en ekki er vitað hvort blendingurinn hafi orðið til í náttúrunni eða af manna völdun. Fornleifarannsóknir í Mexíkó og Mið-Ameríku benda til að fíkjukaktus hafi verið nytjaður af fólki í að minnsta kosti 8.000 ár.

Í riti spænska trúboðans og fransiku-munksins Bernardino de Sahagún, uppi 1499 til 1590, sem kallast Historia General de las Cosas de la Nueva España og fjallar um sögu Nýja Spánar eða Suður-Ameríku, segir meðal annars að innfæddir væru almennt sterkir og heilsugóðir. Sahagún þakkaði það mataræði indíánanna sem að hans sögn borðuðu mikið af blöðum og aldinum fíkjukaktusa ásamt ýmiss konar rótum, hérum, snákum og fuglum.

Annar spænskur guðsmaður, trúboði og fransiku-munkur Toribio Motolinia, uppi 1482 til 1568, sagði að indíánar á þurrum svæðum drykkju safa fíkjukaktusa og brugguðu úr honum áfengan drykk auk þess sem þeir suðu hann niður í sykur. Í samantekt ábótans Jacobo de Grado, uppi 1484 til sirka 1560, um 250 lækningaplöntur innfæddra í Mexíkó, Codex de la Cruz-Badiano, frá 1552, segir að fíkjukaktus hafi verið notaður til að lækna margs konar mannamein og kæla brunasár.

Ræktun

Flestar tegundir innan ættkvíslarinnar Opuntia eru harðgerðar og þrífast allt frá fjöruborði og upp í 1.500 metra hæð. O. ficus-indica þrífst vel á þurrkasvæðum þar sem aðrar þurrkaþolnar tegundir dafna jafnvel illa auk þess sem plantan gerir litlar kröfur til jarðvegs og þolir hátt hitastig. Þrátt fyrir að tegundin sé með kuldaþolnari kaktusum þolir hún ekki frost og rætur hennar rotna sé jarðvegurinn of blautur.

Í náttúrunni fjölgar plantan sér með fræi og blöð sem falla af henni skjóta auðveldlega rótum. Hún dreifir sér einnig með dýrum, fuglum, grasbítum, öpum og fílum með því að smáblöð festast við feld þeirra og falla síðan af og skjóta rótum. Einnig hafa menn verið afkastamiklir í að flytja plöntuna á ný svæði.

Fíkjukaktus dafnar best í sendnum og djúpum jarðvegi þar sem úrkoma á ári er milli 200 og 400 millimetrar. Plantan þolir allt að 60% loftraka en ekki mikið salt í loftinu. Hún þoli hita á bilinu 1,5° til rúmlega 50° á Celsíus en vöxtur hættir við 10° Celsíus og þar fyrir neðan.

Í ræktun tekur aldinið ekki nema fjóra til fimm mánuði að ná fullum þroska. Aldinin eru viðkvæm og eru þau tínd og pökkuð með höndum. Þyrnalaus afbrigði eru almennari í ræktun en afbrigði með þyrnum en til að ná af þeim þyrnunum eru þau nudduð með grasi eða við mjúkt og límkennt yfirborð.

Fíkjukaktusar sem pottaplöntur þola vel að vera í suðurglugga og þurfa takmarkaða vökvun og áburðargjöf.

Nytjar

Fræ fíkjukaktusa innihalda milli 3 til 10% prótein og 6 til 13% af fitusýrum. Plantan er rík af C-vítamín og magnesíum. Blöðin eru 88% vatn, 10% kolvetni, innan við 1% prótein og fita og í hundrað grömmum eru um 56 kaloríur.

Best er að taka húðina af aldinunum og skera það í sneiðar fyrir neyslu. Í Mexíkó er aldinið borðað sem forréttur, í salati og súpum, með brauði eða að það er pressað í safa. Úr því er einnig unnið sælgæti og sultur.

Ung blöð eru skræluð og steikt með eggjum og eldpipar og sagt að þau bragðist svipað og vatnsmelónur og áferð þeirra líkist baunum. Bæði aldin og lauf eru soðin og höfð sem meðlæti með kjúklingi og í takóskeljar og tortíur. Blöðin eru sögð góð grilluð.

Úr plöntunni er unninn eins konar kaktusaostur og sýróp og úr þurrkuðum og muldum fíkjukaktusblöðum er búið til mjöl til baksturs. Vökvinn sem fæst með því að pressa blöðin er notaður til brandígerðar og úr honum er unnin olía og rautt litarefni. Úr húð blaðanna er unnið eins konar veganleður.

Á Möltu, Sikiley og Sanktí Helenu er aðallega unnið áfengi í plöntunni.

Blöðin eða árarnar eru mest notuð sem skepnufóður eftir að þyrnarnir hafa verið fjarlægðir, oft með eldi. Í dag eru þyrnalaus afbrigði ræktuð sem kýrfóður í suðvesturríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku og plantan er þar líka notuð til að girða gripina af og sem uppspretta vatns fyrir þá á þurrkatímum.

Árið 1961 gróðursettu kúbverskir hermenn 13 kílómetra langt þyrnilimgerði, eða þyrnivegg, úr fíkjukaktus umhverfis Guantanamo-herstöð Bandaríkjanna á eyjunni til að draga úr flótta landsmanna til Bandaríkjanna.

Plantan hefur reynst vel til að hefta uppblástur í löndunum við Miðjarðarhaf og verið plantað út í þeim tilgangi, auk þess sem hún vinnur mengandi efni eins og olíur hratt úr jarðvegi. Tilraunir með að vinna bíódísel úr plöntunni hafa verið gerðar í nokkur ár.

Í skjaldarmerki Mexíkó er örn með snák og fíkjukaktus í klónum en samkvæmt þjóðtrú Azteka óx kaktusinn fyrst þar sem örn hafði misst hann til jarðar á eyjunni Tenochtitlan eða upprunastað fíkjukaktussins.

Stórir fíkjukaktusar nýtast vel sem jólatré séu þeir skreyttir með kúlum, ljósum og englahári.

Fíkjukaktus á Íslandi

Lítið hefur verið fjallað um fíkjukaktusa í íslenskum fjölmiðlum til þessa. Í Náttúrufræðingnum, 1. tölublaði 1959, er grein eftir Ingólf Davíðsson sem kallast Úr heimi kaktusanna. Það segir um fíkjukaktusinn: „Indverskar fíkjur eru aldin Opuntia Ficus indica. Þær eru næringarmiklar og m.a. borðaðar mikið í Suður-Evrópu og Norður-Afríku. Fíkjukaktus þessi er ræktaður og vex einnig villtur. Í Missisippidalnum er ræktuð fíkjukaktustegundin O. safinesqui og í Mexíkó O. leucotrighe vegna aldinanna, Þau eru þyrnótt og verður að skera þau þvert í sundur og taka síðan aldinkjötið innan úr þyrnibrynjunni.“

Í DV í júlí 2004 segir að nýjasta húsráðið í Bandaríkjunum gegn timburmönnum sé safi fíkjukaktuss.

RML

Afkomuvöktun sauðfjárræktar:

Best reknu búin hafa lægri framleiðslukostnað

– Bú sem sem hafa mesta framlegð eru með 16.662 krónur á kind á meðan búin með minnstu framlegðina fá 7.174 krónur á kind.

Undanfarin ár hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að söfnun og úrvinnslu rekstrargagna frá sauðfjárbúum. Allt í allt telur gagnagrunnurinn núna gögn frá 56-65 sauðfjárbúum um land allt fyrir árin 2014–2018.

Niðurstöður 2018

Í 3. og 4. tbl. Bændablaðsins árið 2019 var gerð grein fyrir niðurstöðum verkefnisins 2014–2017 en nú skulum við skoða niðurstöður fyrir árið 2018 og höfum árið 2017 til samanburðar. Árið 2018 stóðu þessi 64 sauðfjárbú sem skiluðu gögnum undir 8,3% af landsframleiðslu dilkakjöts í landinu.

Forsendurnar að baki liðunum í töflu 1 má sjá í vefútgáfu greinarinnar á bbl.is.

Best reknu búin hafa lægri framleiðslukostnað

Niðurstöður fyrir árið 2018 sýna í raun lakari rekstrarniðurstöðu en árið 2017. Framleiðslukostnaður er svipaður milli ára á hvert kíló en tekjur lækka milli ára sem skýrist af auknum opinberum greiðslum skv. fjáraukalögum 2017 vegna falls í afurðaverði og hvernig því framlagi var skipt milli búa líkt og getið er um í reglugerð nr. 19/2018 og bókfærðist árið 2017. Hins vegar skal bent á að uppbætur á afurðaverð haustið 2018 eru hjá flestum sláturleyfishöfum bókfærð 2019 og tilheyra því bókhaldsári.

Jafnframt sýna niðurstöðurnar árið 2018 að best reknu búin hafa lægri framleiðslukostnað á hvert kíló dilkakjöts. Í töflu 3 sést að búin í efsta þriðjung eru með framleiðslukostnað upp á 895 krónur á kíló sem er 150 krónum lægra en meðaltal gagnasafnsins.



Þessir þrír hrútar hugsa sitt um hagkvæmni í rekstri sauðfjárbúa. Mynd / BBL

Helsti munurinn milli áranna 2017 og 2018 liggur í því að búin sem hafa minnsta framlegð hafa fækkað fé hlutfallslega meira en búin sem hafa mesta framlegð, kostnaðurinn er áfram til staðar, framleiðslan minni og framleiðslukostnaður hærri sem því nemur. Munurinn á framleiðslukostnaði best reknu búanna og þeirra sem eru lakari hefur aukist og er núna 332 krónur á kíló.

Rétt er að vekja athygli á því að búin sem hafa mesta framlegð eru með 16.662 krónur á kind meðan búin með minnstu framlegðina hafa 7.174 krónur á kind. Það er munur upp á 9.500 krónur á kind. 400 kinda bú í efsta þriðjungi hefur því 3,8 milljónum meira úr að moða til að greiða fastan kostnað, greiða laun og borga af lánum en sambærilegt bú í neðsta þriðjungi.

Þegar tafla 3 er skoðuð nánar sést að flestir kostnaðarliðir hjá búunum í efsta þriðjungi eru mun hagstæðari en hjá búunum í hinum tveimur flokkunum. Hér geta verið veruleg sóknarfæri í bættri afkomu.

Áframhald verkefnis

Það eru víða tækifæri til að bæta reksturinn á hverju búi fyrir sig en engin ein lausn hentar öllum. Það er oft gott að bera sig saman við aðra og velta fyrir sér hvort hlutirnir þurfi að vera með þeim hætti sem þeir eru, ef dæmi sýna að önnur sambærileg bú ná betri árangri með minni tilkostnaði og meiri afurðum en manns eigið bú.

Með góðu liðsinni fagráðs í sauðfjárrækt og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins höfum við fengið tækifæri til að halda þessu verkefni áfram og bjóðum sauðfjárbændum enn og aftur að ganga til liðs við okkur í þessu mikilvæga verkefni. Ávinningurinn af verkefninu er margvíslegur en fyrst og fremst er þetta eini gagnagrunnurinn sem gefur raunverulega mynd af afkomu sauðfjárbænda og jafnframt eini gagnagrunnurinn sem gefur bændum færi á að sjá hvernig þeir standa rekstrarlega í samanburði við aðra í sambærilegum rekstri. Verkefnið er bændum að kostnaðarlausu og framlag fagráðs gefur okkur færi á að borga þátttakendum fyrir gögnin sem við fáum til úrvinnslu.

Best er að fá gögnin lykluð m.v. grunnlykla í dkBúbót en einnig má senda landbúnaðarframtal RSK 4.08. Þau bú sem eru með bókhaldið sitt í hýsingu hjá RML geta sent Maríu verkefnisstjóra beiðni um að nálgast þau þar en hún hefur aðgang að þeim sem þjónustufulltrúi við dkBúbót.

Þátttakendur athugið

Við erum afskaplega þakklát öllum þeim sem hafa lagt lóð á vogarskálar þessa verkefnis og bjóðum bæði eldri og nýja þátttakendur velkomna í verkefnið. Þau bú sem óska eftir þátttöku í þessu verkefni þurfa að tilkynna slíkt til verkefnisstjóra fyrir 21. ágúst nk. Verkefnisstjórar eru Eyjólfur Ingvi Bjarnason (eyjolfur@rml.is) og María Svanþrúður Jónsdóttir (msj@rml.is) sem veita nánari upplýsingar.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason og María Svanþrúður Jónsdóttir
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

	2017 n=65 Meðaltal	2018 n=64 Meðaltal
Ásetningshlutfall	1,11	1,06
Framleiðslukostnaður kr/kg	1.045	1.056
Afurðatekjur kr/kind	9.656	10.010
Opinberar greiðslur kr/kind	13.492	12.510
Aðkeypt fóður kr/kind	577	520
Áburður og sáðvörur kr/kind	3.014	2.804
Rekstur búvéla kr/kind	2.396	2.761
Rekstrarvörur kr/kind	2.061	2.038
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kind	2.537	2.666
Framlegð kr/kind	12.563	11.760
Viðhald eigna kr/kind	1.109	1.494
Annar rekstrarkostnaður kr/kind	1.260	1.391
Laun og launatengd gjöld kr/kind	6.989	6.791
EBITDA kr/kind	6.793	5.697
Afskriftir kr/kind	3.660	3.711
Fjármagnsliðir kr/kind	2.528	2.556

Tafla 1 - Meðaltöl kostnaðarliða eftir árum. Munur talna fyrir 2017 frá grein í 3. tbl. 2019 er vegna fleiri þátttökubúa.

	2018	
	Þátttökubú	Skýrsluhald 300 ær eða fleiri
Reiknuð kg fullorðnar ær	29,8	27,8
Fædd lömb fullorðnar	1,93	1,84
Til nytja fullorðnar	1,76	1,65
Reiknuð kg veturgamlar ær	12,6	11,2
Fædd lömb veturgamlar	1,10	0,93
Til nytja veturgamlar	0,78	0,69
Fallþungi	16,6	16,9
Gerð	9,37	9,08
Fita	6,35	6,53

Tafla 2 - Munur á meðaltali skýrsluhaldsniðurstaða hjá þátttökubúum og búum í skýrsluhaldinu með fleiri en 300 skýrslufærðar ær.

Árið 2018	Miðað við framlegð kr/kind		
	Efsti 1/3	Miðja	Neðsti 1/3
Búrekstrarupplýsingar: n=64			
Ásetningshlutfall m.v. ærgildi	0,96	1,00	1,26
Framleiðslukostnaður kr/kg	895	1.060	1.227
Afurðatekjur kr/kind	11.031	9.794	9.253
Opinberar greiðslur kr/kind	13.906	12.945	10.716
Aðkeypt fóður kr/kind	449	636	484
Áburður og sáðvörur kr/kind	2.215	3.360	2.846
Rekstur búvéla kr/kind	2.245	2.682	3.304
Rekstrarvörur kr/kind	1.634	2.218	2.255
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kind	1.732	2.204	3.907
Framlegð kr/kind	16.662	11.638	7.174
Viðhald útihúsa og girðinga	1.139	1.176	2.110
Annar rekstrarkostnaður	1.232	1.568	1.372
Laun og launatengd gjöld	7.805	6.506	6.041
Þáttatekjur/EBITDA kr/kind	7.941	6.850	2.521
Afskriftir kr/kind	2.971	5.292	2.992
Fjármagnsliðir kr/kind	1.615	2.514	3.455

Tafla 3 – Búrekstrarupplýsingar 2018 skipt eftir framlegðarflokkum.



SKÓGRÆKT

Nýr framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur

Auður Kjartansdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. Auður er með B.S. gráðu í landfræði, cand. mag gráðu í landfræðilegum upplýsingakerfum og meistaragráðu í forystu og stjórnun.

Hátt í þriðja tug umsókna barst um starf framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur þegar það var auglýst í vor.

Auður hefur starfað sem sérfræðingur í ofanflóðum hjá Veðurstofu Íslands frá árinu 2005. Einnig hefur Auður starfað við leiðsögn og verið



Auður Kjartansdóttir. Mynd / Aðsend

fjallaleiðsögumaður á helstu fjöllum landsins um árabil. Hún var verkefnisstjóri hjá Héraðsskógum og hefur verið fararstjóri hjá Ferðafélagi Íslands um árabil. Auður kom að stofnun Ferðafélags barnanna og sat í stjórn þess á upphafsárum félagsins. Einnig hefur hún verið yfirkennari Björgunarskólans á sviði snjóflóða og haft umsjón með fjölda námskeiða um útivist. Auður er gift Páli Guðmundssyni og eiga þau saman tvö börn.

Auður tekur við starfi framkvæmdastjóra af Helga Gíslasyni, sem ráðinn hefur verið sveitarstjóri Fljótsdalshrepps.

Skógræktarfélag Reykjavíkur eru félagasamtök með nær 2.000 félagsmenn. Upplýsingar um félagið og starfsemina má nálgast á www.heidmork.is.

BERGEN GARÐHÝSI

BERGEN 4X3,7M
Kr. 559.000 með vsk.

BERGEN 3X3M
Kr. 448.000 með vsk.



JÖTUNN
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Pallar til leigu og sölu - Mikið úrval



VINNUPALLAR EHF
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar is

LANDSTÓLPI 20
Landstólpi - Traust í 20 ár



Loftræstimænir fyrir gripahús
- Hentar vel íslenskum aðstæðum -
- Hagstætt verð -
Fylgstu með okkur á FACEBOOK
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610
Arntjen

Donaldson
Filtration Solutions



2012 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf	Höfðabakka 9	110 Reykjavík
Sími: 562 2950		Fax: 562 3760
E-mail: bjorn@reki.is		www.reki.is

Það fer vel um þig í vinnufatnaði frá Dickies



Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Bændablaðið
Kemur næst út
20. ágúst

UTAN ÚR HEIMI

Ameríska kúabændur fá 1 milljarð dollara í krísustuðning

Kúabændur í Ameríku hafa farið illa út úr afleiðingum kórónufaraldursins og hafa stjórnvöld nú veitt greininni einn milljarð dollara í krísuhjálp sem deilist á tæplega 18 þúsund kúabændur þar í landi. Hvert kúabú fær því að meðaltali um 60 þúsund dollara í stuðning frá ríkinu vegna áhrifa heimsfaraldursins.



Ameríkskur bóndi.

Mjólkurverð í landinu hefur ekki verið lægra í tíu ár og því er erfitt um vik fyrir kúabændur og skýrist það helst af COVID-19 en einnig af viðskiptastríði milli Bandaríkjanna og Kína sem hefur áhrif á verð landbúnaðarvara. Haft er eftir forseta landsins, Donald Trump, að samband landanna hafi kólnað enn frekar í kjölfar kórónu-veirunnar. Þar að auki hefur meðhöndlun Kínverja á Hong Kong og múslímskum minnihlutahópum í landinu slæm áhrif. Kínversk stjórnvöld hafa gefið út að fyrsti viðskiptasamningurinn milli landanna, sem er upp á um 500 milljarða norskra króna, sé í hættu ef Bandaríkin láti ekki af gagnrýni sinni.

/ehg - Bondebladet

Kasakstan hyggst auka kornframleiðslu til muna

Kasakstan er níunda stærsta land í heimi í ferkílómetrum talið og eru stór landsvæði þar sem nýtast vel til kornframleiðslu. Nú hyggjast stjórnvöld þar í landi auka kornframleiðsluna til muna og horfa til nýrra útflutningsmarkaða og fjárfesta til að koma inn í landbúnaðinn.

Árlega framleiða bændur í landinu 19,5 milljónir tonna af korni en innlend eftirspurn er í kringum níu milljónir tonna. Uppskera undanfarin ár hefur verið í jafnvægi og helstu lönd sem korn er flutt út til eru nágrannalöndin Kákasus, Afganistan og Íran. Þar að auki hefur útflutningur til Kína, Tyrklands, Ítalíu og Spánar aukist hin síðustu ár.

Ný tækni og fleiri styrkir

Í Kasakstan er meginlandsveðurfar þar sem meðalhiti yfir sumartímann er í kringum 30 gráður en getur farið niður í mínus 20 yfir vetrartímann. Í norðurhluta landsins er frjósöm jörð og rigning á köflum. Stór svæði landsins eru þakin skógi en í suðurhluta landsins eru þurrar sléttur og eyðimerkur. Næstum engin á í landinu rennur til hafs heldur renna þær flestar í vötn eins og Kaspíahaf eða gufar upp í eyðimörkinni. Flestir árfarvegir eru uppþornaðir stóran hluta ársins.

Í stórum hlutum landsins gera náttúrulegar og veðurfarslegar aðstæður það að verkum að gott er að rækta korn, sérstaklega hveiti. Nú er einnig unnið að því að þróa ræktun á fleiri tegundum með nýrri tækni og auknum styrkjum til bænda. Rúmlega 250 þúsund bændur eru í landinu og öll kornframleiðsla er í einkaeigu. Svæði bænda eru misstór, allt frá fimm þúsund hekturum í suðurhluta landsins til upp undir 70 þúsund hektarar í mið- og norðurhluta landsins.

Erlendir fjárfestar streyma að

Fjárfestar víða um heim líta nú landið hýru auga enda er það aðlaðandi vegna legu þess, stuðningskerfis og réttindum fjárfesta. Fjárfestingaverkefni í landinu njóta hagstæðra skattareglna. Umhverfið hefur leitt til þess að erlendir fjárfestar hafa veðjað á landið en fastar fjármagnsfjárfestingar jukust á síðasta ári um tæp 30 prósent og samsvaraði 1,4 milljörðum dollara. Yfirvöld bjóða fjárfestum upp á alla þá aðstoð sem þeir þurfa hyggist þeir fjárfesta í landbúnaði

/ehg - Bondebladet

Nýja-Sjáland:

Hærra verð fyrir umhverfisvænni mjólk

Nýsjálenska afurðafélagið Fonterra hefur nú ákveðið að stíga skref í átt að aukinni sjálfbærni með því að breyta útreikningi á afurðastöðvaverði til eigenda sinna og greiða álag til þeirra bænda sem framleiða mjólk sem er metin umhverfisvænni.

Fonterra er nánast einstakt á heimsvísu fyrir þær sakir að 95% af framleiðslu þess fer til útflutnings og er félagið umsvifamesta fyrirtækið á hinum alþjóðlega heimsmarkaði með mjólkurvörur. Það er einmitt vegna breytinga á heimsmarkaðinum sem Fonterra fetar sig nú í átt að kerfi sem er þekkt frá sumum öðrum löndum þar sem bændur fá greitt meira fyrir að framleiða mjólk við skilyrði sem hafa minni áhrif á umhverfið en gerist og gengur.

Greitt fyrir efnainnihald

Hingað til hafa nýsjálenskir bændur fengið borgað fyrir mjólkina í samræmi við efnainnihald hennar og í samræmi við það verð sem Fonterra hefur fengið fyrir annars vegar mjólkurfitu og hins vegar mjólkurprótein við sölu afurðanna.

Nú eru hins vegar nýir tímar og sumir kaupendur eru tilbúnir að greiða álag á mjólkurvörurnar séu þær framleiddar við ákveðin skilyrði sem áður var lítið sem ekkert hugsað um.

Til þess að mæta þessu hefur Fonterra nú útbúið sérstakar leiðbeiningar fyrir bændur varðandi umhverfisvæna framleiðslu og ef búin uppfylla skilyrðin og eru jafnframt með góð mjólkurgæði fá þau bónus. Þessi bónus getur numið allt að 9 íslenskum krónum á hvert kíló þurrefnis og kemur þessi bónusgreiðsla með tilfærslu innan afurðastöðvaverðsins, þ.e. heildarútgjöld Fonterra munu ekki aukast heldur verður afurðastöðvaverð lækkað hjá þeim sem verst standa sig.

/SNS

Á FAGLEGUM NÓTUM



Eftir burð eru kýr yfirleitt mjög þyrstar og þá er upplagt að gefa þeim sérstaka steinefna-, vítamín- og orkublöndu sem hjálpar þeim að komast vel frá burðinum og því efnaójafnvægi sem myndast í kringum breytingaskeiðið.

Dulinn doði er algengt vandamál



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Doði er líklega einn þekktasti sjúkdómurinn sem kýr fá, fyrir utan júgurbólgu, og er tíðni hans um það bil 5%. Tíðnin hækkar venjulega með aukinni nyt og aukinni tíðni mjaltaskeiða en kýr á fyrsta mjaltaskeiði fá sjaldan þennan sjúkdóm þar sem þær mjólka minna og líkami þeirra er betur fær um að takast á við breyttar aðstæður en líkamar eldri kúa.

Bandarísk rannsókn á Holstein kúm bendir til þess að tíðni sýnilegs doða sé 1% hjá kúm á fyrsta mjaltaskeiði, 4% hjá kúm á öðru mjaltaskeiði, 7% hjá kúm á þriðja mjaltaskeiði og 10% hjá kúm á fjórða mjaltaskeiði. Dulinn doði er aftur á móti minna þekktur sjúkdómur en einföld þumalputtaregla segir að fyrir hvert sýnilegt tilfelli af doða séu jafnvel allt að því 10 önnur sem eru dulin og með öðrum orðum þá séu flestar eldri kýrnar að takast á við þetta vandamál með einum eða öðrum hætti.

Toppurinn á vandamálinu

Skömmu fyrir burð fara 8-10 g/dag af kalki frá kúnni yfir í kálfinn og þegar hún ber flyst mikið af kalki frá henni yfir í broddinn og síðar mjólkina. Þessi mikla þörf líkamans til að skilja út kalk er allt að því 10 sinnum meiri en líkaminn þarf til viðhalds án mjólkurframleiðslu. Þessi mikla breyting á kalkþörf líkamans á einungis örfáum dögum gerir það að verkum að efnaskipti kýrinnar þurfa að aðlagast hratt breyttum aðstæðum til þess að styðja við aukna þörf fyrir kalk. Ef það gerist ekki nógu fljótt, eða af nægilegri stærðargráðu, getur styrkur kalks í blóði kýrinnar lækkað og farið undir krítísk viðmiðunarmörk og það getur leitt til sýnilegs doða en oft ná einkennin ekki að verða sýnileg. Það má því segja að hvert sýnilegt tilfelli sé aðeins toppurinn á vandamálinu. Þetta sýna niðurstöður bandarískrar rannsóknar sem einnig sýna að fóðrun síðustu vikurnar fyrir burð hafi mikil áhrif á fjölda kúa sem fái doða, bæði klínísk og dulin einkenni.

Dulinn doði

Rannsóknir benda til þess að dulinn doði geti verið í beinu sambandi við aðra efnaskiptasjúkdóma og geti verið aðal- eða afleidd orsök slakra afurða. Kýr með dulinn doða sýna ekki hefðbundin einkenni en hafa lágan styrk kalks í blóði, venjulega innan sólarhrings eftir burð. Þetta þýðir að eina leiðin til að vita hvort kýr eru að upplifa dulinn doða er að greina styrk kalks í blóði þeirra og þetta þarf að gera á fyrstu 1-2 dögunum eftir burð.

Þegar verið er að meta hvort kýr er með dulinn doða, þ.e. sýnir ekki sýnileg einkenni, er erlendis miðað við að kalkstyrkurinn í blóði sé 8,0 mg/100 ml eða lægri. Hins vegar sýndi nýleg rannsókn í Bandaríkjunum að ef viðmiðið er hækkað í 8,5 mg/100 ml þá er mun líklegra að finna kýr sem þurfa á aðstoð að halda og í þessari rannsókn komust vísindamennirnir að því að á þessum skurðpunkti séu í raun 60% eldri kúa og um helmingur fyrsta kálfs kvígna að upplifa dulinn doða með einhverjum hætti.

Hlutverk kalks

Kalk er lífsnauðsynlegt fyrir líkamann og tengist m.a. stoðgrind, vöðva- og taugastarfsemi og lægsti styrkur kalks í blóði verður venjulega 12-24 klukkustundum eftir burð og fer venjulega aftur í eðlilegt horf hjá heilbrigðum kúm innan 2-3 daga eftir burð.

Styrkur kalks í blóði er stjórnað með frásogi kalks úr fæðunni og losun eða upptöku kalks úr beinum. Tvö skjaldkirtilshormón, þekkt sem PTH, stjórna þessum ferlum og þegar styrkur kalks lækkar í blóði hefur PTH áhrif á nýrun til að draga úr útskilnaði kalks í þvag. Þessi breyting gerir þó aðeins kleift að aðlagast litlum breytingum á styrk kalks í blóði og ef þörf er á meira magni af kalki hefur PTH áhrif á beinin og kalk er þá losað þaðan og yfir í blóðið.


Til þess að PTH sé seytt frá kirtlinum og til þess að það geti unnið með réttum hætti þarf að vera til staðar nægilegt magn af magnesíum auk þess sem blóðsýrustigið þarf að vera aðeins minna basískt en venjulega. Þessar kröfur hafa áhrif á nauðsyn þess að gefa kúm kórrétt fóður á réttum tíma svo kýrnar hafi rétt og gott aðgengi að öll nauðsynlegum næringarefnum þegar þær þurfa á þeim að halda.

Að hverju á að leita?

Skipta má doða í þrjú stig miðað við alvarleika:

Fyrsta stig

Fyrsta stig doða er það sem venjulega er talið vera dulið ástand sjúkdómsins. Þetta getur oft verið afar erfitt að greina vegna þess að þetta stig stendur yfir í skamman tíma og einkennin geta verið breytileg. Þetta stig stendur yfirleitt í innan við klukkustund og meðal einkenna eru lystarleysi, taugaveiklun, riða og óeirð í afturfótum.



Mynd / Gunnhildur Gísladóttir

Annað stig

Annað stig doða varir venjulega allt frá 1-12 klukkustundum og sýnileg einkenni eru daufleiki til augna, köld eyru, skjálfti í vöðvum, óregla á göngu og óvirk melting. Líkamshiti kýrinnar gæti einnig lækkað.

Þriðja stig

Þriðja stigi doða er alvarlegast og nú getur kýrin ekki staðið upp og mun missa meðvitund sem svo leiðir til þess að hún fellur í dá. Hjartsláttur getur aukist hratt og gæti farið yfir 120 slög á mínútu. Venjulega lifa kýr í þriðja stigi, sem ekki fá meðhöndlun, ekki lengur en nokkrar klukkustundir.

Áhrif doða

Doði hefur áhrif á heilsu nýbæra og mjólkurframleiðslu þeirra í heildina tekið sem og frjósemi. Rannsóknir hafa sýnt að ónæmisstarfsemin er einnig í hættu hjá kúm með lága kalkþéttni í blóði og ef það á sér stað á fyrsta degi eftir burð er líklegra að kýrin fái vinstrarsnúning, súrdoða, alvarlegar sýkingar vegna fastra hilda eða jafnvel júgurbólgu. Kýr í of miklum holdum eru líklegri til að fá doða.

Forvarnir

Forvarnir gegn lágum styrk kalks í blóði við burð er mikilvægur þáttur þegar hugað er að meðhöndlun kúa á þessu mikla umbreytingaskeiði þ.e. þegar kýr fara úr því að vera í geldstöðu og yfir í að hefja mjólkurframleiðslu á ný. Öll kúabú ættu að hafa áætlun um það hvernig staðið skuli að meðferð kúnna á þessu tímabili svo þær nái sem bestri heilsu eftir burðinn og haldi góðri frjó- og afurðasemi. Eins og er með alla efnaskiptasjúkdóma þá eru réttar forvarnir lykillinn að góðum árangri og almennt gerist það með því að gefa þeim rétt fóður síðustu þrjár vikurnar fyrir burð.

Með því að gefa kúnni rétt



Það eru til margar þekktar leiðir til þess að koma kalki í kýrnar.

samansett fóður getur líkaminn best búið sig undir það sem koma skal og tekist á við stóraukna þörf fyrir afsetningu kalks samhliða brodd- og mjólkurframleiðslu:

1. Fóður með lágu kalkinnihaldi

Þrátt fyrir að þessi aðferð geti dregið úr doðatilfellum þá getur það verið vandkvæðum bundið að framkvæma þetta í raun á kúabúum. Til þess að vel eigi að vera þarf að gefa fóður sem inniheldur minna en 20 grömm af nýtanlegu kalki á dag en miðað er við að fengin kýr af stóru kyni þurfi um 30 grömm á dag af nýtanlegu kalki og með því að gefa henni minna er líkaminn því vaninn við að draga kalk úr beinum. Oftar en ekki er þó kalkrýrt fóður almennt séð ekki af góðum gæðum og því hefur það áhrif á átgæði, eitthvað sem ekki ber að stefna að síðustu vikurnar fyrir burð.

2. Fóður með lágu kalíinnihaldi

Með því að gefa fóður sem er lágt í kalí er hægt að draga úr líkum á því að fá sýnileg doðatilfelli en dregur ekki úr líkum á duldum doða. Kalí er katjón líkt og natríum, kalk og magnesíum en efni sem eru katjónar hafa jákvæða hleðslu. Katjónar í fóðri kúa stuðla að hærra sýrustigi blóðsins og geta þar með valdið doða hjá kúm. Anjónir hafa hins vegar neikvæða hleðslu og dæmi um anjónir er klór, bennisteinn og fosfór. Anjónir stuðla að súrara efnaskiptaástandi og lægra sýrustigi blóðsins og draga því úr líkum á doða. Líkami kúnna aðlagast að lægra sýrustigi blóðsins með því að jafna út sýrustigið með því að losa kalk úr beinunum fyrir tilstuðlan PTH vakans. Með því að virkja þann feril hjálpar það kúnni að takast á við hina miklu kalkþörf sem myndast þegar mjólkurmyndunin hefst.

Með því að gefa fóður sem er lágt í kalí verða s.s. breytingar á hlutfallinu á milli á katjóna og anjóna í fóðrinu, kallað DCAD á ensku, en þær breytingar verða ólíklega nægar til að geta valdið nægilegri breytingu á sýrustigi blóðsins. Það er reyndar hægt að ná þessum áhrifum með því að gefa kúnum jafnframt fóður sem inniheldur aukið magn af klór og brennisteini en því jafnvægi er ekki auðvelt að stýra.

3. Fóður með anjónískum söltum

Sýnt hefur verið fram á að með því að gefa kúm fóður, sem er með neikvætt DCAD, síðustu þrjár vikurnar fyrir burð þá dregur það verulega úr líkunum á því að kýrnar fái sýnileg doðatilfelli sem og dulinn doða. Eigi að takast vel til á fóðrið að vera þannig sett saman að DCAD sé -10 til -15 mEq/100g þurrefnis fóðursins en eigi það að nást þarf að nota rétta anjóníska steinefnablöndu og til að koma þessu í kýrnar í réttu hlutfalli er farsælast að gefa þeim heilfóður. Anjónísk sölt eru venjulega gefin í 21 sólarhring fyrir burð og ekki er mælt með því að þau séu gefin allt geldstöðutímabilið. Þegar fóðuráætlun er gerð fyrir þennan hóp kúa, þ.e. undir lok geldstöðunnar, ætti að halda magni kalíums og natríums í lágmarki. Fóðrið ætti að innihalda um 1,0% af kalki og 0,35% af magnesíum til að koma í veg fyrir doða. Styrkur fosfórs í fóðrinu ætti að vera 0,25% til 0,30% vegna þess að umfram fosfór, þ.e. 0,40% eða hærri, eykur hættuna á doða.

Varðandi sérstakt fóður fyrir kvígur síðustu vikurnar fyrir burð er vafasamt að þessi aðferð með aníónísk sölt skili tilætluðum árangri þar sem þeim rannsóknum sem liggja fyrir um ágæti slíks fóðurs fyrir kvígur ber ekki saman og sýna mikinn breytileika.

4. Kalk eftir burð

Kalk sem gefið er kúnum strax eftir burð og ekki sem hluti af venjulegu fóðri hefur gefið góðan árangur til þess að koma í veg fyrir of mikla lækkun á styrki kalks í blóði kúa. Mörg af þeim fæðubótarefnum sem eru á markaðinum og eru sérstaklega framleitt í þessum tilgangi eru tekin upp í meltingarveginum innan 30 mínútna eftir gjöfina og styrkur kalks í blóði kúnna ætti að hækka í 4-6 klukkustundir. Þessi efni koma oft í formi kalkklóríðs og gefin sem þykkni eða hlaup. Hafa þarf varann á þegar kúm er gefið kalk-klóríð þar sem efnið getu valdið öndunarerfiðleikum ef það er ranglega sett í kýrnar.

Hvernig á að mæla DCAD?

Einfaldast er að nota sýrustig þvagsins sem vísbendingu um það hvort DCAD stjórnunin á fóðri geldkúnna sé rétt. Sýrustig þvagsins gefur þó ekki beint til kynna hvort minni líkur séu á því að kýrnar fái doða. Þegar sýrustigið er mælt skal það tekið úr miðri bunu innan 48 klukkustunda eftir að kýrnar hafa fengið fóður sem inniheldur anjóníska salt. Hjá Holstein-kúm er mælt með því að sýrustigið eiga að vera á milli 6,2 og 6,8 og að minnsta kosti lægra en 7,0. Ef meðaltal sýrustigs þvagsins er miklu lægra er verið að gefa of mikið af anjónum og þá þarf að endurskoða fóðurskipulagið svo það dragi ekki um of úr þurrefnisáti kúnna.

Meðhöndlun

Eins og hér að framan segir er forvörnin besta ráðið gegn doða en ef hún er komin með sýnileg doðaeinkenni, en ekki lögst, er mælt með því að hella í hana þar til gerðu meltanlegu kalki eða með því að gefa henni kalkforðastaut. Kostir þess að gefa kalkið með þessum hætti eru að þá sér meltingarvegurinn um að soga til sín kalkið jafnt og þétt yfir lengri tíma.

Ef kýrin er lögst ætti alltaf að kalla til dýralækni en áhrifaríkasta leiðin til að snúa þessu ferli við er að gefa kalk í æð. Margir dýralæknar gefa þeim einnig glúkósa. Þó að þessi meðferð sé nauðsynleg í neyðartilvikum, getur of mikil kalkgjöf í æð á stuttum tíma valdið hjartaáfalli og auk þess falla áhrifin hratt og því þarf að mæta því með því að gefa kúnni fóðurkalk úr túpu eða sambærilegum hætti nokkrum klukkustundum eftir meðferð dýralæknis og að sjálfsögðu í samráði við dýralækninn.

Efnarisinn Bayer:

Hefur greitt 1.600 milljarða í skaðabótamál vegna eiturs

Eiturefnið Roundup var og er enn mikið notað af bændum víða um heim undanfarna áratugi. Efnið var sérlega öflugt við að drepa illgresi og þótti með öllu óskaðlegt fólki. Þannig voru heilu og hálfu akrarnir sprautaðir með Roundup og það ekki einungis til að drepa illgresi heldur var Roundup oft notað í öðrum tilgangi, t.d. sprautað á kornakra til að flýta þroska, á kartöfluakra til að fella grösin og margt fleira mætti nefna.

Annað efni sem hefur svipaða virkni heitir XtendiMax og inniheldur virka efnið dicamba en það virkar líkt og Roundup og drepur illgresi. Þessi efni hafa verið í notkun í áratugi og dicamba var t.d. fyrst skráð sem illgresiseitur árið 1967. Áður fyrr voru þessi efni framleidd af tveimur mismunandi fyrirtækjum en eftir að fyrirtækið Monsanto rann inn í alþjóðlega fyrirtækið Bayer árið 2016 hafa efnin tvö verið á einni hendi. Efnin hafa verið gríðarlega vinsæl hjá bændum víða um heim og mikið notuð en undanfarið hafa komið fram fleiri og fleiri tilfelli sem benda til þess að notkunin sé alls ekki eins skaðlaus fólki og áður var talið. Margir tengja notkun efnanna við aukna tíðni á krabbameini.

Þegar notendum efnanna varð ljóst hve skaðleg áhrifin voru myndaðist grundvöllur hóplögsóknar í Bandaríkjunum og endaði það með því að alls 125 þúsund kærur voru sendar til Bayer. Bayer, sem er leiðandi efna- og lyfjafyrirtæki í heiminum, hefur haft nokkuð skýra stefnu í þessu máli og hafa forsvarsmenn fyrirtækisins ekki haft áhuga á að hafa þetta erfiða mál hangandi yfir sér. Fyrirtækið hefur mætt flestum kærum með greiðslu á bótum og nú hefur Bayer lokið 95 þúsund málsóknum með greiðslum. Í þessum 95 þúsund málum hefur fyrirtækið fallist á að greiða 12 milljarða dollara, eða sem nemur hvorki meira né minna en 1.676 milljörðum íslenskra króna sem að mestu renna beint til kærenda en þó fara um 115 milljarðar til landhreinsunar þar sem talið er að efnin Roundup og Dicamba hafi valdið miklum skaða. Enn er þó 30 þúsund málum ólokið en unnið er að því að ljúka þeim.



Það vekur athygli að þrátt fyrir að Bayer hafi greitt alla þessa upphæð í skaðabætur heldur fyrirtækið áfram að framleiða efnin sem aldrei fyrr og selur t.d. Roundup enn í sama tilgangi og áður og án þess að vara sérstaklega við hinum mögulega skaðlegu áhrifum af notkun á því.

/SNS

Mjólkurbíll sem nýtir sólarorku

Norska afurðafélagið TINE hefur nú kynnt til sögunnar enn eina leið fyrirtækisins til þess að draga úr umhverfisáhrifum mjólkurframleiðslunnar í Noregi og nú er það sólarorkudrifinn mjólkurbíll.

Reyndar gengur hann fyrir hráolíu en dælubúnaður bílsins, sem dælir mjólkinni úr mjólkurtanki bóndans og yfir í bílinn, er rafdrifinn og knúinn sólarorku. Um er að ræða mjólkurbíl með 30 þúsund lítra tanki og er tankurinn alsettur sólarsellum sem fanga orku sólarinnar og hlaða rafgeyma tankbílsins.

Lausagangur mengar

Í Noregi, rétt eins og í flestum löndum, þurfa mjólkurbílarnir að vera í gangi á meðan mjólkurdælu-



Einn af mjólkurbílum TINE.

ing fer fram þar sem hefðbundinn dælubúnaður er knúinn af vökvakerfi mjólkurbílsins. TINE hefur reiknað út að þessi lausagangur standi að meðaltali yfir í um 1.000 vinnustundir á hverju ári á hverjum bíl sem er um það bil þriðjungur af vinnutíma hvers bíls. Þessi lausagangur tekur til sín um 5 tonn af olíu vegna þessa og einungis lítill hluti olíunnar fellur til vegna mjólkurdælingarinnar sem slíkrar heldur einfaldlega fer til þess að halda stórri vél hvers tankbíls í lausagangi.

Minna sótspor

Hinar nýju sólarsellur geta hlaðið upp 2000 wöttum við góð skilyrði og það er nóg til þess að knýja rafknúna mjólkurdælu og þar með er hægt að hafa slökkt á mótor mjólkurbílsins við dælinguna. Þetta þýðir verulegan samdrátt á sótspori hvers bíls en talið er að hægt sé að spara í kringum 12,5 tonn af CO2 með þessari nýju og áhugaverðu aðferð sem þó enn sem komið er, er einungis gerð í tilraunaskyni á einum af 250 mjólkurbílum sem TINE er með í rekstri. */SNS*



FISKNYTJAR & NÁTTÚRA


Áhættumat erfðablöndunar og vöktun laxastofna

Vöktun er mikilvæg til að fylgjast með því hvort eldislax sé að ganga upp í veiðiár og er grunnforsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir. Hafrannsóknastofnun hefur ekkert minnst á haustvöktun og lætur þannig hjá líða að upplýsa stjórnvöld um virkustu vöktunaraðferðina sem er forsendan fyrir því að hægt verði að meta hlutfall eldislaxa í veiðivötnum hér á landi á hagkvæman og skilvirkan hátt. Haustvöktun gengur út á að kafað er í veiðiár að hausti og taldir villtir laxar og eldislaxar.

Í Áhættumati erfðablöndunar er megináhersla lögð á að vakta erfðablöndun, þ.e.a.s. staðfesta að atburðurinn erfðablöndun hafi átt sér stað. Hér er „lokaafurð“ mæld og metin, aðferðafræði sem var lögð af í sjávarútvegi fyrir áratugum. Nú er lögð áhersla á í sjávarútvegi að vera með eftirlitið sem næst þeim stað sem galli eða áhættan getur hugsanlega myndast. Þar er markmiðið að uppgötva og leiðrétta það sem aflaga fer sem fyrst til að lágmarka tjónið.



Valdimar Ingi Gunnarsson.



Laxá í Kjós. Mynd / Aðsend

Sýnatökur sem gefa takmarkaðar upplýsingar

Til að staðfesta erfðablöndun er lagt til í Áhættumati erfðablöndunar að rafveitt verði á hverju ári í um 20 veiðiám en aðeins sex þeirra er að finna á eldissvæðum. Það er því aðeins verið að vakta lítinn hluta af veiðiám á eldissvæðum sem getur staðfest hvort erfðablöndun hafi átt sér stað. Hér er um kostnaðarsama aðferðafræði og af skiljanlegum ástæðum s.s. í Noregi er ekki lagt mikið upp úr þessum DNA-sýnatöku til að ákvarða hlutfall eldislaxa í veiðivötnum. Vöktunin felur því í sér að verið er að staðfesta tjónið, erfðablöndun, en áherslan ætti að vera að koma í veg fyrir slíkt og nota aðeins þegar grunur er um erfðablöndun til staðfestingar.

Sýnatökur og villandi niðurstöður

Í áhættumati erfðablöndunar er gert ráð fyrir því að senda til helstu laxveiðiáa strokusýni (DNA-sýnatöku) og jafnframt óskað eftir hreistursýni til að meta hlutfall eldislaxa. Það eru ákveðin vandkvæði við notkun á þessari aðferð, ef sýnin eru tekin á stangveiðitímabilinu mælist lágt hlutfall eldislaxa sem gefur ekki raunhæft viðmið um hlutfall eldislaxa á hrygningartímanum. Þetta er ástæðan fyrir því að Norðmenn leggja mikla áherslu á haustvöktun sem gefur góðar og raunhæfar upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám.

Haustvöktun

Í Noregi hefur haustvöktun verið framkvæmd með góðum árangri síðustu ár í um 200 veiðiám. Meira finnst af eldislaxi í veiðiám að hausti en í stangaveiði að sumri. Það er ástæðan fyrir því að Norðmenn leggja mikla áherslu á að kortleggja hlutfall eldislaxa í veiðiám að hausti. Með haustvöktun fást áreiðanleg gögn til að leggja mat á hvort hugsanleg erfðablöndun geti átt sér stað. Samfara auknu umfangi laxeldis á Vestfjörðum og umfangsmiklum áformum er skynsamlegt að vera með árlega haustvöktun til að meta stofnstærð villtra laxfiska og hlutfall eldislaxa eins og gert er í Noregi.

Af hverju ekki haustvöktun?

Það er athyglisvert að Hafrannsóknastofnun forðast að nefna á nafn haustvöktun – hver ætli ástæðan sé fyrir því? Stundum er því haldið fram að veiðiréttareigendur muni ekki samþykkja að farið verði í þeirra veiðiár og leitað að eldislaxi. Staðan er sú að veiðiréttareigendur á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir því að í fyrsta áhættumati erfðablöndunar var lagt til 50.000 tonna eldi á frjóum laxi í sjókvíum á Vestfjörðum. Í nýju áhættumati á þessu ári voru framleiðsluheimildir hækkaðar í um 65.000 tonn. Ein sviðsmynd sem blasir við veiðiréttareigendum er að eldislax getur leitað í töluverðum mæli upp í veiðiár ef stórar slysasleppingar eiga sér stað. Af hverju ættu þeir að vera á móti slíku inngripi sem fælist í haustvöktun? Það væri hlutverk Umhverfissjóðs sjókvíaeldis, sem laxeldisfyrirtækin fjármagna, að greiða kostnaðinn og ávinningur veiðiréttareigenda væri að þeir fengju upplýsingar:

- Um stofnstærð laxastofns í veiðivatninu og hvort hæfilegt veiðiálaga væri á stofninum.
- Um hlutfall eldislaxa í veiðivatninu og hugsanlegar líkur á erfðablöndun áður en hrygning á sér stað.

Árvaki

Í áhættumati erfðablöndunar er lögð mikil áhersla á notkun árvaka. Stór kostur við árvaka er að þar kemur strax fram hvort eldislax er að ganga upp í veiðiár og geta þannig upplýst um slysasleppingar sem ekki hafa verið tilkynntar. Með að skoða erfðaefni strokulaxanna er síðan hægt að staðfesta uppruna þeirra. Gallinn við vöktun með árvökum skv. upphaflegu áhættumati erfðablöndunar er að gert er ráð fyrir að staðsetning flestra þeirra verði langt frá eldissvæðum þar sem eldi á frjóum laxi er heimilað. Eftir því sem fjær dregur þeim stað sem slysasleppingar hefur átt sér stað eru færri og færri eldislaxar sem leita upp í veiðiár og munu því flestir árvakarnir skila litlu er varðar vöktun á hlutfalli eldislaxa í veiðivötnum. Slysasleppingar getur því átt sér stað t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum án þess að strokulax komi upp í árvökum. Þeir fjármunir sem fyrirhugað er að verja í árvaka sem eru í jafnvel hundruða km fjarlægð er betur varið með að koma fyrir í meiri nálægð við eldissvæðin. Árvakar mæla þó aðeins hlutfall eldislaxa í örfáum veiðivötnum og ekki raunhæf leið til að vakta öll veiðivötn vegna mikils kostnaðar. Það er aftur á móti hægt að gera fyrir flestar eða allar veiðiár með haustvöktun sem er hagkvæmasta og besta aðferðafræðin til að vakta hlutfall eldislaxa í veiðiám.


Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.

MÁLFAR & MÁLNOTKUN

Áfangastaður

Oft heyrum við talað um ferðamannastaði sem eftirsóknarverða áfangastaði, t.d. Tenerife. Þarna finnst mér að orðið „áfangi“ sé misskilið.

Áfangi er hluti af lengri leið. Grunnbúðir 1 eru einn áfangastaður á leið þeirra sem ætla upp á topp Everest-fjalls, grunnbúðir 2 eru næsti áfangastaður o.s.frv. Þegar komið er á toppinn er hann ekki áfangastaður því lengra verður ekki komist, heldur er þá komið á **leiðarenda** eða **ákvörðunarstað.** Á toppnum er ekki hægt að setjast að þannig að hann er bara **viðkomustaður.** Þannig er það með flesta ferðamannastaði, þeir eru **viðkomustaðir** eða **dvalarstaðir** til skamms tíma. Oft er hægt að komast á ákvörðunarstað í einum áfanga en annars verðum við að stoppa á einhverjum áfangastað og halda síðan áfram seinna.



Sporléttur ferðamaður. Mynd / TB

Þorsteinn Guðmundsson


ER KROPPURINN Í LAGI?

Mörg búverk krefjast þess að bóndinn sé í líkamlega góðu formi. Hann verður að búa yfir styrk, lipurð og þoli til að mæta ólíkum verkefnum dagsins. Þess vegna er mikilvægt að halda sér í formi, gera reglulega æfingar og leggja áherslu á að styrkja alla vöðva líkamans.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



LESENDABÁS

112.765.594 ástæður til að elska hitaveitur!

„Pabbi, það kemur ekkert heitt vatn úr krananum!“ sagði sonur minn við mig í töluverðri geðshræringu þegar hann átti að þvo hendurnar fyrir svefninn, fyrsta kvöldið sitt í heimsókn til heimalands móður sinnar. Þar vorum við stödd í Perú, landi þar sem heimsklassa jarðvarmaauðlind er til staðar – en skrefið hefur ekki verið tekið að fara í stórfellda nýtingu á henni.

Besta tæknilega lausnin

Fyrir okkur sem lifum og hrærumst í orku- og veitumálum er það oft sérstakt að upplifa hversu litla athygli og umræðu það fær núorðið hversu mikil lífsgæði nýting jarðvarmaauðlindarinnar færir Íslendingum. Hérlendis eru rúmlega 90% híbýla á Íslandi kynt með hitaveitu sem byggir á beinni nýtingu jarðhita, en einnig eru starfræktar nokkrar sem nota raforku sem orkugjafa. Þannig er nær öll húshitun á Íslandi byggð á endurnýjanlegum orkugjöfum. Þessi staða sem við búum við á Íslandi er e-ð sem aðrar þjóðir dreymir um að ná. Í Hollandi er til dæmis fram undan risastórt átak í að byggja upp nýtingu jarðhita til húshitunar. Þegar Hollendingar leita sér fyrirmyndar, sérþekkingar og almennt aðstoðar við verkefnið, þá leita þeir hingað – til okkar.

Hagstæð lausn fyrir heimili og fyrirtæki

Húshitun með jarðhita er ekki bara almennt viðurkennt sem besta verkfræðilega lausnin í þeim geira, heldur er hún líka ákaflega hagstæð fyrir heimili og fyrirtæki. Ef við berum til dæmis saman húshitunarkostnað í höfuðborgum á Norðurlöndum kemur í ljós að hann er afgerandi lægstur á Íslandi. Þar er kostnaðurinn hérlendis að meðaltali þrefalt lægri en í öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum.



Sigurjón Norberg Kjærnested.

Lífsgæði og atvinnusköpun

Annað umkvörtunarefni barnanna minna þegar við vorum í Suður-Ameríku var að komast ekki í sund, því börnin eru vön því að geta valið úr 10 frábærum og heitum sundlaugum um helgar. Þegar heim var komið var það eitt fyrsta verkið að fara í Lágafellslaugina. Auk sundlauganna okkar frægu hefur undanfarin ár verið mikil uppbygging hringinn í kringum landið hjá ferðaþjónustufyrirtækjum sem byggja á nýtingu heita vatnsins. Má þar t.d. nefna Bláa lónið, Sjóböðin á Húsavík, Bjórböðin á Árskógssandi, Vök Baths í Fljótsdalshéraði og Fontana í Bláskógabyggð. Þá má ekki gleyma hátæknifyrirtækjunum okkar sem nýta heita vatnið til ræktunar í gróðurhúsum, fiskeldis, framleiðslu á hátækni lækninga og snyrtivörum og alls kyns atvinnusköpunar.

Risastórt framlag í loftslagsmálum

Mér telst til að ég sé kominn með sjö ástæður til að elska hitaveitur. Sem þýðir að mig vantar 112.765.587 ástæður, ef ég ætla að ná því sem boðað var í titli greinar minnar. Það næst með því að skoða hversu mikið hitaveiturnar spara okkur í losun gróðurhúsalofttegunda. Húshitun (og rafmagnsframleiðsla) með endurnýjanlegum orkuauðlindum er langstærsta framlag Íslands í loftslagsmálum. Samkvæmt tölum frá Orkustofnun er uppsafnaður sparnaður Íslendinga í losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum árin, með því að notast við endurnýjanlega orku til húshitunar í stað jarðefnaeldsneyta, 112.765.587 tonn. Til samanburðar við þessi 112 milljón tonn, þá má nefna að árlega losun frá landbúnaði á Íslandi er 0,6 milljón tonn.

Förum vel með auðlindina

Þessi árangur er ekki sjálfsagður. Það var og er gríðarlega kostnaðarsamt og flókið verkefni að byggja upp og viðhalda íslenska hitaveitukerfinu. Sú staðreynd kallar á að við kunnum að meta heita vatnið og hitaveiturnar og förum sparlega með þessa verðmætu auðlind. Þar er margt sem við getum öll gert. Á heimasíðu Veitna má t.d finna mörg góð hollráð um heitt vatn:

- Berum saman okkar notkun við meðalnotkun sambærilegs heimilis og skoðum hvernig við getum nýtt heita vatnið sem best.
- Látum fagmann stilla hitakerfið.
- Notum lofthitastýrða ofnloka til að jafna innihitann.
- Förum yfir þéttleika og einangrun glugga og hurða.
- Lokum gluggum þegar kalt er úti.
- Förum yfir hitakerfi hússins og jafnvægisstillum þegar kólna fer í veðri.

Ég lofaði 112.765.594 ástæðum til að elska hitaveitur og vona að ég hafi sýnt fram á það. Þær eru samt miklu fleiri. Ef þið höfðuð nb. gaman af þessari grein minni þá bendi ég á næstu grein mína: *320.680.342 ástæður til að elska endurnýjanlega raforku!*

Höfundur er forstöðumaður fagsviða hjá Samorku

LESENDABÁS

Hugleiðingar um stjórnsýslu landbúnaðarmála

Í lok síðasta árs tók undirritaður þátt í innlausnarmarkaði með greiðslumark sauðfjár. Niðurstaða markaðarins var kynnt snemma í janúar en ég tel að framkvæmd hans hafi ekki verið í samræmi við reglugerð nr. 1009/2019 sem kvað á um verklag markaðarins. Í þessari grein ætla ég að rekja samskipti mín við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Umboðsmann Alþingis í framhaldi af markaðnum.

Samkvæmt reglugerðinni átti ákveðinn hluti umsækjenda forgang á 60% greiðslumarks sem var í boði en hin 40% áttu að skiptast milli allra umsækjenda. Ekki var tekið fram hversu mikið hver umsækjandi gat sótt um en ákvæði um hámarksúthlutun sem nam 600 ærgildum.

Við framkvæmd markaðarins á vefsvæðinu afurd.is var sett hámark á fjölda ærgilda (600 ærgildi) sem hver umsækjandi gat sótt um í umsóknarformi en slíkt ákvæði er ekki í reglugerð nr. 1009/2019. Sú framkvæmd stenst ekki reglugerðina því í henni var ekkert sem bannaði að sækja um 200.000 ærgildi enda úthlutun háð hlutfallsútreikningum og þannig hefði umsækjandi aðeins verið að tryggja sér stöðu við úthlutun enda var 600 ærgilda hámark í úthlutun. Markaðinn hefði því með réttu átt að endurtaka þar sem þessi framkvæmd var hvergi kynnt.

Stjórnsýslukæra er ekki möguleg vegna landbúnaðarmála

Í framhaldi af þessu vakti ég athygli Umboðsmanns Alþingis á þessu. Í stuttu máli sagt kynnti hann sér málið ekki betur en svo að hann taldi að reglugerð 1253/2019 ætti að gilda sem mun gilda um innlausnarmarkað á árinu 2020. Jafnframt benti Umboðsmaður á að rökrétt fyrsta skref hefði verið að leita beint til ráðherra.

Í framhaldinu sendi ég stjórnsýslukæru til landbúnaðarráðherra vegna framkvæmdar markaðarins með vísan í 1. mgr. 3. gr. búvörulaga nr. 99/1993, 31. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1262/2018 og VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í svari sem mér barst 10. mars sl. var stjórnsýslukærunni vísað frá þar sem innlausnarmarkaðurinn var framkvæmdur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og niðurstaðan því ekki kæranleg til ráðuneytis – þó framangreindar laga- og reglugerðargreinar kveði skýrt á um það.

En ráðuneytið bregst við gagnrýni á framkvæmdina með þessum hætti:

Hver framleiðandi getur ekki fengið hærri úthlutun en sem nemur 600 ærgildum. Í reglugerðinni er þannig kveðið á um að hámarks úthlutun séu 600 ærgildi og ekki er tekið fram að kaupandi geti óskað eftir fleiri ærgildum en sem því nemur. Því er talið rétt og eðlilegt við framkvæmd innlausnarmarkaðar að hámarksbeiðni sé jöfn því hámarki sem hverjum einstökum umsækjanda er heimilt að kaupa.

Breyta frétt án þess að skoða forsendur

Fyrir mér er svarið ekkert annað en yfirklór af hálfum ráðuneytisins til að réttlæta þeirra framkvæmd. En þar með er ekki öll sagan sögð. Því undirritaður sótti sjálfur um 200 ærgildi og fékk 12,5 ærgildum úthlutað. Það gera 6,2% af kaupósk. Sú niðurstaða passaði ekki miðað við frétt um framkvæmd markaðarins sem sagði að almennur hópur hefði fengið 5,7% af kaupósk úthlutað. Ráðuneytið brást við þeirri ábendingu á þann hátt að breyta fréttinni sem er svona í dag á vef Stjórnarráðsins.

„Óskir um innlausn á greiðslumarki voru 97 talsins og er innleysir ríkið greiðslumark samtals sem nemur 6.625 ærgildum. Óskir um kaup á greiðslumarki voru 182 talsins og var óskað alls eftir 46.493 ærgildum. Í heildina er hlutfall til úthlutunar 14,2% af óskum um kaup. Óskir um kaup í forgangshópi nema 39.500 ærgildum og er 3.975 ærgildum ráðstafað til forgangshóps (60%). Þá var 2.650 ærgildum úthlutað til alls hópsins sem er þá 6,2% af ósk um kaup. Hver framleiðandi í forgangshópi fær því alls 15,7% af kaupósk sinni úthlutað en framleiðandi í almennum hópi fær úthlutað 6,2% af kaupósk sinni.“

Síðast þegar ég vissi var 3.975 deilt með 39.500 jafnt og 0,100 eða 10%. Að sama skapi eru 2.650 deilt með 46.493 jafnt og 0,0569 eða 5,7%. Út frá þessu er vel skiljanlegt að forgangshópur fái úthlutað 15,7% af kaupósk (10% + 5,7% = 15,7%) en óskiljanlegt að almennur hópur fái 6,2% kaupóskar úthlutað þar sem 6,2% er 0,5% hærra en niðurstaða útreiknings fyrir almennan hóp.

Með öðrum orðum þá fékk ég hærri úthlutun en mér bar og ráðuneytið sér ekkert athugavert. Það er mitt mat að framkvæmdin sé skólabókardæmi um lélega stjórnsýslu og það að breyta frétt og ekki skoða forsendur útreikninga eru ámælisverð vinnubrögð.

Ég leitaði því aftur til Umboðsmanns Alþingis þar sem ég vakti athygli á þessu misræmi og óskaði jafnframt leiðbeininga um hvernig fara ætti með stjórnsýslukærur tengdum stjórnvaldsákvörðunum landbúnaðar. Umboðsmaður sá ekkert athugavert við úthlutun greiðslumarks þó bent hafi verið á misræmið. Varðandi stjórnsýslukærurnar þá taldi Umboðsmaður að ekki sé þörf á leiðbeiningum þar sem ég hafi sett mig í samband við ráðuneytið og fengið fullnægjandi svör.

Ráðherra kastar steinum úr glerhúsi

Að þessu sögðu þá finnst mér sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kasta steinum úr glerhúsi þegar hann ávarpar Búnaðarþing með þessum orðum í mars sl.

Eitt af því furðulegra sem hendir þann sem hér stendur er að funda oft í viku með öflugu starfsfólki á landbúnaðarskrifstofu ráðuneytisins, en lesa svo á sama tíma fullyrðingar frá ýmsum velgjörðarmönnum íslensks landbúnaðar um að þetta sama starfsfólk sé ekki til. Þannig er ýmist fullyrt að landbúnaður sé í skúffu í ráðuneytinu eða að skrifstofan hafi verið lögð niður. Menn virðast halda að þeir fullyrði þessa þvælu nógu oft að þá verði til nýr sannleikur.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason í bústörfum. Mynd / Daníel Þór Ágústsson

Það er réttmæt gagnrýni á landbúnaðarskrifstofu ráðuneytisins að hún sé varla til þegar vinnulagið er ekki betra en þetta og menn sjá ekki að sér að viðurkenna mistök sín. Nú er spurning hvort sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ráði við reikningsdæmið hér að ofan og sjái muninn á réttu og röngu en í ræðu á Alþingi fyrr á þessu ári sagði hann að fimm mínus tveir væru þrír.

Jafnframt benti ég ráðuneytinu á að gefa út reikning (fullgilt bókhaldsgagn) fyrir viðskipti með greiðslumark á innlausnarmarkaði en greiðslumark skal eignfæra í eignaskrá sbr. 48. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Svar hefur ekki borist við þessari ábendingu og svo virðist sem þeir telji að umsóknarformið sé fullgilt. Ég bar það skjal undir löggiltan endurskoðenda sem telur svo ekki vera því umsóknarformið gefur ekki til kynna hvort af viðskiptum hafi orðið eða á hvaða bókhaldsári viðskipti eigi sér stað. Þarna hefðu nú verið hæg heimatökin fyrir ráðuneytið að vita hvað er rétt og hvað rangt því það ber ábyrgð á viðurkenningu bókara skv. 43. gr. laga um bókhald nr. 145/1994.

Nýverið auglýsti ráðuneytið svo störf þriggja skrifstofustjóra undir fyrirsögninni: „Við leitum að forystufé“. Ég vona innilega að ráðuneytinu farnist að ráða einstakling í starf skrifstofustjóra landbúnaðarmála sem hefur þekkingu á málaflokknum. Sem sauðfjárbóndi veit ég að forystufé er misjafnt að gæðum og fer oft og tíðum eigin leiðir og allt annað en eigandi vill að það fari. Vonandi verður skrifstofustjóri landbúnaðarmála ekki þannig „forystufé“ í því krefjandi verkefni að byggja upp traust á stjórnsýslu landbúnaðarmála meðal bænda og annarra velgjörðarmanna íslensks landbúnaðar.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
sauðfjárbóndi,
Ásgarði í Hvammssveit

PRONAR T663/4
11 tonna sturtuvagn
með tandemhásingum.



JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA
Kr. 2.490.000 án vsk.
480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

CAT®

Allar stærðir af CAT raf-stöðvum:



Opnar stöðvar
Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám
Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira
Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

VÉLABÁSINN

MG ZS EV – 100% rafdrifinn fimm manna fólksbíll



MG ZS EV er 143 hestöfl og á að komast 263 km á einni hleðslu. Myndir / HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í júní síðastliðnum frumsýndi BL nýjan rafmagnsbíl sem ber nafnið MG ZS EV. Um síðustu helgi gafst mér kostur á að prófa bílinn. Satt best að segja var ég mun ánægðari með bílinn eftir aksturinn en áður en ég prófaði hann!

Samkvæmt orðabók er þetta ekki jeppi eða jepplingur

Ég er ekki vanur að byrja bílaumfjöllun á neikvæðum nótum, en nú verð ég: Að nota villandi og rangan texta til að fá fólk til að skoða bíla er ekki meðmæli með kynningu á nýjum bílum. Við sem teljum okkur vera ábyrga „bílablaðamenn“ eigum ekki að taka þátt í lygunum með því að kalla eindrifsbíla jepplinga, jeppa eða smájeppa.

Í kynningartexta um bílinn segir á heimasíðu BL: „MG ZS EV er 100% rafdrifinn fimm manna framhjóladrifinn og ríkulega búinn smájeppi.“ Maður á ekki að ljúga, þetta er ekki jeppi, jepplingur eða smájeppi! Til að nota orðið jeppi verður bíllinn, fyrir mér a.m.k. (og samkvæmt orðabók), að vera fjórhjóladrifinn. BL til varnar þá er það ekki eina umboðið sem hefur ranglega kynnt bíla sem jeppa, jepplinga eða smájeppa sem eru bara með drif á einum öxli.

Niðurtalning á kílómetrum af rafhlöðu tiltölulega rétt

Þegar ég fékk bílinn til prufuaksturs hafði hann verið í prufuakstri yfir daginn og því ekki fullhlaðinn. Samkvæmt mælaborði átti ég að geta komist 212 km. Vitandi það að með mínu aksturslagi væri þetta ekki sá kílómetrafjöldi sem ég kæmist. Fyrir fram taldi ég mig varla ná helmingi af þessum kílómetrum af fenginni reynslu af rafmagnsbílum, en eftir 84 km sýndi aksturstölvan mér að ég ætti 120 km eftir á rafhlöðunni. Greinilegt að þessi bíll var að telja niður meira í takt við minn akstur í samanburði við aðra rafmagnsbíla sem telja hraðar niður. Þrátt fyrir að ég hafi verið með hita í sætum, ljós kveikt, mest í sportstillingunni og fleira sem talið er eyða miklu rafmagni.



Hliðarspeglar eru ágætir og með viðvörunarljósi ef einhver er á blinda svæðinu.



Það fer ekki mikið fyrir rafmagnsvélinni í samanburði við hefðbundnar dísil- eða bensínvélar.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.491 kg
Hæð	1.644 mm
Breidd	1.809 mm
Lengd	4.314 mm

Kraftmikil vél og mikið af öryggisbúnaði

Samkvæmt bæklingi á vélin að skila 143 hestöflum. Þessi hestöfl skila bílnum úr kyrrstöðu upp í umferðarhraða á mun skemmri tíma en minn 178 hestafla bíll sé hann stilltur á sportstillinguna (snerpustillingar eru þrjár: eco, normal og sport. Uppgefin hröðun úr 0 í 100 er 8,2 sek.). Í bílnum er mikið af öryggis- og þægindabúnaði,



Við hávaðamælingu inni í bílnum mældist hann ekki nema 68-70 db sem er mjög gott.

s.s. hraðastillir sem fylgir bílnum á undan, akreinalesari, blindhornsvari, neyðarbremsuaðstoð og sjálfvirk neyðarhemlun, hemlajöfnun, brekkuaðstoð og margt fleira.

Að keyra bílinn er ljúft, sætin eru góð og bíllinn rennur áfram nánast hljóðlaust. Í hefðbundinni hávaðamælingu á 90 km hraða mældist hávaðinn inni í honum 68–70 db (sem er betra en margir aðrir rafmagnsbílar sem ég hef mælt). Á malarvegi er bíllinn frekar stífur, en bíllinn sem var prófaður var á 17 tommu felgum og nánast enginn prófíll í dekkjunum (Comfort bíllinn kemur á 16 tommu felgum og á hærri dekkjum sem ætti að vera betra á möl). Tiltölulega lítið smásteinahljóð heyrist undir bílnum á malarvegum.

Frábær kaup í þessum bíl

MG Comfort er á verði frá 3.990.000 kr. (sá ódýrari) og bíllinn sem prófaður var heitir Luxury og kostar 4.390.000 kr. Gott verð miðað við hvað mikið er í bílnum af alls konar aukabúnaði. Vel hljóðeinangraður, gott að keyra – þá er þetta verð mjög gott! (Þetta er í fyrsta sinn, síðan ég prófaði Jaguar-rafmagnsbílinn, að mig langar að eiga bílinn sem ég prófa).

Ekki alveg gallalaus

Bíllinn er samt ekki alveg gallalaus. Það þarf að kveikja afturljósin þegar bjart er úti svo að maður sé löglegur í akstri. Við það dofna svo mikið öll ljós í mælaborðinu að erfitt er að sjá sumt í mælaborðinu. Svo er það þessi hefðbundna kvörtun mín þegar ekkert varadekk er í bílnum að bíllinn fær hjá mér mínus fyrir það.



Þakglugginn gefur möguleika á stjörnu- og norðurljósaskoðunartúrum með haustinu.



Sá sem hér mátar aftursætið er um 1,85 m á hæð og enn er gott fótapláss.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Ekki gleyma okkur í gleðinni



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Komið hefur fram í þessum pistlum að ég er duglegur að ferðast innanlands. Fyrir rúmri viku skellti ég mér í hringferð um landið með konunni á okkar gamla húsbíl. Það sem vakti mesta athygli mína í þessari ferð var hvað fólk virðist vera orðið værukært gagnvart pestinni sem plagar allt og alla og nefnist COVID-19.

Íslenskar vegasjoppur njóta góðs af ferðaþyrstum Íslendingum. Þær eru fæstar hannaðar til að vera með langar biðraðir við afgreiðslurnar, nánast ógerningur er að halda tveggja metra bilinu. Eitthvað virðast stjórnendur vegasjoppanna hafa misreiknað fjölda „sjoppuglaðra“ Íslendinga, en ekki var óalgengt að bið eftir SS-pylsu væri allt að klukkustund (hætt við að eitthvað þurfi að endurskoða starfsmannafjöldann fyrir komandi helgi). Þó að til standi að létta á samkomureglum þá eru nokkrir dagar í það enn sem þarf að virða.

Tjaldstæðin misjöfn

Við hjónin gistum á tjaldsvæðum eins og á að gera því að húsbílar eiga að vera á tjaldsvæðum en ekki almennum bílastæðum. Alltaf er þó eitthvað um að húsbílum sé lagt yfir nótt þar sem þeir eiga ekki að vera. Þó fannst mér í tvígang, þegar ég horfði yfir húsbíla- og tjaldborgina, að 500 hámarks fjöldinn væri svolítið í plús (eitthvað sem huga þarf að fyrir komandi helgi og virða eða gera ráð fyrir). Almennt fannst mér verðlagið ekki hátt, lægst 2.000 krónur nóttin fyrir okkur tvö á húsbíl og ekkert rafmagn. Hæsta verðið var frá 3.000 til 3.400 kr., en á þeim stöðum var aðstaðan framúrskarandi góð, sturta, þvottavél og fleira. Það vakti hins vegar furðu mína að tjaldsvæði mega ekki nota ferðagjöfina sem allir Íslendingar fengu að upphæð 5.000 kr., en þessa gjöf má nota í bakaríum og á hamborgarastöðum (satt best að segja svolítið undarlegt!).



Tjaldsvæðið í Vík í Mýrdal var þétt setið og stutt á milli tjalda og vagna.
Myndir / HLJr

Umferðin flestum til sóma – með örfáum undantekningum

Almennt var umferðin á þjóðvegunum til fyrirmyndar og greinilegt að nýju umferðarlögin sem tóku gildi um síðustu áramót, að bílar með eftirvagna mættu vera á sama hraða og aðrir, eru ekki að skapa óþarfa framúrakstur. Umferðin leið áfram tiltölulega örugg og áhættulaus fyrir utan að of margir voru ljóslausir, bæði að framan og aftan. Þetta þarf að minna bílstjóra á fyrir verslunarmannahelgina sem alltaf er þung umferðarhelgi.

Vegmerkingar þarf að bæta

Eins og alltaf á sumrin eru vegaframkvæmdir áberandi. Þar þarf aðeins að bæta í merkingar. Á Suðurlandi er verið að betrumbæta á nokkrum stöðum einbreiðar brýr (þó fyrr hefði verið), en á nokkrum af þessum stöðum er viðvörunarmerkingum verulega ábótavant. Allt of seint er varað við vinnu og hjáleiðum fram hjá vinnusvæði. Sérstaklega tók ég eftir þessu í tvígang þar sem að í annað skiptið var fyrsta viðvörun eftir blindhæð og í hitt skiptið eftir blindbeygju. Einnig vantar oft merki um að vegur sé ósléttur fram undan og í a.m.k. tvígang þurfti fjöðrunarkerfið að vinna vel fyrir sínu (og konan að leita af prjónunum á gólfinu eftir hossinginn).

Skelfingarsvipur á grískum mótorhjólahjónum

Í ferðalaginu höfðum við stórt mótorhjól með í bílnum og keyrðum á því út frá áfangastöðum. Frá Egilsstöðum fórum við, eins og margir, á Borgarfjörð eystri, en veginn þangað er verið að betrumbæta. Það verður að segjast eins og er að hann er afskaplega óþægilegur fyrir tvíhjóla ökutæki, en í lagi á vel dekkjuðu hjóli. Aðra sögu sögðu okkur grísk hjón sem við hittum fyrir neðan lausa malarkaflann í Vatnsskarðinu. Þau höfðu ferðast um allt landið í þrjár vikur og fundist allir malarvegir skemmtilegir þar til að þau komu að þessum þriggja kílómetra kafla. Þau voru enn með skelfingarsvipinn í andlitinu þegar þau lýstu akstrinum og sögðu að þau hefðu aldrei farið þessa leið ef þau hefðu vitað hvað biði þeirra (spurning um að finna upp skilti til að merkja svona framkvæmdir sérstaklega).



Grísk hjón lýstu skelfilegum augnablikum í beygjunum þremur þarna uppi í lausamölinni.



KROSSGÁTA Bændablaðsins



135	GLYMJANDI	TÚTTA / SIÐAÐUR		DÓTARÍ	BLIKKA		SLÆPIST	TÓNLIST / ÞUSA		
TAK / STUTTUR										ÓBREYTT
					ULLAR-EFNI					
ÖSLA					VÍSA LEIÐ / RÓRILLA					
LEIÐSLA / VÍS-BENDING			GEGNA / ÖÐLUÐUST						RÍKI Í AMERÍKU	
	YFIR	SKRÁMA / FARFA				GREINI-LEGUR		HVAÐ / LÆKNA		
KVEINI			NÓTA / EFNI		SKRÆKJA					REIÐIR AF
ÓVISS				NÆGILEGA			KAUPTÚN / AFHÓLFA			
SKILJA / ELSKA				RÍKI Í AFRÍKU	RANNSAKA / SKÖRP					
			STRENGUR / MÝKING			HÁTTALAG / VAGN				
	ÁHRIF	LÉREFT / BLÁSA			LÖGSÓKN				RÁNDÝRA	
EFTIR-MYND / MÆLING					FÖR / TÓLG			MORA / NIÐURLAG		
			SÓNN			TIL-SAMANS / TVÍHLJÓÐI				
KAUPS			FREYÐA				MARG-SINNIS			
ÚTLIMIR					VORKENNA					

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði




134	RISPA	SKYNFÆRI / MESSINGS	E	SVÍKJA	VÆTA	S	RAKI	SKRIÐA / ÁGENGNI	H	
BURÐAR-KLÁR	K	L	Y	F	J	A	D	Ý	R	ÁLITS
KVK NAFN	L	Á	R	A	LÍKUM	G	E	T	U	M
URMULL	Ó	T	A	L	TÆLA / GNÆFA	G	I	N	N	A
ÓREIÐA / TÆPLEGA	R	Ú	UPPGANGA / MÓÐINS	S	T	I	G	I	BRESTIR	T
RÝJA	R	STIG	SKORTIR / ÞRÁTTA	V	A	N	T	A	R	ÚTGENGINN	L	TVEIR EINS / FÆLA	S	S
T	U	S	K	A	STÖÐUGT / GIMSTEINN	S	Í	TJÓN	Ó	G	A	G	N	FUGL
LJÓST	S	K	Ý	R	T	STIKK-PRUFA	S	Ý	N	I	ÖÐAGOT / ANDIN	R	A	S
HAPP-DRÆTTI / AÐEINS	L	O	T	T	Ó	KVÖLD	K	AFOXA / ORÐSTÍR	A	F	S	Ý	R	A
B	A	R	A	PUKUR / BLANDAR	P	A	U	F	ÖNDUNAR-FÆRI / HLUTÐEILD	T	Á	L	K	N
	K	ANDVARI	SEPI / BRÚNIR	L	A	F	SÖNGLA	R	A	U	L	A	INNI-LEIKUR	D
ÁREITA / HLUTSKIPTI	A	B	B	A	S	T	TIGNARI / NUDDA	Æ	Ð	R	I	STING / HLJÓÐFÆRI	A	L
Ö	R	L	Ö	G	TOTA	A	N	G	I	SÖGN / SKYLDIR	N	Ó	L	Ó
FLYTJA	F	Æ	R	A	HVEITI-DEIGS LENGJA	N	Ú	Ð	L	A	DVELJAST	B	Ú	A
HLUNN-FARA	A	R	Ð	R	Æ	N	A	ÞOKKALEG	D	Á	G	Ó	Ð	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 20. ágúst
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Hrútatunga



Jón Kristján kaupir jörðina í janúar 2016 af frænda sínum, Gunnari, og konu hans, Sigrúnu, svo flytur Þorbjörg inn haustið 2017. Byrjað var á því að fjölga fénu aftur en það voru um 350 fjár þegar tekið var við.

Býli: Hrútatunga.

Staðsett í sveit: Hrútafirði í Húnaþingi vestra.

Ábúendur: Jón Kristján Sæmundsson og Þorbjörg Helga Sigurðardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við erum þrjú; Jón Kristján Sæmundsson og Þorbjörg Helga Sigurðardóttir og tæplega þriggja mánaða sonur okkar, Sæmundur Hólmar Jónsson. Svo eigum við hundinn Kátínu og köttinn Skoppu.

Stærð jarðar? Tæpir 1.800 hektarar, þar af 37 hektarar í túnum.

Gerð bús? Sauðfjárbú með nokkra hesta til gagns og gamans.

Fjöldi búfjár og tegundir? 450 vetrarfóðraðar kindur og 25 hestar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagarnir eru nú mjög breytilegir á sumrin, fer allt eftir veðri og vindum.



Sæmundur Hólmar Jónsson.

Á veturna er náttúrlega byrjað og endað á því að gefa en svo farið í hin ýmsu störf þess á milli.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegustu bústörfin væri heyskapurinn og fjárrag á haustin, sauðburðurinn er líka skemmtilegur þó svo hann geti verið krefjandi.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Búskapurinn verður sjálfsagt lítið breyttur eftir fimm ár. Vonandi búið að rækta upp fleiri tún og frekari betrumbætur á hinu og þessu.

Hvar eru helstu tækifærin í framleiðslu á íslenskum búvörum? Í hreinleika afurða og upprunavottun.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur og egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Blessað lambalærið.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það var þegar helmingurinn af fénu bar á fimm dögum.

MATARKRÓKURINN

Gljáðar svínakótelettur og grænmeti

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

Kjöt sem er gljáð með kryddjurtum verður mjög bragðgott, þökk sé kryddleginum með ólífuolíu, timjan, rósmarín og lárviðarlaufi í aðalhlutverki. Og smá chili til að krydda lífið með.

Gljáðar svínakótelettur

- 400 g svínakótelettur
- 2 msk flögusalt
- ½ chili kjarnhreinsað
- 100 g ólífuolía
- 3 kvistir timjan
- 4 þurrkuð lárviðarlauf
- 2 kvistar af rósmarín
- 4 hvítlauksrif

Aðferð

Daginn áður, saltið allar hliðar á svínakjötinu með því að nudda það með flögusaltinu, bætið síðan saxaða chili við. Setjið kjötið á disk og síðan smá ólífuolíu yfir. Merjið timjan, lárviðarlauf og rósmarín og stráið þeim yfir kjötið. Bætið mörðum hvítlauksrifjum saman við. Nuddið kryddið saman við kjötið, setjið plastfilmu yfir og látið það hvílast í kæli í 12 klukkustundir.

Sama dag og á að elda kjötið, hitið þá grillið, setjið kjötið á og eldið í 5–7 mín. á hvorri hlið, látið hvíla. Sneiðið niður, saltið síðan og berið fram.

Með meðlæti að eigin vali.

Steikt grænmeti á pönnu

Þetta steikta grænmeti er gott með cous cous eða hrísgrjónum.



Elskarðu grænmeti en ert ekki grænmetisæta? Undirbúið og skerið grænmeti sem til er í ísskápnum eða beint af bændamarkaði; sem er ræktað á þeim tíma sem á að elda, til dæmis papriku, gulrætur, næpu, fennel, sellerí, sveppi, kúrbít, tómata, flatbaunir og grænar baunir.

Grænmetið er fjölbreytt á sumrin og á haustin þegar uppskera er í hámarki. Berið þetta fram með salati.

Grænmeti að eigin vali, til dæmis:

- 1 gul paprika
- 2 litlar gulrætur
- 4 litlar næpur
- 1 fennelhaus
- 1 sellerí
- 4 fallegir sveppir
- 1 kúrbítur
- 2 tómatar
- 100 g baunir
- 4 vorlaukar



Annað hráefni:

- Ólífuolía
- ½ sítróna
- 2 hvítlauksrif
- 50 ml af grænmetissoði (vatn og kraftur)
- 60 g soðnar kjúklingabaunir
- 3 kvistir af kóríander

Fjarlægðu rótarenda og skræl. Skerið grænmetið, bætið á pönnuna papriku, gulrótum, næpu, fennel og sellerii, svo og sítrónu. Kryddið með salti og pipar.

Bætið síðan við sveppunum, kúrbít og tómötunum, svo og mörðum hvítlauksrifjum. Láttu eldast í 2 mín. yfir hóflegum hita.

Hellið seyði í, sjóðið og látið sjóða í 10 mín. yfir miðlungs hita.

Bætið við vorlauknum og baunum, því sem á að haldast grænt og fallegt. Byrjið að sjóða aftur og eldið í 2 mín.

Setjið kóríanderinn yfir. Takið af hitanum.

Berið fram með ólífuolíu og stráið með flögusalti.Til að stjórna matreiðslu á grænmetinu, gættu þess að skera grænmetið reglulega. Matreiðslan verður fljót og útkoman falleg.


Aldrei hylja grænmeti með loki, annars missir það fallegan lit og verður grátt.

HANNYRÐAHORNIÐ

Prjónaðir sokkar

Prjónaðir sokkar úr DROPS Fabel. Stykkið er prjónað ofan frá og niður með norrænu mynstri.





Stærðir: 35/37 (38/40) 41/43

Lengd fótar: ca 22 (24) 27 cm.

Hæð á stroffi niður að hæl: ca 17 (18) 19 cm.

Garn: Drops Fabel (fæst í Handverkskúnst)
- Yfir hafið nr nr 604: 50 (50) 50 g
- Rjómahvítur nr 100: 50 (50) 50 g
- Gráblár nr 113: 50 (50) 50 g
- Blár nr 107: 50 (50) 50 g
- Eplagrænn nr 112: 50 (50) 50 g

Prjónfesta: 26 lykkjur á breidd í sléttu prjóni og norrænu mynstri = 10 cm.

Prjónar: Sokkaprjónar nr 2,5.

Úrtaka / útaukning (jafnt yfir):

Til þess að reikna út hvernig fækka/fjölga eigi jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð sem fækka á/fjölga eigi út lykkjum (t.d. 72 lykkjur), deilið þessum lykkjufjölda með fjölda úrtöku/útaukninga sem á að gera (t.d. 8) = 9.

Í þessu dæmi er lykkjum fækkað með því að prjóna 8. og 9. hverja lykkju slétt saman.

Ef auka á út þá er slegið 1 sinni uppá prjóninn á eftir 9. hverja lykkju. Í næstu umferð er uppsláttur prjónaður snúinn slétt svo að ekki myndist gat.

Hælúrtaka

UMFERÐ 1 (= rétta): Prjónið slétt þar til 7 (8) 8 lykkjur eru eftir, takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, 1 lykkja slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem prjónuð var slétt, snúið stykkinu.

UMFERÐ 2 (= ranga): Prjónið brugðið þar til 7 (8) 8 lykkjur eru eftir, takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana brugðna, 1 lykkja brugðin, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir brugðnu lykkjuna, snúið stykkinu.

UMFERÐ 3 (= rétta): Prjónið slétt þar til 6 (7) 7 lykkjur eru eftir, takið 1 lykkju óprjónaða eina og prjóna eigi hana slétt, 1 lykkja slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem prjónuð var slétt, snúið stykkinu.

UMFERÐ 4 (= ranga): Prjónið brugðið þar til 6 (7) 7 lykkjur eru eftir, takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana brugðna, 1 lykkja brugðin, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir brugðnu lykkjuna, snúið stykkinu.

Haldið áfram með úrtöku alveg eins með því að fækki um 1 lykkju áður en 1 lykkju er steypt yfir þar til 14 (14) 16 lykkjur eru eftir á prjóni.

SOKKUR: Fitjið upp 72 (72) 80 lykkjur á sokkaprjóna 2,5 með bláum. Prjónið 1 umferð slétt. Skiptið yfir í gráblána og prjónið stroff hringinn (= 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið) í 3 cm. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 8 (4) 4 lykkjur jafnt yfir – sjá ÚRTAKA/ÚTAUKNING = 64 (68) 76 lykkjur.

Prjónið A.1 hringinn (= 16 (17) 19 mynstureiningar með 4 lykkjum). Í umferð merktri með ör-1 í A.1, er lykkjufjöldinn jafnaður í 66 (66) 72 lykkjur. Haldið áfram með A.1 (nú er pláss fyrir 11 (11) 12 mynstureiningar með 6 lykkjum).

Í umferð merktri með ör-2, fækkið um 6 (6) 4 lykkjur jafnt yfir = 60 (60) 68 lykkjur. Haldið áfram með A.1 (nú er pláss fyrir 15 (15) 17 mynstureiningar með 4 lykkjum). Í umferð merktri með ör-3, fækkið um 6 (2) 6 lykkjur jafnt yfir = 54 (58) 62 lykkjur eftir. Þegar A.1 hefur verið prjónað til loka, prjónið slétt hringinn með lit Yfir hafið þar til sokkurinn mælist ca 17 (18) 19 cm frá uppfitjunarkanti.

Prjónið nú hæl eins og útskýrt er að neðan.

Hæll: Haldið eftir fyrstu 13 (14) 15 lykkjum á prjóni fyrir hæl, setjið næstu 28 (30) 32 lykkjur á 1 þráð án þess að prjóna lykkjurnar (= mitt á fæti) og haldið eftir síðustu 13 (14) 15 lykkjum á prjóni fyrir hæl = 26 (28) 30 lykkjur á prjóni fyrir hæl. Prjónið slétt prjón fram og til baka yfir hællykkjur með lit Yfir hafið í 5 (5½) 6 cm. Setjið eitt prjónamerki mitt í síðustu umferð, prjónamerkið er notað aðeins síðar til að mæla lengd á fóti frá.

Prjónið HÆLÚRTAKA með Yfir hafið – sjá útskýringu að ofan. Eftir hælúrtöku er næsta umferð prjónuð þannig (með Yfir hafið): Prjónið sléttar lykkjur yfir 14 (14) 16 hællykkjur, prjónið upp 13 (14) 16 lykkjur meðfram hlið á hæl, prjónið sléttar lykkjur yfir 28 (30) 32 lykkjur af þræði á fæti og prjónið upp 13 (14) 16 lykkjur meðfram hinni hlið á hæl = 68 (72) 80 lykkjur í umferð. Prjónið áfram að mitt undir hæl, umferðin byrjar nú hér. Setjið eitt prjónamerki hvoru megin við 28 (30) 32 lykkjur mitt ofan á fæti. Prjónið slétt hringinn með Yfir hafið og fækkið lykkjum hvoru megin við 28 (30) 32 lykkjur á fæti þannig: Prjónið 2 síðustu lykkjurnar á undan fyrsta prjónamerki á fæti slétt saman og prjónið 2 lykkjur á eftir síðasta prjónamerki á fæti snúnar slétt saman (= 2 lykkjur færri). Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 8 (8) 10 sinnum = 52 (56) 60 lykkjur.

Prjónið áfram þar til stykkið mælist 18 (19) 21 cm frá prjónamerki á hæl (nú eru eftir ca 4 (5) 6 cm til loka, mátið e.t.v. sokkinn og prjónið að óskaðri lengd).

Setjið 1 prjónamerki í hvora hlið á sokk þannig að það verða 26 (28) 30 lykkjur bæði ofan á og undir fæti. Prjónið slétt hringinn með lit Yfir hafið og fellið af fyrir tá hvoru megin við bæði prjónamerkin þannig: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerki situr á milli þessa 2 lykkja), prjónið 2 lykkjur snúnar slétt saman.

Endurtakið úrtöku við hitt prjónamerkið (= 4 lykkjur færri í umferð).

Fækkið lykkjum svona hvoru megin við bæði prjónamerkin í annarri hverri umferð alls 4 (7) 9 sinnum og síðan í hverri umferð alls 6 (3) 2 sinnum = 12 (16) 16 lykkjur eftir. Í næstu umferð eru allar lykkjurnar prjónaðar slétt saman 2 og 2 = 6 (8) 8 lykkjur eftir. Klippið frá, dragið þráðinn í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið á þræði og festið vel. Sokkurinn mælist ca 22 (24) 27 cm frá prjónamerki á hæl. Prjónið hinn sokkinn alveg eins.





Létt

4		9	3		1	6	5	
	6	1	7		2		9	
5				4		8		
	8		9		3	1		7
	3			2			6	
6		4	1		5		2	
		6		3				9
	4		2		7	5	3	
	5	2	8		6	7		4

Miðlungs

	5	2			8		6	
		8	6	9				1
	7		4			2		9
			9	2		5	3	4
		1				8		
5	2	3		7	4			
8		9			7		2	
7				5	6	3		
	3		1			6	4	

Þung

7			4		1			5
				6				
		2	7		9	4		
1		5	9		8	2		4
	7			3			6	
9		8	2		6	5		1
		9	8		3	1		
				9				
8			6		4			3

Þyngst

	5				2			9
	2				7			
9		8	3			7		
5		2		8	9			
			6	7		2		4
		5			3	1		8
			9				6	
6			7				5	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Ugla er auðvitað uppáhaldsdýrið

Hrafn Sölvi Vignisson er 8 ára fjörkálfur sem fæddist í Reykjavík, bjó fyrstu 4 árin á Sauðárkróki en hefur síðan búið á Bifröst.

Hann var snemma altalandi og hefur afskaplega gaman af að tala, hann hefur ríkt ímyndunarafl og sterkar og skemmtilegar skoðanir. Hann er mikill áhugamaður um dýr og segist iðulega vera dýrafræðingur þegar hann kynnir sig fyrir fólki.



Nafn: Hrafn Sölvi Vignisson.

Aldur: 8 ára.

Stjörnumerki: Meyja.

Búseta: Bifröst.

Skóli: Varmalandsskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Mér finnst íþróttir skemmtilegastar.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Auðvitað ugla.

Uppáhaldsmatur: Pastasalat með beikoni.

Uppáhaldshljómsveit: Daði og gagnamagnið.

Uppáhaldskvikmynd: Green Lantern.

Fyrsta minning þín? Þegar ég labbaði niður stigann og fékk mér vatn með klaka.

Ærfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég spila á blokkflautu og þverflautu og langar að vera DJ.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að verða DJ og dýralæknir.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Ég fór niður kreisí vatnsrennibraut í Danmörku – Lalandia.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar? Ég ætla að fara til ömmu minnar, gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni minni, hjóla og kannski byggja kofa.

Næst » Ég skora á vinkonu mína, Töru Kristínu, að svara næst.

MENNING & LISTIR



Nýútskrifaðir hönnuðir úr Listaháskóla Íslands, þær Hlín Blöndal, Sylvía Dröfn Jónsdóttir og Malgorzata Kowasz.

Rabarabaradraumórar

Á dögunum var viðburðurinn Rabarabaradraumórar haldinn að Vöglum til að kynna verkefnið HÖNNÍN, sem er samstarfsverkefni NÍN, Listaháskólans, Háskólans á Akureyri, Þekkingarnets Þingeyinga og Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Þar voru meðal annars teknar til skoðunar nýjar leiðir við nýtingu á rabarbara og var afraksturinn stórskemmtilegur að sögn forsvarsmanna verkefnisins.

Ása Gunnlaugsdóttir er einn af aðgerðarstjórum hjá Nýsköpun í norðri sem kom að verkefninu.

„Þetta voru nýútskrifaðir hönnuðir úr Listaháskóla Íslands, Hlín Blöndal (BA, arkitektúr), Sylvía Dröfn Jónsdóttir (BA, vöruhönnun) og Malgorzata Kowasz (MA, hönnun), sem hafa kannað rabarbara og hvaða möguleika hann býður upp á. Þetta er ein af fáum jurtum sem getur vaxið hvar sem er á Íslandi og er gríðarlega vannýtt. Það voru virkilega spennandi afurðir sem komu út úr verkefninu og viðburðurinn á Vöglum var mjög vel sóttur," segir Ása.

Jurtin nýtt til hins ýtrasta

Viðburðurinn var haldinn að Vöglum og höfðu nemendurnir skreytt gróðurhúsið með lituðu efni úr rabarbara en ásamt því kynntu þær rafræna bók með öllu ferlinu sem þær höfðu farið í gegnum með tilraunum á jurtinni.



Rabarbarapitsur.

„Þær gerðu rabarbarapitsur og síðan reyktu þær rabarbara en þær komust inn í gamalt reykhús í Svartárkoti í Bárðardal og gerðu barbeque-sósu með reyktum rabarbara í. Einnig kynntu þær tvær tegundir af kimchi, sem er kóresk aðferð við að súrsa og geyma mat, sem var virkilega gott," útskýrir Ása og segir jafnframt:

„Útkoman var mjög áhugaverð. Það þarf að þróa þetta meira og rannsaka áður en hægt væri að þróa vörur á markað en það er vel raunhæft. Fólk úr sveitinni og gestir sem komu voru virkilega áhugasöm um þennan rabarbaraleiðangur. Þessi samvinna háskóla og atvinnulífs skiptir miklu máli og með þessu er verið að hugsa um framtíðina í sveitinni."

/ehg

Spennusagan Ógnarhiti eftir Jane Harper:

Stundum búa stærstu leyndarmálin í minnstu bæjunum

Í júní síðastliðnum kom út einn heitasti krimmi sumarsins, ástralska spennusagan Ógnarhiti. Þar er á ferðinni frumraun hinnar áströlsku Jane Harper sem starfar sem blaðamaður í Melbourne.

Ógnarhiti fjallar um lögreglumanninn Aaron Falk, sem er búsettur í Melbourne en ólst upp í litlum bæ, Kiewarra, í fimm tíma akstursfjarlægð frá Melbourne. Falk hefur ekki komið á heimaslóðir árum saman. Það er ekki fyrr en hann fær fréttir af því að æskuvinur hans, Luke Hadler, hafi myrt eiginkonu og kornungan son og síðan stútað sjálfum sér, að Falk snýr aftur til að vera viðstaddur útförina.

Ekki allt með felldu

Í Kiewarra hefur ríkt mikill sólarþurrkur og dauðahiti mánuðum saman og þegar Falk snýr aftur í sinn heimabæ er eins og gamlir draugar ryðjist fram með látum. Ásakanir um að hann hafi verið viðriðinn dauða æskuvinkonu sinnar, Ellíar Deackon, vakna á ný en á sínum tíma hafði vinur hans, Luke Hadler, verið hans helsta fjarvistarsönnun. Nú er Luke dáinn og greinilegt að einhver þekkir til þessa gamla sakamáls. Í miðju



Blaðamaðurinn og rithöfundurinn Jane Harper kallar ekki allt ömmu sína.

mikils mótlætis og magnaðrar hitabylgju ákveður Falk að rannsaka dauða vinar síns, konu og sonar. Svo virðist að ekki sé allt þar með felldu.



Flutti ung til Ástralíu

Hin ástralska Jane Harper hefur vakið geysimikla athygli og í raun algjörlega slegið í gegn með Ógnarhita. Harper fæddist í Manchester á Englandi en átta ára gömul flutti hún með fjölskyldu sinni til Ástralíu. Síðar sótti hún háskólanám í Kent á Englandi þar sem hún lagði stund á ensku og eftir útskrift lá hennar leið loks aftur til Ástralíu þar sem hún starfar í dag sem blaðamaður hjá Herald Sun – og rithöfundur í hjáverkum.

Ógnarhiti, The Dry, er hennar fyrsta bók og kom út árið 2016. Ári síðar fylgdi Harper óvæntri velgengninni með annarri bók sinni, Force of Nature, sem fjallaði sömuleiðis um lögreglumanninn Aaron Falk. Þriðja bókin, The Lost Man, kom út árið 2018 og hefur notið mikillar hylli og er sú fjórða væntanleg í ár. Gagnrýnendur spöruðu ekki stóru orðin í kjölfar útgáfu Ógnarhita og Harper nánast krýnd hin nýja krimmadrottning.

Ógnarhiti væntanlegur í bíó

Þess má geta að bandaríska leikkonan Reese Witherspoon tryggði sér kvikmyndaréttinn að Ógnarhita skömmu eftir að hún kom út og var hún væntanleg í kvikmyndahús síðla þessa árs en vegna heimsfaraldursins er ljóst að hún ratar ekki á tjöldin fyrr en á því næsta.

/Fréttatilkynning

Sögufélag Austurlands:

Samstarf um útgáfu Múlaþings

Sögufélag Austurlands var stofnað að frumkvæði Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi árið 1965 og var megintilgangur þess að „gefa út árlega ársrit um austfirsk efni, söguleg og samtímaleg, einnig að gefa út önnur rit eftir því sem stjórn félagsins sér sér fært og fjárhagslegir möguleikar leyfa".

Fljótlega eftir það hófst útgáfa Múlaþings, en svo nefnist rit félagsins, og hefur það komið út með stuttum hléum allar götur síðan. Síðustu árin hefur vantað nokkuð upp á að bakhjarl ritsins hafi verið traustur og því tóku nokkrir áhugasamir sig saman um að efna til félagsfundar í Sögufélaginu og var hann haldinn á Reyðarfirði þann 18. júní síðastliðinn.

Unnið var að undirbúningi fundarins í samstarfi við forystufólk SSA, Austurbrúar og Héraðsskjalasafns Austfirðinga, en frumkvæði átti aðalfundur Söguslóða Austurlands, sem haldinn var í safnahúsinu á Egilsstöðum í vetur. Á Reyðarfjarðarfundinum voru skráðir 33 nýir félagar, sem samþykktu að hefja starfsemi þess á ný, en hún hefur legið niðri um langt skeið og útgáfa Múlaþings hvílt á annarra herðum.

Lagt var fram frumvarp að nýjum lögum félagsins um leið og eldri lög voru numin úr gildi. Ný stjórn var kjörin og sitja í henni Sigurjón Bjarnason, Egilsstöðum, formaður, Þórður Vilberg Guðmundsson, Reyðarfirði, ritari og Unnur Birna Karlsdóttir, Fellabæ, gjaldkeri. Í varastjórn sitja Cathy Ann Josepsson, Vopnafirði og Þórhallur Þorvaldsson, Eskifirði.



Safnahúsið á Egilsstöðum hefur löngum verið heimili Sögufélags Austurlands og Múlaþings.

Mynd / Úr einkasafni

Hin nýja stjórn kom saman til fundar á Egilsstöðum þann 7. júlí þar sem samþykkt var að undirbúa samstarfssamning við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um útgáfu Múlaþings og fleira sem efni þykja standa til.

Eitt af verkefnum stjórnar er að finna fjárhagsgrundvöll fyrir félagið en í meginatriðum er reiknað með því að einstök verkefni þess verði fjármögnuð sérstaklega, þannig að nokkur afgangur verði til almenns rekstrar. Mikilvægt er að félagið eigi gott samstarf við skjala- og minjasöfn á Austurlandi, einnig við aðra þá sem vinna að ritun byggðasögu landshlutans.

Stjórn félagsins væntir þess að eiga gott samstarf við sem flesta aðila við að standa fyrir verkefnum á vettvangi félagsins í náinni framtíð og er þess albúin að leggja sitt af mörkum til að efla söguritun og almennt menningarstarf á Austurlandi.

/Fréttatilkynning

LESENDABÁS

Af girðingarollum

Morgunninn var fagur og sól skein í heiði þegar ég gáði til veðurs þennan vordag. Gaf um leið auga fjallshólfinu og sá fljótlega að Leiðinda-Blökk var mætt í hólfið með lömbum sínum tveimur og úðaði í sig eins og enginn væri morgundagurinn. Ég þaut á stað og silakeppaðist á eftir rollunni, hnjótandi um aðra hverja þúfu eins og báðar lappir væru í krummafót en náði þó að reka hana úr hólfinu ...

Þessar línur gætu verið úr bók með heitið *Afrek girðingarollunnar* eða *Líf og störf Smugu-Móru og hennar afkomenda*. Sumar af þessum girðingarollum öðlast nefnilega nokkra frægð og umtal og eru þekktar á mörgum bæjum en yfirleitt ekki af góðu.

Þekkir þú gripinn?

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum eru til nokkrar tegundir af girðingarollum.

Stökkvarinn. Yfirleitt háfættari og léttari á sér en aðrar kindur með nokkuð yfirlætisfullan svip, sperra oft höfuð og dindil og eru almennt sakleysið uppmálað. Þær taka oft tilhlaup að girðingunni og stökkva svo yfir ýmist með að snerta varla eða lenda á efsta strengnum og slengjast þannig yfir. Ummerki sjást varla og oftast engin.

Smugan. Óskaplega leiðinleg skepna. Þrjóskusvipurinn áberandi, halla oft undir flatt og gera sig yfirmáta heimskulega á svipinn. Nokkrar undirgerðir eru af smugunni en flestar þeirra reyna við marga staði á girðingunni, uppi, í miðju og niðri. Ummerki eru greinileg, færa til strengi í neti, gera allt slakt og ull á neti og gaddavír. Smugu-Móra var vel þekkt og virtist hafa sérstaklega gaman að reyna sig við sæmilega góðar girðingar. Nokkrum sinnum var hún búin að fara í gegn á svipuðum stað



Skyldu þessar vera líklegar til stórra verka?

Mynd / Úr einkasafni

á girðingu þrátt fyrir sífelldar betrumbætur og þéttingu staura svo hægt var að teygja sig á milli þeirra. En ekki lét Smugu-Móra sig og hélt áfram uppteknum hætti. Að lokum var sett annað net utan á það sem fyrir var og girt hálft í hálft svo þröngir voru nú möskvarnir. Smugu-Móra lét sig ekki, stökk í girðinguna og ætlaði í gegn. En að þessu sinni hafði hún ofmetið eigin getu og lét lífið með því að hengja sig í girðingu sem varla var hægt að stinga lúku gegnum. Eitt var þó jákvætt, vesalings rollan lét lífið við það sem henni þótti skemmtilegast. Að sjálfsögðu voru lömbin sett á um haustið því þau voru af því kyni sem er „oho, svo duglegar að bjarga sér".



Hjalti Þórðarson.

Brotvélin. Oft stærri og þyngri en aðrar en sneggri í hreyfingum en þær líta út fyrir að vera. Þessar rollur gera beinlínis árás á girðingar, reyna ekki að troðast í gegn eða stökkva yfir heldur hlaupa á fullri ferð á girðingar. Ef girðing er ný eða nýleg tekst það sjaldnast í fyrstu tilraun en þá er bara hlaupið aftur og aftur. Hef horft á rollu hlaupa meira en fimm ferðir í sæmilega girðingu þar til þrír staurar lágu í valnum og viðkomandi komst í gegn. Ummerki eftir þessar rollur eru því greinileg.

Moldvarpan. Þessar rollur eru alltaf á hnjánum, lymskulegar á svipinn og sennilega býsna drjúgar með sig. Tilheyra þessum hópi mjög fáar kindur og var ég ekki viss um tilvist þeirra fyrr en ég stóð eina að verki. Hún stóð við girðinguna og hagaði sér eins og hundur og gróf sig undir neðsta vírinn. Gengu moldarflygsur í allar áttir frá henni þar til glufa myndast og þá var reynt.


Að mörgu að hyggja

Að ala upp góða girðingarollu getur verið ærinn starfi. Eftir að kindur fara út úr húsi eftir burð verður að vera tryggt að fyrstu tvær vikurnar kynnist lömbin alls ekki fjár- eða lambheldum girðingum heldur einhverjum girðingardruslum sem þau læra að hlaupa í gegnum með mæðrum sínum. Lömbin læra nefnilega það sem fyrir þeim er haft. Þá er björninn unninn og girðingarollan verður trúlega til.

Gleðilegt sumar.

Hjalti Þórðarson
Skagafirði,
áhugamaður um íslensku sauðkindina





Silunganet

Flot og sökknet
Breytt felling - meiri veiði
Sjóbleikjunet
Bleikjugildrur

Sími 892-8655

Reynsla - Þekking - Gæði
www.heimavik.is

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til sölu nýtt sumarhús (heilsárshús) 30,2 fm + 7 fm verönd. Klósett, sturta, eldhús, ísskápur, parket og flísar á gólfi. Ásett verð 6,6 m. kr. án vsk. 8,2 með vsk. Uppl. gefur Thomas í símum 698-3730 og 483-3910.



Traktorsdrifinn kurlari fyrir 25 cm tré, vökvadrifin innmötun, kr. 1.140.000 + vsk., 10 cm kr. 395.000 + vsk., hagasláttuvél f. traktor 175 cm kr. 285.000 + vsk., hagasláttuvél 120 cm f. fjórhjól 15 hp kr. 325.000 + vsk. Skógarklippur, stauraborvélar, kartöfluupptökuvélar, jarðtætarar, rúllutætarar og margt fleira á www.hardskafi.is



Til sölu 18 feta Flugfiskur (5.6 lend) með 115 hp Johnson utanborðsmótor. Verðhugmynd 1.600.000 kr. Uppl. í síma 696-9574.



Sunlight-pallhýsi, árg. '98, til sölu. Vel með farið, alltaf geymt inni, í góðu standi. Svefnpláss fyrir 4. Þyngd 850 kg. Verð; 550 þús. Uppl. í síma 897-1475.



Til sölu Benz Vario, 4x4 árg. 2000. Ekinn 530.000 þús. Farþ. 19+1. Uppl. í síma 892-8585.



Til sölu Mitsubishi Pajero árg. 2007. Ekinn 213 þús. km. Vel með farinn og nýskoðaður. Leðuráklæði. Á góðum sumardekkjum og slitin vetrardekk á felgum fylgja með. Uppl. í síma 849-4678.



Þessi 9 manna bíll er til sölu. Benz Vido 4x4, árg. 2015. Ekki ekinn nema tæp 90 þúsund. Er á tilboðsverði í nokkra daga, kr. 4.250.000.00. Nánari uppl. í síma 892-0034.



Weckman 7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.270.000 með vsk. (kr. 1.025.000 án vsk.). H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.490.000 með vsk. (kr. 1.202.000 án vsk.). 11 tonna: verð kr. 1.690.000 með vsk. (kr. 1.363.000 án vsk.). 13 tonna: verð kr. 1.970.000 með vsk. (kr. 1.589.000 án vsk.). H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.



Málningarsprautur. Eigum á lager litlar en öflugar málningarsprautur. Frábærar í t.d. málun á þökum o.fl. Verð frá aðeins kr. 179.900 með vsk. Málning hf. Uppl. í síma 580-6000.



KYMCO 500 cc, fjórhjól til sölu. Ekið aðeins 1.800 km. Alltaf geymt innanhúss og skoðað 2021. Uppl. gefur Helgi í síma 693-8085.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum-búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 og á hak@hak.is eða www.hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Rafstöðvar með upprunalegum Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net - Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á www.hak.is og hak@hak.is



Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is

YAMAHA

Utanborðs-mótorar



Yamaha F2,5B
Léttur og meðfærilegur 2,5hp
269.000 kr.
216.935 kr. án vsk



Yamaha F9,9J
Léttur og meðfærilegur 9hp
479.000 kr.
386.290 kr. án vsk



Yamaha F25G 25hp
Kröftugur 25hp
659.000 kr.
531.452 kr. án vsk



Yamaha F40F
Kröftugur 40hp
Frá 830.000 kr.
Frá 669.355 kr. án vsk.

ARCTIC TRUCKS
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK
S: 540 4900
yamaha.is

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

KAUP FÉLAGIÐ
MEÐ JÓNI GNARR



HLAÐAN
Hlustaðu á hlaðvarp Bændablaðsins á vefnum bbl.is og Soundcloud



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is




Vönduð hlið á ótrúlegu verði! Sterkbyggð heitgalvanhúðuð fjárheld hlið í stærðum 1,52 m–4,57 m. Val um lamir fyrir tréstaura eða galvaníseraða hliðstaura. Ein bestu kaup á markaðinum í dag. Allar upplýsingar á www.thor.is




Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is




Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í símum 669-1336 og 899-1776. Aurasel ehf.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Mjög öflugar WC dælur með skerabúnaði. Búnaðurinn dælir frá salernum upp í skolplagnir. Hentar fyrir mörg WC. Blautþurrkur, tíðabindi, gólftuskur ofl., engin fyrirstaða. Myndband á www.zehnder-pumpen.de (News). Umboðsaðili ZEHNDER á Íslandi, Hákonarson ehf. Uppl. í símum 892-8812 og 892-4163 eða á netfangið hak@hak.is



Vagnasmiðjan auglýsir: Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Veljum íslenskt. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. Uppl. í síma 894-6000.



Hestakerruleiga til sölu. Til sölu Hestakerruleigan í Víðidal, G -3 ehf. Um er að ræða 3 þriggja hestakerrur. Skuldlaust félag, vefsíða, símanúmer. Tiltölulega einfaldur rekstur. Allar kerrurnar seljast nýskoðaðar. Mesta vinnan fer í gegnum síma. Hálfgerð sjálfsafgreiðsla þegar kerra er leigð. Möguleiki á að 5 hesta kerra fylgi einnig. Frekari uppl. gefur Viggó í síma 698-2333.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is



HONDA rafstöðvar fyrir ferðavagna, sumarbústaði o.fl. Einnig mikið úrval bensín- eða díseldrifinna rafstöðva fyrir verktaka, bændur o.fl. Uppl. í síma 568-1500 og á www.thor.is



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið frá 11-18. Uppl. í síma 865-2717.



VEGRISTAR 4 x 2,5 m, verð 297.500 + vsk. Sama verð og í fyrra! Bera alla venjulega umferð, traktora, fullestaða vörubíla. Flytjum á staðinn fyrir hagstætt verð. Gönguhlið og veghlið í ýmsum breiddum. Íslensk smíði. Uppl. og myndir á Facebook Sæblær ehf., og í símum 899-2202 og 862-1909.



Til sölu Subaru Legacy, árg. 2003. Ekinn 150.000 km. Tilboð óskast. Uppl. í síma 696-6771.



Glussadrifnir jarðvegsborar á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Taðklær á lager. Breiddir: 1.2 m og 1,5 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Opnar raufar í baki. Sterk og vönduð smíð. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is

Viftur
ÍSHÚSIÐ

Úrval af viftum og þakblásurum í flestum stærðum og gerðum. Einnig úrval af stýringum. Ishúsið ehf. Uppl. í síma 566-6000 eða á www.viftur.is

Samlokueiningar
-Kælar
-Frystar
-Milliveggir
Kristján G. Gíslason EHF

Eigum til á lager úriþan-einingar fyrir kæla og frysta. Einnig hurðir og kerfi. Kristján G. Gíslason ehf. Uppl. í síma 552-0000 eða á www.kgg.is og kgg@kgg.is



Hliðarsláttuvélar (tromlu) fyrir dráttarvélar. Vinnslubreidd: 1,65 m, 6 hnífar. Mjög vandaður búnaður. Framleiðandi: Kowalski, Póllandi, www.agro-kowalski.com.pl - Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager, japanskar rafstöðvar með Subaru-vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Verð 189.000 kr. m/vsk. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Vatnskælt kæliborð 260 cm á lengd og 90 cm á breidd. Rúmar 18 gastrobakka. Uppl. í síma 820-8206.



Til sölu flott geymslutjald. Það er nýtt, stærðin er hæð 5,3 m, breidd 5,5 m og lengd 15 m, óska eftir tilboði. Uppl. í síma 864-1585.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir: Woodland camo, Leaf camo. Lengd: 4,5 m. Breidd: 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd: 100 kg, burðargeta: 1.100 kg. Max stærð af mótor: 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf, hjól á afturgafl o.fl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Til sölu norskur harðplastbátur flatbotna. Uppl. í síma 869-9225.



Sturtukerrur fyrir liðléttinga og fjórhjól frá Ítalíu, 750 kg, 1500 kg og 2500 kg heildarburður. Einnig sturtukerrur frá Írlandi fyrir verktaka, allt að 3.500 kg. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 og á hak@hak.is ásamt www.hak.is



Sturtukerrur frá Írlandi fyrir verktaka úr HARDOX stáli. Magnaður búnaður. Heildarburðargeta, 3000 kg og 3500 kg. Nánari uppl. í síma 892-4163 eða í tölvupósti á hak@hak.is. Einnig sturtukerrur fyrir liðléttinga og fjórhjól, 750 kg, 1500 kg og 2500 kg heildarburður. Hákonarson ehf. - www.hak.is



Off-road kerrur fyrir fjórhjól. Nokkrar gerðir í boði. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163 eða á hak@hak.is og www.hak.is



Mercedes-Benz Sprinter. Fallegur og góður bíll vel umgenginn. Með gott viðhald með rúmgóðan kassa og lyftu. Nýskoðaður í toppformi. Innfluttur frá Þýskalandi 2017. Verð aðeins 2,3 m. Uppl. í síma 868-3144.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Uppl. í síma 820-8096 eða á netfangið jh@johannhelgi.is

Continental sumardekk, ekin 500 km 225/50/17, verð 15.000 kr. Uppl. í síma 664-5884, Stefán.

Ódýrar heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2 l pottum. Birki, alpareynir, loðvíðir, ilmreynir, aspir, rifsber, sólber, hélurifs, körfuvíðir og ýmsar tegundir kvista. Aðeins 750 kr. stk. Uppl. í síma 857-7363 (Er í Reykjavík).

Rúlluvagn, 11 m langur, 22,5" dekk, verð 1.300.000 kr. Rúlluvagn, 9 m, verð 700.000 kr. Rófu- og gulrótarsáningsvél, verð 700.000 kr. Grimme 7530 kartöfluupptökuvél, verð 3.500.000 kr. Kartöflusáningsvél Howard, verð 400.000 kr. Tínslu- og færibönd sýló, verð 150.000 kr. Vigt 0-185 kg. Verð: 150.000 kr. New Holland 7740 - ámoksturstæki, verð 1.700.000 kr. 40 feta kæligámur, verð 550.000 kr. Öll verð án vsk. Nánari uppl. í síma 899-9801.

Til sölu ósamsett bogahýsi, 5x9 m. Selst á 600.000 kr. Staðsett á Suðurlandi. Uppl. í síma 898-5978.

Útsala! Rýmingarsala, stórlækkað verð á rafstöðvum 15 kw 799 þús. + vsk. 30 kw 799 þús. + vsk. Takmarkað magn, útvegum allar stærðir. Uppl. á holt1.is og í síma 435-6662.

Útsala! Dek diesel varaaflsrafstöðvar 400/230 V, 50 Hz, 15 Kw. Verð 799 þ + vsk. 30 Kw, verð 799 þús. + vsk. 5 kw diesel 284 þús. + vsk. Uppl. á Holt1.is ásamt símum 435-6662 og 895-6662.

Til sölu Massey Ferguson 135 árg. 1971, notuð 5.800 vst. Kram allt í góðu lagi sbr. vinnustundamæli. Dekk austan og vestan eru á skalanum 7 af 10 mögulegum. Aurhlífar sunnan og norðan og vélarhlíf að vestanverðu (ljós og grill) þarfnast viðhalds eða endurnýjunar við. Verðið er skitinn 400.000 kall og ef þú átt hann ekki til, svo maður tali nú ekki um þá, sem eiga hann til en tíma honum ekki. Plís ekki hringja með einhver skítakomment og leiðindi. Ef þú ert enn að lesa er síminn 845-0699.

Weckman þak-og veggjastál 0,5 mm galv. kr. 1.550 m2, 0,45 mm. Litað kr. 1.590 m2 0,6 mm, galv. kr. 1.890 m², 0,5 mm, litað. kr. 1.990 m2. Öll verð með virðisaukaskatti. Afgreiðslufrestur 4–6 vikur. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130 eða á netfangið hhaukssonehf@simnet.is

Rafstöðvar á útsölu, nokkur stk. eftir, 15- 25 -30 kw , eitt verð 799 þús. + vsk. Einnig 5 kw loftkældar. Uppl. á Holt1.is og í símum 895-6662 og 435-6662.

Óska eftir

Kaupi alla hvarfakúta og sótsíur undan bílum, flesta á 5.000 kr. stk. Uppl. á friddi84@visir.is eða í síma 785-1615, Friðþór.

Vantar snúningsvél, 4 stjörnu, helst Fellu eða ef einhver á gamla P.Z. Fanex 500 í lagi eða til niðurrifs. Uppl. í síma 847-4892.

Óska eftir drifi í Deutz Fahr Condi-Master 5221. Á sama stað er 2 stjörnu Kuhn múgavél til sölu og einnig eitthvað af heyrúllum. Nánari uppl. í síma 894-0943.

Óskum eftir akri fyrir gæsaveiði. Ekki lengra en 2 klst. akstur frá Rvk. Get vaktað akur, borga sanngjarnt leiguverð. Allt kemur til greina. Uppl. í síma 770-0325, Jóhann.

Óska eftir notuðu mótatimbri 1x6. Óska enn fremur eftir ódýru sexhjóli. Uppl. í síma 894-9249.

Vil kaupa tvískera Kvernelandplóg í góðu standi. Uppl. í síma 434-7879.

Atvinna

Óska eftir laghentum manni eða trésmið til ýmissa starfa á Suðurlandi. Um framtíðarvinnu getur verið að ræða. Uppl. í síma 894-9249.

Laxeyri ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í fiskeldisstöð sem er staðsett í Húsafelli. Stöðin framleiðir laxaseiði fyrir laxveiðiár. Nánari uppl. í síma 848-2245 eða á hofdaholt1@simnet.is

Húsnæði

Stúdíóíbúð í Mosfellsbæ til leigu frá og með 1. sept. ´20. Uppl. í síma 820-6020.

Jarðir

Jörð í Borgarfirði óskast í skiptum fyrir einbýlishús í Hafnarfirði. Einungis er leitað eftir jörð til að búa á, ekki dýrarækt eða til að stunda búskap. Helst stórt einbýlishús, ekki of mörg útihús (enda verða þau ekki nýtt í rekstur), hitaveita er kostur sem og aðgangur að ljósleiðara. Einbýlishúsið í Hafnarfirði er 90 fm á þremur hæðum í miðjum Hafnarfirði. Allar ábendingar vel þegnar. Svör sendast á tölvupósti benni.joh@gmail.com, eða í síma 820-2221.

Góðan dag. Hópur fjölskyldufólks, með börn og barnabörn, er að leita að landi undir um 12 hjólhýsi til heilsársnotkunar á skjólsælum stað. 1–2 hektarar til leigu eða kaups. Undir um það bil 100 km frá Rvk. Við þurfum rafmagn og kalt vatn að lóð, annað gætum við séð um. Uppl. veitir Bjartur í síma 898-5049 og á netfanginu bjartur@myllan.is

Til leigu

Herbergi til leigu í Grafarvogi. 10 mín. gangur að Borgarholtsskóla. Ísskápur, aðgangur að eldhúsi, baði og heimilistækjum. Bankatrygging 2 mán. Hiti, rafmagn, hússjóður og net innifalið. 90.000 kr. á mánuði. Innikisa leyfð. Uppl. á rimaleiga@gmail.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang einar.g9@gmail.com, Einar G.

Tek að mér almenna girðingarvinnu og viðhald á girðingum. Uppl. gefur Hreinn í síma 866-9588, Sveitadurgur ehf.

www.bbl.is

Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0303

Bændablaðið

Frjósemi í Húnavatnshreppi:

Kýrin Snúlla hefur tvisvar borið tvíkelfingum

Bændablaðinu barst mynd af frjósamri kú, Snúllu, á bænum Auðkúlu 1 í Húnavatnshreppi. Hún bar sínum fyrsta kálfi 25. júní 2018 og eignaðist svo tvíkelfing 9. júní 2019, naut og kvígu. Svo bar við að Snúlla bar tvíkelfingum á ný 27. júní síðastliðinn, aftur kvígu og nauti. Faðirinn er enginn annar en heimanautið Kölski.

Fjögurra manna fjölskylda býr á Auðkúlu 1, bændurnir Ásgeir Ósmann Valdemarsson og Karen Ósk Guðmundsdóttir og börnin þeirra, Emil Jóhann og Dagbjört Ósk. Svo eru Tara og Kristal heimilishundarnir og Tumi kötturinn á bænum.

„Við erum með holdanautaræktun og u.þ.b. 85 kýr sem bera. Um 110 kýr munu bera hjá okkur á næsta ári. Síðan höfum við nokkur hross okkur til skemmtunar," segir Karen Ósk, ánægð með sveitalífið og tvíkelfingana hjá Snúllu. Hún segir Snúllu mjög góða móður sem hugsi vel um kálfana sína sem munu ganga undir henni fram á haust.

/MHH



Kýrin Snúlla með kálfana sína tvo. Mynd / Karen Ósk Guðmundsdóttir

Smáauglýsingar Bændablaðsins

Framleiðir þú matvæli?

Með nýjum smáauglýsingaflokki í Bændablaðinu og á bbl.is, sem ber heitið **Matvörur**, geta framleiðendur af öllum stærðum og gerðum komið upplýsingum á framfæri um vöruframboð og vörumerki á hagkvæman og auðveldan hátt.

Verið velkomin í viðskipti

Þín auglýsing birtist í **32 þúsund eintökum** Bændablaðsins sem kemur út á tveggja vikna fresti.

Hægt er að skrá smáauglýsingar í gegnum vef Bændablaðsins, **bbl.is.**

Grunnverð á auglýsingu með mynd og stuttum texta er aðeins **5.800 kr. m. vsk.**

Auglýsingastjóri Bændablaðsins gefur nánari upplýsingar um birtingar í síma 563-0303.



Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Nýr viðskiptavefur Sláturhúss KVH

Í komandi sláturtíð verða breytingar hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga, en í staðinn fyrir að senda út vigtarseðla og afreikninga hefur verið tekinn í gagnið nýr viðskiptavefur þar sem innleggjendur og aðrir viðskiptamenn sláturhússins geta skráð sig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli og nálgast öll sín gögn þar.

„Viðskiptavefurinn er einstaklega einfaldur og þægilegur í notkun og birtast vigtarseðlar, afreikningar og reikningar strax inn á viðskiptavefnum eftir að þeir hafa verið bókaðir. Sláturhúsið mun að sjálfsögðu koma til móts við þá sem treysta sér ekki í að nota viðskiptavefinn og senda í tölvupósti eða bréfpósti til viðkomandi," segir í tilkynningu frá Sláturhúsi KVH.

Allar upplýsingar og leiðbeiningar um notkun viðskiptavefsins má finna á vef sláturhússins www.skvh.is.

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur


Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

BÝ TIL HVAÐ SEM ER - GERI VIÐ ALLT
Laghentur smiður ferðast um landið og tekur að sér verkefni.
- Kjarnaborun, allar stærðir af borum.
- Steypusögun, múrbrot. Fræsun fyrir gólfhita.
- Viðhald og viðgerðir á öllu, s.s. raftækjum.
- Geri við sumarbústaði, smíða hvað sem er inn í hús.
Drífandi ehf.
S. 777-8371 - Netfang: gunnariceman@gmail.com

Komdu á deit
Frábær stefnumótasíða
Fullkomið leitarkerfi þar sem hægt er að leita eftir kyni, kynhneigð, aldri, búsetu, stjörnumerkjum, áhugamálum, persónuleika ofl.
30 daga áskrift aðeins kr. 999
deit.is

Aðalfundur 60plús Laugardal, haldinn 29. júní 2020 skorar á sveitastjórnir, ráðherra og alþingismenn Suðurkjördæmis að vinna að því að húsnæði Háskólans á Laugarvatni, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands, Laugarvatni, Lindarbraut, verði gert að dvalarheimili fyrir aldraða.

Kveðja
Stjórnin.

www.bbl.is



Finnbogi Þórarinsson (t.h.) hefur selt Kletti – sölu og þjónustu fyrirtæki sitt FS Mótor og gengið til liðs við hið fyrrnefnda. Aðalsteinn Jóhannsson hefur verið þjónustustjóri afl- og vinnuvéladeildar Kletts síðastliðin fjögur ár en hann segir mikinn feng í Finnboga fyrir sitt lið sem nú telur hátt í 20 manns. Mynd / Aðsend

Klettur – sala og þjónusta fær góðan liðstyrk

Klettur – sala og þjónusta ehf. festi nýverið kaup á starfsemi FS Mótor ehf. af Finnboga Þórarinssyni, stofnanda og eiganda fyrirtækisins, sem jafnframt hefur hafið störf á þjónustuverkstæði afl- og vinnuvéladeildar Kletts.

Klettur, sem um árabil hefur verið leiðandi í sölu og þjónustu á vinnuvélum, aflvélum í skip og báta og rafstöðvum, hyggst með þessu auka enn frekar við þjónustuframboð sitt. Finnbogi Þórarinsson er vel kunnur á þessu sviði, hann hefur frá því laust fyrir aldamót starfrækt FS Mótor og sérhæft sig í viðhaldi, viðgerðum og endurgerð skipa- og bátavéla.

Að sögn Finnboga hefur hann í gegnum tíðina unnið mikið við CAT-vélar og ávallt átt mikið og gott samstarf við Klett sem og forvera fyrirtækisins, vélasvið Heklu. „Það er gott að hafa núna meira afl á bak við sig; neyðarþjónustu, sólarhringsvakt og aðgengi í lager auk þess sem það verður gott að losna við alla pappírsvinnu og þess háttar," sagði Finnbogi og kvaðst mjög ánægður með þessar breytingar á högum sínum.

Þjónustuverkstæði afl- og vinnuvéladeildar er með vakt allan sólarhringinn, deildin er mjög tæknivædd og sinnir m.a. bilanagreiningu gegnum fjargæslubúnað hjá 8–10 fiskiskipum. Þetta einfaldar bilanaleit og styttir verulega þann tíma sem skipin þurfa að staldra við í landi vegna viðhalds og viðgerða. Á bilinu 160–170 vinnuvélar eru einnig búnar tölvum sem þjónustuverkstæðið getur tekið yfir gegnum netið til eftirlits og greininga. Loks má nefna að afl- og vinnuvéladeild Kletts sinnir eftirliti og viðhaldi rafstöðva víða um land samkvæmt þjónustusamningum við sjúkrahús, Isavia, Mílu og fleiri aðila. */EHG*

Kórónasmituðum minkum verður ekki slátrað

Nýlega var þúsundum minka á þremur minkabúum á Norður-Jótlandi í Danmörku slátrað eftir að upp komst um kórónusmit á búunum. Nú hafa dönsk yfirvöld gefið út að hér eftir verði kórónasmituðum minkum ekki slátrað heldur verða starfsmenn búanna skyldaðir til að bera munnbindi við störf.

Nýju reglurnar, sem taka gildi nú í júlí, þýða aukið vægi sjúkdómsvöktunar á dýrunum og að hindra smit. Nú verða allir starfsmenn minkabúa í landinu að bera munnbindi, hanska og nota sótthreinsispritt en með því minnka líkurnar á að smit berist. Allar heimsóknir á minkabú í landinu eru nú bannaðar. Einnig þurfa öll minkabú í Danmörku, sem eru um 1.200 talsins, að skila inn sýnum frá sínum búum í þrjár vikur. Hingað til hefur Matvælastofnun í landinu framkvæmt tilviljunarkenndar sýnatökur á tíunda hverju minkabúi í landinu svo nú verður aukið enn frekar í sýnatökuaðgerðir í landinu. Mælt hefur verið með því að eigendur og starfsmenn minkabúa í landinu fari reglulega í sýnatökur til að koma í veg fyrir og stöðva útbreiðslu kórónuveirunnar.

/ehg – landbrugsavisen.dk


Martin Merrild, formaður Landbrug og födevarer, er minkabóndi. Allar heimsóknir á minkabú í Danmörku eru nú bannaðar. Mynd / Aðsend

FERÐAÞJÓNUSTA

Tjaldsvæðið Systragil við Vaglaskóg
Í skjóli trjáa við lindina hjalandi.
Frábær aðstaða, nægt rafmagn, gönguleiðir, golf, stutt til Akureyrar, á Húsavík og í Mývatnsveit.

TJALDSVÆÐIÐ SYSTRAGIL
www.systragil.is sími 860-2213



Verð frá 10.000 krónur nóttin með morgunmat.
Frábært sumartilboð fyrir þá sem eiga erindi í borgina. Erum í næsta nágrenni Smáralindar, fjölda veitingastaða og annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Aðgengi hótelsins er einstaklega þægilegt og frí bílastæði fyrir gesti.
201 HOTEL
201hotel.is - info@201hotel.is - S. 556-1100
Bókið með því fara heimasíðuna okkar og notið orðið "SumarBaendur" í Promocode.



Rússnesk rolla, drykkur þar sem mjólkin kemur ylvolg úr ærspena. Myndir / Aðsendar

Frumleg útgáfa af hinu heimsþekkta hanastéli White Russian:

Kokteill úr sauðamjólk

Andri Davíð Pétursson heldur úti heimasíðunni viceman.is þar sem hann fjallar um allt sem viðkemur fljótandi veigum en hann heldur líka úti hlaðvarpinu „Happy Hour með The Viceman“. Andri er framreiðslumaður að mennt og hefur vakið athygli fyrir að fara sínar eigin leiðir þegar kemur að blöndun drykkja, svo ekki kom það mörgum á óvart þegar hann kynnti til leiks nýjan íslenskan kokteil úr sauðamjólk.

Á undanförnum árum hefur Andri þróað sinn eigin barþjónastíl sem byggist að miklum hluta á nýtingu íslensks hráefnis eins og villtum jurtum og öðru sem fáum dettur í hug að geti nýst í drykki. Andri hefur á síðastliðnum árum sérhæft sig í drykkjargerð. Árið 2016 vann Andri fyrstu World Class Bartender of the year-keppnina sem haldin var á Íslandi. Síðar sama ár keppti hann á móti 56 bestu barþjónum heims í aðalkeppni World Class Bartender of the Year í Miami.



Framreiðslumaðurinn Andri Davíð Pétursson hristir rússnesku rolluna.

Rússnesk rolla

Í maí lá leið Andra á Skarð í Lundarreykjadal þar sem hann aðstoðaði frændur sína í sauðburði. Þar datt Andra í hug að búa til frumlega og skemmtilega útgáfu af hinu heimsþekkta hanastéli White Russian, eða hvítum rússa. Upprunalega uppskriftin kallar á vodka, kaffilíkjör og rjóma en Andri vildi prófa óhefðbundna nálgun og skipti rjómanum út fyrir sauðamjólk. Var mjólkin sótt beint á spena inni í fjárhúsi og drykkurinn hristur á staðnum. Útkoman kom skemmtilega á óvart og varð til nýr drykkur sem fékk nafnið Rússnesk rolla.

Þann 28. maí veitti markaðsstofan Icelandic Lamb veitingastöðum Award of Excellence-viðurkenningar og bauð Andri gestum að smakka þessa nýjustu viðbót við íslenska drykkjarmenningu.

Aðspurður sagði Andri sauðamjólkina einstaka vegna þess hve fitusprengd hún er. „Áferðin er einstaklega mjúk og ljúffeng sökum þess, þar að auki hentar sauðamjólk vel til kokteilgerðar af því að þurrefnisinnihald hennar er hátt.“ Rannsóknir hafa sýnt að próteinsamsetning sauðamjólkur er önnur en kúamjólkur og gæti fólk sem hefur óþol gagnvart kúamjólk í einhverjum tilfellum neytt sauðamjólkurvara eins og Rússneska rollu án óþæginda.

Sauðamjólk til manneldis

Ísland er gott dæmi um land þar sem nýting á sauðamjólk til manneldis hefur lagst af vegna mikilla breytinga í landbúnaði. Mjólk sauðkindarinnar hefur haft töluverða þýðingu í fæðuöflun mannkyns í gegnum tíðina en vinsældir hennar hafa dalað töluvert síðustu aldir. Í sumum löndum hefur þó hefð fyrir nýtingu hennar lifað góðu lífi þrátt fyrir hraða þróun landbúnaðar. Algengast er að mjólkin sé nýtt til ostagerðar en sauðaostar eru eftirsótt og verðmæt matvara víða um heim.

Þó nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að hefja nýtingu á sauðfjármjólk á Íslandi og hafa þær gengið misvel. Í dag fer framleiðsla á matvörum úr sauðamjólk fram á Egilsstöðum í Fljótsdal en þar mjólkar Ann-Marie Schlutz sauðfé á sérstökum mjaltabás. Fyrirtæki hennar, Sauðagull ehf., stefnir að því að endurvekja íslenska sauðamjólkurhefðir og framleiða nútímalegar matvörur úr mjólkinni, til dæmis osta og súkkulaði. Það má því segja að mikill kraftur sé í nýsköpun með sauðamjólk í dag og leynast næg tækifæri fyrir þessa vannýttu auðlind í framtíðinni.

Rússnesk rolla


30 ml vodka
30 ml kaffilíkjör
30 ml sauðamjólk

Öll hráefni hrist saman án klaka og svo með klaka.

Kokteillinn sigtaður í kælt glas með klaka.

/VH

Bændablaðið
Kemur næst út
20. ágúst
Fréttir á bbl.is





Kurlararnir komnir

Ansi öflug verkfæri með 15 hp bensínmótor, blæs kröftuglega frá sér.

Tekur allt að 100 mm. Auka hnífasett fáanlegt.

Verð á samsettu tæki kr 259.000.- með vsk.

Vír og lykkjur ehf. S. 772-3200

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
– STARTARAR OG ALTERNATORAR –



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarlæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanapéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppi 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir *bassakeilur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóður. Rafgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir *alternatora.* Kúplingsdrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternatora.*
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Færibanda-reimar
Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

Alternatorinn eða startarinn bilaður?
Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.
Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.
Sendum um allt land.
www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík
PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

íslenska

Spergill, spergill, herm þú mér

Inniheldur 89% vatn

Sumir telja að spergilkál stuðli að heilbrigðum hárvexti, enda skartar það sjálft þéttum og fallegum krullum sem öll heimsins hárnæring gæti aldrei toppað.



KOLEFNISJAFNAÐ
KOLVIÐUR
ICELAND CARBON FUND
FRÁ BÓNDA TIL ÞÍN

islenskt.is

Sölufélag garðyrkjumanna
Íslenskt grænmeti
Þú veist hvaðan það kemur